



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

23. júní 2005 - 168. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7530

FIMMTUDAGUR

Núna er lag

Árni Snævarr segir það hafa tekið Íslendinga lengri tíma að efnaloforð sitt um aukin framlög í þróunarhljálpi en þau ríki sem við berum okkur helst saman við. Nú sé hins vegar lag til úrbóta.



UMR/EDAN 24

Spjallað við kýr og striplast í grasinu

Jónsmessan er á morgun. Jóhannes skírari á að hafa fæðst þennan dag og heitir Jónsmessan í höfuðið á honum. Samkvæmt þjóðtrúnni á aðfaranótt hennar, Jónsmessunótt, að vera mjög sérstök og dulúðug. Fréttablaðið skoðar þá síði sem tengjast Jónsmessunni.

JÓNSMESSA 38




Hljómsveitin Minus

Rokksveit Íslands hitar upp fyrir Foo Fighters á Reykjavík Rocks.

FÓLK 50

VEÐRIÐ Í DAG



FREMUR HÆG NORDLÆG EÐA BREYTILEG ÁTT Í DAG Yfirleitt úrkomulítið utan stöku þokubakka með ströndum. Víða bjart.

Veður 4



16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Allar nánari upplýsingar: www.hoteledda.is | Sími 444 4000

Ríkisendurskoðun skammarráðherra vegna aðgerðaleysis

Ríkisendurskoðun átelur ráðuneyti fyrir að fylgjast illa með útgjöldum stofnana sinna. Í nýrri skýrslu er talað um veikleika í fjármálastjórn hins opinbera sem ekki verði lengur unað við.

FJÁRLÖG Ríkisendurskoðun segir að forstöðumenn og ráðuneyti bregðist of seint við þegar ljóst sé að rekstur stofnana kosti meira en sem nemur fjárveitingum. Alvarlegir misbrestir eru á framkvæmd fjárlaga að mati Ríkisendurskoðunar og kemur það meðal annars fram í því að um 120 ríkisfyrirtæki og stofnanir af 520 fara meira en fjögur prósent fram úr heimildum, en við þau mörk skal grípa til sérstakra aðgerða samkvæmt reglugerð sem í gildi er. Þetta kemur fram í skýrslu sem Ríkisendurskoðun birti í gær um framkvæmd fjárlaga síðasta árs. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráðuneyti og forstöðumenn grípi til aðgerða strax

enda stefni ljóslega í óefni. Að mati stofnunarinnar kemur til greina að stöðva greiðslur til stofnana þar til gripið er til viðeigandi ráðstafana. Fram kemur í skýrslunni að stundum hafi forstöðumenn ríkisstofnana lagt til sparnaðaraðgerðir en ráðuneytin þá beðið þá um að staldra aðeins við. Þetta eigi sérstaklega við þegar um sé að ræða skerðingu á þjónustu sem geti verið erfitt að réttlæta í pólitískum skilningi. Af þessum sökum telji forstöðumenn sig því vera í góðri trú um að viðkomandi ráðuneyti sjái til þess að viðbótarfjárhæimild fái. Gangi það ekki eftir geti stofnunin á endanum setið uppi með óviðráðanlegan halla.


HALLAREKSTUR TÍU VERST SETTU STOFNANANNA 2004

	1. jan.	Fjárhæimild	Afkoma	31. des.
Sendiráð Íslands	-107,5	1.565,9	-228,1	-335,6
Háskólinn á Akureyri	-126,8	754,0	-107,8	-234,6
Framkvæmdasj. aldraðra	-133,0	904,0	-60,6	-193,6
Heilbrigðisst. Suðurnesjum	-76,4	1.046,3	-86,8	-163,2
Landbúnaðarhásk. Hvanneyri	-37,2	193,3	-98,1	-135,3
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-75,3	220,0	-31,0	-106,3
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-50,9	550,3	-47,4	-98,3
Heilbrigðisst. Vestmannaeyjum	-62,6	470,0	-31,0	-93,6
Embætti forseta Íslands	-36,8	128,7	-48,6	-85,4
Yfirdýralæknir	-54,9	377,6	-25,4	-80,3

Taflan sýnir stofnanir sem hófu árið 2004 með uppsöfnuðum halla og enduðu það með enn meiri hallarekstri.

„Veikleikar í fjármálastjórninni hafa leitt til þess að úgjaldapróun fjölmargra fjárlagaliða er með þeim hætti að ekki verður við unað lengur,“ segir í skýrslunni. Vakin er athygli á að fjárlaganefnd hafi við

afgreiðslu fjárlaga óskað eftir að ráðuneytin upplýstu um stöðu mála. „Nánast undantekningalaust hafa ráðuneytin ekki getað orðið við þessari beiðni,“ segir orðréttt í skýrslu Ríkisendurskoðunar. -jh



PRESTAR OG DJÁKNAR Í PRÓSESSÍU Prestar og djáknar gengu í prósessíu frá safnaðarheimili Dómkirkjunnar að kirkjunni sjálfri þar sem messað var vegna upphafs prestastefnunar klukkan sex í gær. Mikið hefur verið rætt að undanförunu um rétt samkynhneigðra til hjónavígslu og verður afstaða kirkjunnar til þess væntanlega rædd á þessari prestastefnu. Á meðal fjölmargra erlendra gesta voru séra Michael Kurtz, prestur Vestur-Íslendinga í Winnipeg, og Richard Smith, biskup í sömu borg.

Landlæknir: Sjálfsvígum fækkar

HEILBRIGÐISMÁL Sjálfsvígum karla 24 ára og yngri hefur fækkað um rúmlega helming frá árabiliinu 1999 til 2001. Í þeim aldershópi hefur sjálfsvígum fjölgað mest. Ekki hefur orðið marktæk breyting á sjálfsvígstíðni hjá konum á þessu tímabili. Einnig kom fram að mun fleiri konur gera tilraunir til sjálfsvígs en ungir karlar.

Þetta kom fram þegar Landlæknisembættið kynnti í gær nýja úttekt á tíðni sjálfsvíga. Embættið setti fyrir þremur árum af stað forvarnarverkefnið Þjóð gegn þunglyndi. Hefur það meðal annars beint starfi sínu inn í framhaldsskóla landsins. Samkvæmt úttektinni eru margir þeirra sem eru þunglyndir með námsörðugleika.

Sjá síðu 18/ -jss

Innflutningur á erlendum landbúnaðarvörum:

Von til að tollar lækki verulega

LANDBÚNAÐARSTYRKIR Tollar á landbúnaðarvörum munu hugsanlega lækka um 50 til 70 prósent á næsta ári í kjölfar nýs samnings við alþjóðaviðskiptastofnunina WTO sem landbúnaðarráðuneytið vinnur nú að.

Þetta segir Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, en í nýrri skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD kemur fram að opinberir styrkir til bænda séu hlutfallslega hæstir á Íslandi. Sam-

kvæmt skýrslunni fá íslenskir bændur 69 prósent tekna sinna í formi opinberra styrkja.

„Inni í þessum stuðningi er allur stuðningur til bænda, bæði beingreiðslur og markaðsstuðningur sem er í formi tollaverndar,“ segir Ólafur. „Það er tollaverndin sem hleypir þessu aðallega upp,“ segir hann.

Hann segir landbúnaðarskilvörð afar erfið vegna legu landsins og því sé stuðningur við bændur hér en jafnframt séu

styrkirnir að hluta byggðatengdur stuðningur.

Hann bendir á að verið sé að gera nýjan WTO-samning sem hugsanlega verði kláraður í byrjun næsta árs. „Í honum verður samið um umtalsverða lækkan eða afnám tolla á landbúnaðarvörum og einnig lækkan á heildarstuðningi, en beinn stuðningur hefur farið hlutfallslega lakkandi á Íslandi á undanförunum árum,“ segir Ólafur.

Sjá síðu 8/ -sda

Fást á þjónustustöðvum

ESSO

1604 / 16 10



SPURNING DAGSINS

Bergþóra, er þú að kortleggja vandamálið?

„Já, og það er alveg út úr kortinu.“

Bergþóra Karen Ketilsdóttir er forstöðumaður hjá Mastercard. Talið er að tölvuprófari í Bandaríkjunum hafi komist yfir hundruð greiðslukortanúmera frá Íslandi sem þurfti að loka í kjölfarið.

Átökin um yfirráðin í Sparisjóði Hafnarfjarðar:

Ekki nóg að ráða meirihluta

VÍBSKIPTI Flókið kann að reynast að yfirtaka Sparisjóð Hafnarfjarðar. Hvorki er nóg að eignast 50 prósent né 90 prósent stofnfjár í sjóðnum ef aðrir eigendur leggja stóran hluta gegn yfirtökunni.

Enginn einstakur stofnfjareigandi má fara með meira en fimm prósent af heildarstofnfjaramagninu í sparisjóði, hvorki með beinum né óbeinum hætti. Ef þrjú stofnfjareigendur, af þeim 47, sem eiga stofnfé sparisjóðs, myndu neita að selja bréf sín til þess sem kys að yfirtaka sjóðinn eru kaupin fallin. Stofnfjareigendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar ráða að meðaltali

um 2,2 prósentum af atkvæðamagni og því hafa þrjú, sem vinna saman, 6,6 prósent stofnfjár á móti fimm prósentum hugsanlegs eigenda sem gæti átt tæp 94 prósent stofnfjár. Þá myndu 90 prósent atkvæða verða óvirk.

Hugsanlegt er að fara fram hjá þessu með stofnun eignarhaldsfélaga sem eiga hvert um sig fimm prósent af stofnfé. Jafnvel þótt sú leið yrði farin er óvíst hvort Fjármálaeftirlitið heimilaði eignarhaldsfélögunum að fara með atkvæðisrétt, sem er í samræmi við eignarhluti, ef sami aðili eða tengdir aðilar eiga öll félögun.

- eþa



YFIRTAKA Á SPARISJÓÐI Það er hægra sagt en gert að yfirtaka Sparisjóð Hafnarfjarðar. Til þess þarf nær 95 prósent stofnfjárbréfa. Lausnir gæti falist í því að stofna eignarhaldsfélög utan um stofnfjareign.

Sparisjóðsdeilur:

Stefnir í sátt í Skagafirði

SKAGAFIRÐUR Aðalfundur Sparisjóðs Skagafirðinga, áður Sparisjóður Hólahrepps, verður haldinn klukkan hálf tvö í dag. Miklar deilur hafa staðið milli tveggja stofnfjareigendahópa sem buðu fram sitt hvorn listann á aðalfundi í nóvember síðastliðnum, en mögulegt er að sættir náist á fundinum í dag. Samkvæmt heimildinum Fréttablaðsins hafa hóparnir rætt mikið saman síðustu daga. Ekki fékkst staðfest í gærkvöld að samkomulag hefði náðst en allir sem blaðið talaði við um málið voru bjartsýnir á að fundurinn yrði góður.

-grs



MÓTSNEFNDIN Gestur Geirsson, Ómar Pétursson, Hanna Dögg Marónsdóttir og Jón Birgir Guðmundsson.

Arctic Open á Akureyri:

Í blóðrauðri miðnætursól

GOLF Alþjóðlega golfmótið Arctic Open var sett í nítjándu sinn á Jaðarsvelli á Akureyri í gærkvöld en mótinu lýkur á laugardag. Alls eru 159 innlendir og erlendir þátttakendur skráðir til leiks og segir Jón Birgir Guðmundsson mótsstjóri að vinsældir mótsins fari vaxandi með hverju árinu. „Við lokuðum á skráningar um miðjan maí en áhuginn var slíkur að við hefðum getað skráð hátt í eitt hundrað þátttakendur til viðbótar.“

Þó svo að lágskýjað hafi verið í gærkvöld segir Jón Birgir að veðurútliti sé gott og líkur á að leikið verði golf á Akureyri í blóðrauðri miðnætursól tvær næstu nætur.

-kk

HÉRAÐSDÓMUR

STAL PENINGUM Á BROADWAY

29 ára gömul kona var dæmd í mánaðarfangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að stela í lok nóvember í fyrra tösku með 150.000 krónum af skrifstofu skemmtistaðarins Broadway í Reykjavík. Dómurinn er skilorðsbundinn í eitt ár.

STÁLU TÖLVUBÚNAÐI Tveir menn voru dæmdir í sex og tveggja mánaða fangelsi fyrir innbrot í fyrirtæki og stofnanir í Reykjavík í janúar á þessu ári. Mennirnir stálu tölvubúnaði fyrir um 120 þúsund krónum. Refsingur beggja var frestað gegn því að þeir héldu skilorð í tvö ár.

Geymir sakar ASÍ um ærumeiðingar

Lögmaður Geymis ehf. segir að ASÍ kunni að hafa brotið meiyrdalöggjöf með ummælum sínum um fyrirtækið. Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ segir að samtökin standi við öll ummæli og fagnar þróun málsins.

ATVINNUMÁL Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Geymis ehf., segir að mögulegt sé að ASÍ hafi brotið gegn meiyrdalöggjöf með ummælum sínum um fyrirtækið í gær. Þetta kemur fram í bréfi sem Eiríkur hefur skrifað ASÍ fyrir hönd umbjóðanda síns.



EIRÍKUR ELÍS ÞORLÁKSSON Telur ASÍ mögulega hafa brotið meiyrdalöggjöf.



HALLDÓR GRÖNVOLD Segir að ASÍ standi við öll ummæli.

Ummælin sem Eiríkur vísar til eru ýmis orð sem látin voru falla í viðtölum við forsvarsmenn ASÍ gær vegna máls Pólverjanna sem Geymir ehf. réð til vinnu en Pólverjarnir telja að brotið hafi verið á rétti sínum með ýmsum hætti eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

„Við erum núna að reyna að leysa þetta mál með því að eiga fund með þeim starfsmönnum sem eiga í hlut. Okkar vilji hefur alltaf staðið til þess að leysa þetta mál þrátt fyrir þessa aðför ASÍ að málinu. Við höfum óskað eftir því að hitta ASÍ nú aftur eftir að þeir höfnuðu því að eiga fund með okkur í fyrradag. Við vonumst til þess að þeir verði við þeirri beiðni okkar,“ segir Eiríkur.



HEIMILI PÓLSKA VERKAFÓLKINS Pólverjarnir hafa kvartað yfir slægum aðbúnaði húsnæðis sem þeim hefur verið úthlutað.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, hafnar því að ummæli sem hann og aðrir forsvarsmenn ASÍ hafi haft í frammi brjóti á nokkurn hátt í bága við meiyrdalöggjöf. „Við stöndum við allt það sem sagt hefur verið fram að þessu,“ segir Halldór. Hann segir að ASÍ hafi borist bréf lögmanns Geymis og fallist verið á fund með forsvarsmönnum þess og lögmanni í dag.

„Það hafa komið fram ýmis ný gögn í málinu sem hafa orðið til

þess að við erum tilbúnir að eiga fund með fyrirtækinu. En það sem kannski mestu máli skiptir er að mér hefur borist það til eyrna að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi gert upp ýmis vangoldin gjöld sem er ánægjulegt. Það staðfestir að okkur vinna er að skila árangri. Við erum núna að reikna út hversu miklar kröfur starfsmenn fyrirtækisins eiga á hendur fyrirtækinu og munum ræða það þegar við hittum þá,“ segir Halldór. hjalmar@frettabladid.is



SKOTIÐ Á SÍMASTAUR Í gegnum tíðina hafa rúður brotnað í bæjarskrifstofum Seyðfirðinga og myndir fallið af veggjum þegar fallbyssumeistarinn lætur skotin ríða af.

17. júní á Seyðisfirði:

Skaut á símastaur

MEISTARASKOT Jóhann Sveinbjörnsson, fallbyssumeistari Seyðfirðinga, skýtur úr fallbyssunni við bæjarskrifstofurnar á Seyðisfirði á 17. júní ár hvert, sem og við önnur hátiðleg tækifæri. Í ár vildi það til að skotið hitti topp á gömlum símastaur sem settur hafði verið upp við bæjarskrifstofurnar í fyrra í tengslum við Símasýningu Tæknimínjasafns Austurlands. Engan sakaði en nokkuð kvarnaðist úr staurnum. Jóhann var hinn ánægðasti með skotið enda segja Seyðfirðingar að hann telji skot ekki fullkomið nema eitthvað smávægilegt skemmist.

-kk

Manchester United:

Tekið af markaði

MANCHESTER, AP Knattspyrnuliðið Manchester United var í gær afskráð af hlutabréfamarkaði í London. Liðið hafði verið á markaðnum í fjórtán ár, en nýr eigandi þess, Malcolm Glazer, hafði lýst því yfir að hann myndi taka það af markaðnum. Glazer sagðist hinn 14. júní eiga 97,3 prósent allra hlutabréfa í félaginu.

Búist er við því að hann gefi frá sér yfirlýsingu á mánudag, en þá rennur út lokafrestur þeirra sem eiga hlut í félaginu til að selja hann til Glazers.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opíð virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkín 4, s: 533 3500

Athugun á kosningum í Samfylkingunni lokið:

Ekkert óeðlilegt við varaformannskjörið

SAMFYLKINGIN Sérstök athugun á framkvæmd landsfundar Samfylkingarinnar í maí síðastliðnum leiddi meðal annars í ljós að ekki var reynt að kjósa fyrir aðra í varaformannskjöri flokksins. Stuðningsmenn Ágústs Ólafs Ágústssonar voru sakaðir um óheildarlega kosningasmölu og jafnvel kosningasvik af áðurgreindum toga eftir að Ágúst Ólafur náði yfirburðakosningu í varaformannskjöri fundarinnar.

Gunnar Svavarsson, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, segir í samantekt um málið að 15 manns hafi sinnt eftirliti með varaformannskjörinu og sérstaklega vel hafi verið fylgst með því þar sem um var að ræða fyrstu rafræna kosningarnar. Kosning í öll embætti á landsfundi Samfylkingarinnar hafi verið lögmatar og í samræmi við reglur flokksins.



AÐ LOKNU VARAFORMANNSKJÖRI Í SAMFYLKINGUNNI Sérstaklega var fylgst með framkvæmd varaformannskjörsins enda fyrsta rafræna kosningin á landsfundinum.

Samkvæmt reglum flokksins liggur fyrir að liðlega tvö þúsund félagsmenn áttu rétt til setu á landsfundinum en það stafar af

verulegri fjölgun í Samfylkingunni í aðdraganda landsfundarinnar.

-jh

Það verður á laugardaginn



ÍSLENSKA AUGLÉINGARSTOFNAN ÍSALÍÐ, TÖL 24724 447245



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,45	65,77
Sterlingspund GBP	119,20	119,78
Evra EUR	79,36	79,80
Dönsk króna DKK	10,66	10,72
Norsk króna NOK	10,09	10,15
Sænsk króna SEK	8,57	8,62
Japanskt jen JPY	0,60	0,61
SDR	XDR	95,89 96,47

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinnuslys í Brynjudal:

Rotaðist í Hvalfirði

LÖGREGLA Maður var fluttur á slysadeild Landspítala - háskóla-sjúkrahúss eftir vinnuslys í Brynjudal í Hvalfirði nokkru fyrir hádegi í gær.

Maðurinn fékk högg á höfuðið og missti við það meðvitund þegar hann var að losa slyskju sem rann til og skall á hann. Að sögn lögreglu í Reykjavík er talið að maðurinn hafi fengið heilahristing, en líðan hans er nokkuð eðlileg miðað við aðstæður. Vinnueftirlitið rannsakar tildrög slyssins. -óka

Reykjanesbær:

Eldur í ónýtri rútu

LÖGREGLA Slökkvilið Reykjanesbæjar var kallað að Helgúvík rétt eftir klukkan fjögur á aðfaranótt miðvikudags en þar logaði eldur í ónýtri rútu á ruslahaug. Í greinargerð lögreglu um málið kemur fram að tjón hafi ekki hlotist af og slökkvilið slökkti í rútnni.

Sömu nótt kærði lögreglan í Keflavík tvo ökumenn fyrir að aka of greitt á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund, einn var kærður fyrir að vera með útrunnin ökuréttindi og annar fyrir stöðvunarskyldubrot. Þá var í gærdeg ökumaður kærður fyrir gáleysislegan akstur á Hafnargötu í Keflavík. -óka

LÖGREGLUFRETTIR

TENGVAGN VALT Í JÖKULDAL

Tengivagn flutningabíls valt við þjóðveg eitt í Jökuldal klukkan hálf sex í gær. Engin slys urðu á fólki en vagninn er ónýtur og flutningabíllinn sjálfur er lítið skemmdur. Loka varð veginum í klukkustund meðan verið var að koma vagninum af vettvangi.

Viðskiptaráðherra braut gegn andmælarétti:

Gaf Landsvirkjun virkjanaleyfi á einkajörð

DÓMSMÁL Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra braut gegn andmælarétti landeigenda Reykjahlíðar með leyfisveitingu til Landsvirkjunar vorið 2002. Þetta var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Leyfi Landsvirkjunar var þó ekki fellt úr gildi en málskostnaður var felldur niður.

Vorið 2002 fékk Landsvirkjun leyfi til að rannsaka jarðhita í landi Reykjahlíðar og um leið virkjanaforgangsrétt. Ríkið átti frá árinu 1971 nýtingarétt á hluta jarðhita á landinu en leyfið náði einnig til þess hluta sem landeigendur Reykjahlíðar réðu, án þess að það væri borið undir þá.

Peir áttu á sama tíma í samninga-viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um mögulegar virkjanaförkum á sínum hluta. Þótt ráðherra hafi ekki greint landeigendum frá leyfinu taldi dómurinn sannað að einhverjir þeirra hefðu frétt af því frá Landsvirkjun. Þar sem ekki var kært fyrir en í árslok 2004 taldi héraðsdómur brot á andmælarétti ekki nægja til að nema leyfið úr gildi, þar sem Landsvirkjun hafði þegar hafið rannsóknir.

- grs

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Ræddi ekki við landeigendur í Reykjahlíð í Mývatnssveit.



Þorsk- og ýsukvóti verður óbreyttur

Heildarkvótinn verður óbreyttur á næsta fiskveiðarári mældur í þorskígildum. Sjávarútvegsráðherra heldur sig við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar í helstu bolfisktegundum en fer allt að 75 prósent fram úr ráðgjöfinni í öðrum tegundum.

SJÁVARÚTVEGUR Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra heldur sig við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og heimilar veiðar á 198 þúsund tonnnum af þorski og 105 þúsund tonnnum af ýsu á næsta fiskveiðarári.

Heildarkvótinn í þorskígildistonnnum verður óbreyttur, 354 þúsund tonn. Miðað við óbreytt gengi krónunnar gerir sjávarútvegsráðherra ráð fyrir að útflutningsverðmæti verði um 130 milljarðar króna á næsta fiskveiðarári, átta milljörðum króna meiri en á því fiskveiðarári sem nú stendur yfir.

Sjávarútvegsráðherra heimilar veiðar á 80 þúsund tonnnum af ufsa, 57 þúsund tonnnum af karfa, 15 þúsund tonnnum af grálúðu og 13 þúsund tonnnum af steinbít. Þetta er í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir í mánuðinum. Hins vegar heimilar sjávarútvegsráðherra veiðar á 75 prósentum meiri skrápflúru en fiskifræðingar ráðlögðu, 60 prósentum meira af sandkóla en ráðlagt var og 25 prósentum meira af skarkóla en Hafrannsóknastofnunin taldi ráðlegt að veiða.



ÁRNI MATHIESEN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Kvótinn verður óbreyttur á næsta fiskveiðarári mældur í þorskígildum.

Spurður um það hvort þessar tegundir þoli veiðar umfram ráðgjöf frekar en þorskur eða ýsa svarar Árni því til að



HEIMILDIR Í ÞORSKI OG ÝSU VERÐA ÓBREYTTAR FRÁ RÁÐGJÖFINNI Skrápflúruveiðar mega fara 75 prósent fram úr ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

miklar sveiflur hafi verið í ráðgjöfinni varðandi sumar tegundir. „Líka hefur það komið fyrir að menn hafa ekki veitt upp í heimildirnar og talið hagkvæmara að flytja kvótann yfir í aðrar og verðmætari tegundir. Þetta er líka afli sem kemur upp með öðrum tegundum. Þótt ekki sé farið alls kostar eftir ráðgjöfinni að því er

þessar tegundir varðar vísa ákvarðanirnar í sömu átt og tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar.“ Árni kveðst ekki reyna að beina flotanum í aðrar tegundir þegar útvegurinn sæti skerðingu kvóta á þorski eða öðrum bolfisktegundum: „Enda er skerðingin í þorskveiðunum tiltölulega lítil“.

johannh@frettabladid.is

Hollendingur dæmdur:

Misnotaði unga drengi

KAMBÓDÍA, AP Hollenskur karlmaður hefur verið dæmdur í tíu ára fangelsi í Kambódíu fyrir að beita sex kambódíska drengi kynferðislegu ofbeldi. Lögreglan handtók Hollendinginn eftir að hafa komið að honum með tveim drengjum í áhlaupi á hótélherbergi hans fyrir nokkru. Þar lagði lögreglan hald á 52 ljósmyndir sem sýndu hann og fleiri drengi nakta.

Barnaníðingur hafa löngum sótt Kambódíu heim vegna slakrar lög-gæslu og spillingar í dómkerfinu. Undanfarið hefur lögreglan tekið harðar á ferðamönnum sem sækja í börn. ■



Bæjarstjórnin á Siglufirði, Runólfur Birgisson, og Hildur Una Óðinsdóttir, formaður Sjálfsbjargar á Siglufirði, tóku á móti Kjartani við komuna til Siglufjarðar.

Hringróðurinn:

Kominn til Siglufjarðar

STYRKJARRÓÐUR Kjartan Jakob Hauksson, róðrarkappinn sem hyggst róa hringinn í kringum landið til styrktar Sjálfsbjörg, kom til Siglufjarðar um klukkan 16 í gær. Var hann hinn hressasti við komuna þangað þrátt fyrir að árafesting hafi gefið sig í mynni fjarðarins. Gert var við festinguna á Siglufirði og reiknaði Kjartan með að halda áleiðis til Húsavíkur í gærkvöld.

Kjartan hélt frá Höfðaströnd til Siglufjarðar klukkan 8 í gærmorgun og hreppti ágætt en vætusamt veður á leiðinni. -kk

Vildi fá rúmar 4 milljónir:

Eggert tapaði í héraði

DÓMSMÁL Eggert Haukdal, fyrrum oddviti Vestur-Landeyjahrepps, tapaði í gær máli sem hann höfðaði á hendur hreppnum í febrúar árið 2002 til greiðslu á rúmlega fjórum milljónum króna auk dráttarvaxta. Sveitarfélagið, sem heitir nú Rangárbæingur, var sýknað af kröfum Eggerts og honum gert að greiða því hálfu milljón króna í málskostnað.


Dóminn kvað upp Ingvaldur Einarsdóttir hestaréttardómari, en hún naut í málinu aðstoðar með-dómsmannanna Önnu Kristínar Traustadóttur, löggilts endurskoðanda og Garðars Valdimarssonar hestaréttarlögmanns og löggilts endurskoðanda. -óka

VEÐRIÐ Í DAG


BJART VÍÐA Í DAG

Í dag verður norðvestan- eða breytileg átt. Yfirleitt fremur hæg, en það er helst að það hreyfi vind við vesturströndina. Það verður yfirleitt úrkomulítið í dag, utan stöku þokubakka hér og hvar við ströndina. Hitinn verður á bilinu 8-16 stig, hlýjast sunnanlands. Á morgun og um helgina er útlit fyrir nokkuð stífar suðvestlæggar áttir með einhverri vætu vestanlands. Þurrar annars og nokkuð bjart austanlands.


Í dag



Á morgun



Laugardagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	19°C sk.m.köflum	Algarve	28°C þrumur
Oslo	20°C sk.m.köflum	Mallorca	24°C heiðskirt
London	27°C sk.m.köflum	Krít/Chania	26°C heiðskirt
Paris	34°C heiðskirt	Barcelona	28°C heiðskirt

Kveðja, Guðrío Arnardóttir náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÓB Snorrabraut - alltaf opið



- alltaf í leiðinni



Margaríta

499

Trjáplöntu márkaður

allt að

60%

afsláttur

Trjáplöntur, allt að 100 sm

Birki, **499** verð áður 865

Reyniviður, **999** verð áður 1470

Grákvistur, **999** verð áður 1999

Gullregn, **999** verð áður 1999

...allt að 80 sm

Gráödur, **699** verð áður 1490

...allt að 60 sm

Grákvistur, **599** verð áður 1299

Stafafura, **699** verð áður 1440

Fjallapínur, **699** verð áður 1390

...allt að 50 sm

Blágreini, **599** verð áður 899

Sitkagreini, **599** verð áður 899

Sýrena, **499** verð áður 999

Loðvíðir, **299** verð áður 499

Skriðmispill, **799** verð áður 1699

Hansarós, **399** verð áður 975

Fjallarós, **599** verð áður 1190

Dornrós, **599** verð áður 1290



Petúniur
3 stk.

599


heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind



KJÖRKASSINN

Skiptir veiting fálkaorðu máli?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	23%
Nei	77%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Verður Alfreð Þorsteinsson góður forseti borgarstjórnar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Gylfi sinnir ekki ráðgjöf með störfum fyrir Samkeppniseftirlit:

Kom ekki að ákvarðanartöku

VÍBSKIPTI Gylfi Magnússon, formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins, vísar á bug yfirlýsingum framkvæmdastjóra Iceland Express um meint vanhæfi samkeppnisyfirvalda til að taka á deilum tengdum Icelandair. Gylfi kveðst á starfsferli sínum hafa ráðlagt fjölda fyrirtækja í samkeppnismálum. „Eitt þessara fyrirtækja er Icelandair, sem hefur raunar síðan þá skipt um nafn, eigendur og helstu stjórnendur án þess að það skipti máli hér. Ég tengist hins vegar engu af þessum fyrirtækjum eða aðilum fjárhagslega eða með öðrum hætti sem máli skiptir lengur. Ég mun vita skuld ekki vinna við slíka ráðgjöf á

meðan ég starfa fyrir Samkeppniseftirlitið,“ segir hann. Þá bendir Gylfi jafnframt á að ákvörðun um að heimila samruna FL Group, Bláfugls og Flugflutninga hafi verið tekin af samkeppnisráði, sem ekki tilheyrir nýju Samkeppniseftirliti. „Ég kom þar hvergi nærri, hvorki fyrir hönd málsaðila né samkeppnisyfirvalda. Ég hef ekki heldur haft nein afskipti af deilum FL Group og Iceland Express vegna auglýsinga þess síðarnefnda.“

GYLFI MAGNÚSSON Stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins. Fari svo að stofnunin þurfi að úrskurða í máli sem hann hafi tengst muni hann „að sjálfsgöðu“ ekki koma að þeim máli.



Ungir jafnaðarmenn:

Ráðningar gagnrýndar

STJÓRN MÁL Ungir jafnaðarmenn harma hvernig staðið er að skipun í opinber embætti á Íslandi. Þetta kemur fram í ályktun framkvæmdastjórnar UJ, þar sem nýafstaðin skipun sendiherra Íslands er gagnrýnd.

Í ályktuninni hvetja UJ unga stjórnmálamenn einnig til að taka ekki upp „sömu ósiði“ og fyrri kynslóðir og til að innleiða heilbrigðara viðhorf gagnvart embættisskipunum á Alþingi. Það væri til dæmis gert með því að auglýsa störf sendiherra svo hæfustu umsækjendurnir til að sinna alþjóðsamskiptum yrðu valdir.

Ólíuverð lækkar:

Ekki varð af verkfalli

NOREGUR Á þriðjudagskvöld tókst að ná samkomulagi við norska olíuverkamenn og ekkert varð því úr verkfalli þeirra. Deilan snerist um vaktafyrirkomulag fremur en laun.

Verð á hráolíu lækkaði lítillega í gærmorgun í kjölfar samkomulagsins og Dow Jones-vísitalan hækkaði um 0,2 prósent.

Í bandarísku kauphöllinni hafa menn þó enn áhyggjur af því að hátt eldsneytisverð yti undir verðbólgu eftir því sem fleiri fyrirtæki velta háu eldsneytisverði út í verðlagið. ■

Gæsluvarðhald staðfest:

Handtekin í Danmörku

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir breskri konu sem grunuð er um ávisanamisferli hér á landi í maí. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði konuna um miðjan júní í gæsluvarðhald sem renna á út í dag.

Konan hélt af landi brott ásamt félaganum 9. júní með Norrænu, en parið hafði með sér í óleyfi tvær bifreiðar sem teknar höfðu verið á leigu. Bílaleigurnar sem áttu bílana höfðu beðið lögreglu að hafa upp á þeim. Parið var handtekið við komuna til Danmerkur. - óká



ABBAS OG SHARON Vel fór á með leiðtögunum áður en fundur þeirra hófst á þriðjudaginn.

Ísraelar hóta loftárásum

Ísraelar ætla að bregðast við af fullri hörku ef árásum linnir ekki meðan þeir yfirgefa Gaza-svæðið. Þeir segja loftárásir jafnvel koma til greina.

JERÚSALEM, AP Ísraelski embættismaðurinn Eival Gilady, sem skipuleggur brottför Ísraela af Gaza-svæðinu, sagði í gær að þeir myndu beita loftárásum til að stöðva árásir Palestínúanna, jafnvel þótt þær kostuðu almenna borgara lífið. Hann sagði Ísraela þó helst vilja beita sér með nákvæmari hætti en þeir myndu ekki hika við að nota þyrlur og flugvélar til árása ef þeir teldu sig tilneydd.

Þessi yfirlýsing kemur í kjölfar leiðtoga fundar þeirra Ariels Sharon og Mahmouds Abbas á þriðjudag, en andrúmsloftið á fundinum var stírt. Sharon hóf fundinn á því að átelja Abbas vegna aukins ofbeldis af hálfu uppreisnarmanna.

Ofbeldi hefur vaxið jafnt og þétt síðan vopnahléssamkomulagið var gert í febrúar síðastliðnum.

Ísraelar héldu áfram aðgerðum gegn samtökunum Heilagt stríð og handsómuðu ellefu uppreisnarmenn til viðbótar aðfarannótt miðvikudags.

Eftir fundinn var Sharon ánægður með samkomulag um algera samræmingu milli ísraelskra og palestínuskra stjórnvalda sem tryggja á að brottförin gangi vel fyrir sig, en hún á að fara fram eftir um tvo mánuði.

Palestínúmenn voru ekki jafn sáttir. Ahmed Qureia, forsætisráðherra Palestínu, sagði að honum loknum: „Í öllum þeim

grunnmálefnum þar sem við vonuðumst eftir jákvæðum viðbrögðum voru þau engin.“ Palestínúmenn fóru fram á að fá meiri hergögn fyrir palestínska stjórnvöld í Gaza, að norðurhluti Vesturbakkans færi undir þeirra stjórn og að ferðaöryggi milli Vesturbakkans og Gaza yrði tryggt eftir brottförina. Ísraelar segja á hinn bóginn að Sharon hafi boðið mikið, en hann lofaði að afhenda Palestínúönnun stjórn tveggja bæja á Vesturbakkanum innan tveggja vikna, að sleppa fleiri fongum og að auka ferðafrelsi Palestínúanna inn í Ísrael.

Þótt fundurinn hafi ekki gengið vel er ekki talið að friðarferlið sé í uppnámi. ■

Byko sendir Samkeppnisstofnun kvörtun vegna Múrbúðarinnar:

Standa fast við auglýsinguna

NEYTENDUR Byggingavörufyrirtækið Byko hefur lagt fram kvörtun til Samkeppnisstofnunar vegna auglýsinga Múrbúðarinnar sem birst hafa í fjölmiðlum að undanfögnu. Í þeim kemur fram verðsamanburður á vörum hjá Múrbúðinni annars vegar og þremur samkeppnisaðilum hins vegar og er hann samkeppninni verulega í óhag.

Byko gerir athugasemdir við að verð fjögurra vörutegunda sem þar eru saman borin sé rangt og vill láta banna auglýsinguna. Hefur Rafni Alfreðssyni, einum eiganda Múrbúðarinnar, þegar borist bréf frá Samkeppnisstofnun þar sem farið er fram á að hún verði ekki birt meðan málið er rannsakað.

Rafn segist standa við allt sem fram kemur í auglýsingunum og er hvergi banginn. „Það er ekkert rangt í þeim eins og Byko heldur



RAFNI ALFREÐSSON Eigendur Múrbúðarinnar standa fast við allt sem fram kemur í umdeildum auglýsingum fyrirtækisins en Byko vill láta banna þær.

fram og Samkeppnisstofnun mun eflaust komast að því líka þegar þar að kemur. Ég hefði fremur átt von á að þeir svörðu samkeppn-

inni með lækkuðum verðum en að agnúast út í auglýsinguna og leita til ríkisstofnunar til að fá hana stöðvaða.“

- aðe

Flúðir og nágrenni á Jónsmessunni 2005

Iðandi dagar

24. - 26. júní

Föstudagur 24. júní

20:00 Midnight Sun Open (Selsvelli)
Allir ræstir út samtímis, verðlaun fyrir fyrstu fimm sætin, náandarverðlaun, teiggjafir o.fl. Mótsgjald 5000 kr., innifalið í verðinu er glæsilegur kvöldverður í mótslok.

23:00 Jónsmessuganga. Lagt af stað frá Ferðamiðstöð.

23:00 Útlaginn opinn, líf og fjár fram á rauða nótt.

Laugardagur 25. júní

10-12 Opið hús í Garðyrkjubýlinu Silfurtúni.

10-12 Frítt í sund fyrir 12 ára og yngri.

13:30 Heimsmeistaramót í traktorstorfæru við Litlu-Laxá.

14-17 Söluorg við Félagsheimili - Ýmislegt til sölu, hestar teymdir undir börnum, tombóla, o.fl.

15:00 Jónsmessufjölteflir við Félagsheimilið Henrik Danielsen teflir fjölteflir og blindskák við gesti og gangandi.

16:00 Íslenski Grænmetisbikarinn í Knattspyrnu Mótið fer fram á sparkvelli við skóla. Fimm í liði, útsláttarkeppni. Allir eru hvattir til þess að mynda lið, ungir sem aldnir, karlar og konur. Ekkert þátttökugjald.

19-21 Jónsmessukvöldverður á Hótel Flúðum - Ath. borðapantanir

22:00 Varðeldur og brekkusöngur. Kvöldstemning í Torfdalnum.

23:00 Hljómsveitin Sýn á Útlaganum.

Sunnudagur 26. júní

10-12 Frítt í sund fyrir 12 ára og yngri.

16-18 Gönguferð um Hrunalundur í fylgd sr. Eiríks Jóhannssonar

10-21 Pizza Tilboð á Kaffi-Seli

Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum
afnemum við VSK.
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 23.-26. júní
eru fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir skólameistari Mennta-skólans á Ísafirði?
- 2 Hvar vill Clint Eastwood taka upp nýjstu mynd sína?
- 3 Hvaða lið leika til úrslita í NBA-deildinni í Bandaríkjunum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Umferðartjón í Reykjavík í fyrra:

Kostuðu allt að tíu milljarða

SAMGÖNGUR Áætlaður heildarkostnaður vegna slysa í umferðinni í Reykjavík á síðasta ári er ekki undir tíu milljörðum króna, að því er fram kemur í tilkynningu Sjóvá-Almennra trygginga í gær. Fyrirtækið tók saman helstu tölur úr umferðinni í fyrra og framreiknar miðað við markaðshlutdeild, en samkvæmt því hafa rúmlega 1.100 manns slasast í umferðinni í Reykjavík í fyrra og 18.600 bílar skemmt.

Tilkynnt var um 9.200 umferðaróhöpp í Reykjavík til tryggingafélaganna á síðasta ári og nam áætlað tjón sem bætt

var úr ábyrgðartryggingu bíla um 3,6 milljörðum króna. Við þá tölu bætist svo tjón hjá þeim sem ekki voru í rétti, upp á um 3,2 milljarða króna.

„Um 54% allra tjóna á landinu urðu í Reykjavík en auk þess urðu um 16% tjóna í nágranna-sveitarfélögum Reykjavíkur,“ segir í tilkynningu tryggingafélagsins. Sú breyting hefur orðið frá árinu 2003 að gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur eru orðin þau tjónahæstu en gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar hafa skipað þann sess árum saman.

- óká

VARASÖMUSTU BÍLASTÆÐI Í REYKJAVÍK SAMKVÆMT TÖLUM SJÓVÁ*

Bílastæði	Fjöldi óhappa
Kringlan 8-12	186
Holtagarðar/Ikea	80
Austurvei/Háaleitisbr	29
Versl.miðstöðin Mjódd	29
SÍS Holtagörðum	24
Lágmúli 5	21
Lágmúli 7	21
Háskólabíó	18
Skeifan 15/Hagkaup	18
Versl.miðst. Spöngin	18

*Framreiknaðar tölur um fjölda óhappa á hverjum stað miðað við markaðshlutdeild Sjóvá-Almennra trygginga.

Fundað í Kóreu:

Vilja ræða kjarnorku

SEÚL, AP Nefnd háttsettra embættismanna frá Norður-Kóreu kom á fund suður-kóreskra embættismanna á þriðjudaginn í þessari viku. Suður-Kóreumenn þrýstu á Norður-Kóreu að taka á ný upp viðræður um kjarnorku-öppnamál. Norður-Kóreumenn hafa ekki viljað ræða þau mál við Suður-Kóreu, heldur við Bandaríkin, en S-Kóreumenn segja þau einnig vera milliríkjama.

Ekkert lát virðist vera á hungursneyðinni í Norður-Kóreu, sem reidir sig nú á utan- aðkomandi hjálp. ■

Bílaastæði við Leifstöð:

Gjaldtaka veldur töfum

NEYTENDUR Félag íslenskra bifreiðaeigenda gagnrýnir þá ákvörðun flugvallastjórnar á Leifstöð að taka gjald af öllum sem nýta sér skammtímaastæði við flugstöðina.

Eftir að sú ákvörðun var tekin kemst enginn inn né út af skammtímaastæðinu nema greiða gjald fyrir, en það hefur hingað til verið gjaldfrjálst. Félag íslenskra bifreiðaeigenda segir að það hafi skapast af þessu miklar tafir og vandræði sem ekki voru til staðar áður en gjaldtakan var ákveðin.

Hafi sumir félagsmenn orðið fyrir því að bíða jafn lengi eftir að komast inn og út af stæðinu og það tekur að aka til Keflavíkur frá Reykjavík. -aöe

Kjörin heiðursborgari strandbæjarins Pozzuoli:

Sophia Loren brast í grát

ÍTALÍA, AP Ítalska leikkonan Sophia Loren var kjörin heiðursborgari í strandbænum Pozzuoli á Suður-Ítalíu í gær. Leikkonan, sem er sjötug, brast í grát við athöfn sem bæjarbúar héldu henni til heiðurs.

Hún ólst upp í bænum en neyddist til að flýja þaðan með foreldrum sínum í síðari heimstyrjöld. Hún býr í dag sitt á hvað í Bandaríkjunum og Sviss.

„Þakka ykkur fyrir, þakka ykkur fyrir,“ mun hún hafa sagt er hún tók við viðurkenningunni. „Ég veit ekki hvort ég á þetta skilið.“ ■



ENN GLÆSILEG Leikkonan er orðin sjötug en lítur enn vel út.

Styrkjum bændur mest allra

Bændur á Íslandi fá hlutfallslega hæstan ríkisstyrk allra þjóða innan OECD. Stofnunin hvetur til endurskoðunar styrkjakerfisins.

LANDBÚNAÐUR Íslenskir bændur fá 69 prósent tekna sinni í formi opinberra styrkja og er það hæsta hlutfall allra þjóða innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Á eftir bændum á Íslandi koma norskir og svissneskir bændur, þar sem opinberir styrkir eru um 68 prósent af tekjum þeirra. Framleiðslustyrkir til íslenskra bænda eru jafnframt meðal þeirra hæstu sem fyrirfinnast í ríkjum OECD.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá stofnuninni og enn fremur að meðalhlutfall ríkisstyrkja af tekjum bænda í löndunum þrjátíu sem að stofnuninni standa er um þrjátíu prósent. Íslenskir bændur fá því þrefalt hærra hlutfall ríkisstyrkja en bændur í OECD-ríkjum að meðaltali. Bændur í Ástralíu og Nýja-Sjálandi fá til að mynda fimm prósent af tekjum sínum í formi styrkja og fá því íslenskir bændur fjórtán sinnum hærra hlutfall ríkisstyrkja en andfætlingar okkar.

Í skýrslunni segir að frá því

1986-88 hafi lítil framför orðið í stefnumótun ríkisstyrkja til bænda á Íslandi og lítil lækun verið á framleiðslustyrkjum. Þá gagnrýnir stofnunin sérstaklega styrkjakerfið í mjólkurframleiðslu á Íslandi, sem hún segir skekkja markaðsstöðu mjólkurvara og draga úr framleiðslu.

Styrkir til bænda hafa staðið í stað undanfarninn áratug þrátt fyrir að almennt hafi verið dregið úr framleiðslustyrkjum til bænda. OECD hvetur til þess að ríkisstyrkir til bænda verði gagnsæir í framkvæmd og markmiðin með ríkisstyrkjum jafnframt skýr og afmörkuð.

OECD beinir þeim tilmælum til Íslendinga að dregið verði úr ríkisstyrkjum til bænda og að aðgangur að markaði verði gerður auðveldari. Einnig að innleiða eigi nýjar aðferðir í styrkjakerfinu þar sem betur muni takast að beina styrkjum þangað sem þeirra er þörf án þess að það hafi of mikil áhrif á markaðinn.

sda@frettabladid.is



OECD GAGNRÝNIR EINNA HELST STYRKI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐSLU OECD segir að frá því 1986-88 hafi lítil framför orðið í stefnumótun ríkisstyrkja til bænda á Íslandi og lítil lækun verið á framleiðslustyrkjum. Þá gagnrýnir stofnunin sérstaklega styrkjakerfið í mjólkurframleiðslu á Íslandi, sem hún segir skekkja markaðsstöðu mjólkurvara og draga úr framleiðslu.

Dekk • Bala og hvattur • Smurþjónusta • Öbrenslisskipti • Peruskípti • Ráðgjafarþjónusta • Rafgeymar • Sækjum og sendum

Hvað get ég gert fyrir þig?

ÚTSALA-ÚTSALA-ÚTSALA-ÚTSALA-ÚTSALA

- 25% afsláttur af vinnu við smur
- 20% afsláttur af sumardekkjum
- 20% afsláttur af low-profile
- 20% afsláttur af sendibíladekkjum
- Bón og alprif á tilboði

Sækjum og sendum báðar leiðir. Verð frá kr. 850

BÍLKÓ - Betri verð!
bilko.is | Smiðjuveg 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Tilboðsverð **12.999 kr.**

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is

Umboðsmenn um land allt



Fljótverkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappir og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir pósthugamildir

At your side. **brother QL-550**

Það er gaman í Nettó

við gerum okkar besta



1.580 kr.pk.

Grillhumar 1. flokkur



lamb á grillið

899 kr.kg.

Lambarsirloin sneiðar



algjör bomba!

21 fyrir

Goða vínarpylsur



619 kr. lækkun á kg.

929 kr.kg.

SS Hunts BBQ grísakötiletur



ung nautakjöt

299 kr.pk.

Hamburgarar með brauði 4 stk.



295 kr.pk.

Purrkryddaðar lambarifjur



þú sparar 666 kr. á kg.

999 kr.kg.

Borgarnes helgarlamb



umm safaríkar!

59 kr.kg.

Vantsmelónur



30% afsláttur

lífrænt ræktaðir

Lífrænt ræktaðir tómatar frá Akri



50% afsláttur

lífrænt ræktaðir

Lífrænt ræktaðir cherry tómatar frá Akri



þú sparar 1990kr.

1.990 kr.stk.

Munkurinn sem seldi sportbilinn sinn

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 23. -26. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Bið tæplega 400 offitusjúklinga eftir meðferð á Reykjalundi:

Endurskoða þjónustusamning

HEILBRIGÐISMÁL Þjónustusamningur heilbrigðisráðuneytis og Reykjalundar er nú til endurskoðunar, að sögn Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að 380 offitusjúklingar eru nú á biðlista eftir meðferð á Reykjalundi. Gildandi þjónustusamningur heimilar meðferð fyrir 25 manns á ári. Ludvig Guðmundsson yfirlæknir segir að auka þurfi þann fjölda upp í 100-110 manns á ári, en það svari einungis brýnustu þörfinni.

„Biðlistatölur á Reykjalundi slá mig illa,“ segir ráðherra. „Það er ljóst að offita er hraðvaxandi

heilsufarsvandamál. Einn þáttur málsins er að reyna að koma í veg fyrir að þróunin haldi áfram með þessum hraða. Ísbyggilegasti þátturinn í þessu er hins vegar hinn duldi vandi, því fólk sem er svona komið á fyrir heldur sig til hlés í samfélaginu. Það kemur fram í dagsljósið þegar einhver raunhæf hjálp, eins og offituaðgerðir, er í sjónmáli.“

Ráðherra kveðst ekki geta sagt til um hver niðurstaða endurskoðunar þjónustusamningsins verði.

-jss

JÓN KRISTJÁNSSON Offitan er á hraðri uppleið sem heilsufarsvandamál.



Kodak EasyShare C300

- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun

• Verð: **9.900 kr**



1.980 kr.
á mánuði*

SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tókustillingar

• Verð: **34.900 kr**

• Verð áður ~~39.900 kr~~



6.980 kr.
á mánuði*

Kodak EasyShare LS743

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett

• Verð: **24.900 kr**



4.980 kr.
á mánuði*

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða


Ný umferðarmerki

Í þjóðarátaki VÍS gegn umferðarslysum er sjónum að þessu sinni beint að umferðarhraða. Í samvinnu við Vegagerð ríkisins verða sett upp leiðbeinandi viðvörðunarkerki á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið.

SAMGÖNGUR Í byrjun næsta mánaðar verða sett upp fyrstu viðvörðunarkerkin við staði á þjóðvegum landsins þar sem mikið hefur verið um umferðarslys. Með merkjunum er fólk hvatt til að draga úr hraða ökutækis við þessa svörtu bletti, þrátt fyrir að leyfilegur hámarkshraði kunni að vera meiri. Merkin eru sett upp í samvinnu við Vegagerðina, en þau eru hluti af þjóðarátaki Vátryggingafélags Íslands gegn umferðarslysum. Félagið stendur nú fyrir slíku átaki fimmta sumarið í röð undir yfirskriftinni: „Hæggðu á þér – tókum slysin úr umferð.“

„Staðreyndin er sú að hraðinn er aðalóvinurinn í umferðinni og alvarlegu slysin hafa verið að færast úr þéttbýlinu út á þjóðvegina,“ segir Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarna- og öryggisfulltrúi VÍS, en hún kynnti átakið fjölmiðlum í æfingasal endurhæfingardeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss á Grensá í gær. Fyrirtækið gengst á næstu vikum fyrir auglýsingaherferð í útvarpi og sjónvarpi til að vekja athygli á afleiðingum umferðarslysa um leið og ökumenn eru hvattir til að draga úr hraðanum. Þá verður og vakin athygli á nýju umferðarmerkjunum sem auðkenna eiga slysbletti.

Ágúst Mogensen, framkvæmdastjóri Rannsóknarnefndar umferð-



arslysa, sagði á kynningarfundinum að 70 prósent alvarlegra umferðarslysa yrðu í dreifbýli. „Ef tveir bílar rekast saman á þjóðvegi á 90 kílómetra hraða verður alvarlegt umferðarslys eða banaslys,“ sagði hann, en áréttaði um leið að nýju viðvörðunarkerkin væru leiðbeinandi. „Sumar beygjur á þjóðvegum landsins er ekki hægt að taka á 90 kílómetra hraða, þrátt fyrir að það sé leyfður hámarkshraði.“ Hann kallaði einnig eftir aukinni lög-gæslu og þyngri refsingum til handa þeim sem valda öðrum vegfarendum stórhættu með ofsaakstri.

-óka

SVARTIR BLETTIR Á ÞJÓÐVEGI EITT

1. Vesturlandsvegur undir Hafnarfjalli
2. Vesturlandsvegur um Staffholtstungu
3. Vesturlandsvegur við Fornahvamm í Norðurárdal í Borgarfirði
4. Brú yfir Síká í Hrutafirði
5. Norðurlandsvegur við Geitaskarð í Langadal
6. Brú yfir Kotá í Norðurárdal í Skagafirði
7. Vegamót Norðurlandsvegur og Eyjafjarðarbrautar eysti, austan Akureyrar
8. Suðurlandsvegur um beygjur í Kömbum
9. Vegamót Suðurlandsvegur og Prengslavegar
10. Suðurlandsvegur í Hveradalabrekku og næsta nágrenni
11. Suðurlandsvegur í Lögbergsbrekku og næsta nágrenni

ÆVINTÝRAEYJAR ÍSLAND

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna

Komdu við á næstu Olís-stöð, fáðu stimpil í Ævintýrakortíð og ævintýraglaðning!

Yfir 1000 glæsilegir vinningar!



le coq sportif®

Sumartilboð 30 - 70% afsláttur

Barnagallar frá	Kr. 4.990.-
Boltar frá	Kr. 400.-
Fullorðinsgallar frá	Kr. 6.690.-
Leikfimbúxur frá	Kr. 1.490.-
Bolir frá	Kr. 790.-
Töskur frá	Kr. 2.990.-
Fótboltasokkar frá	Kr. 790.-
Stuttbúxur frá	Kr. 1.490.-
Æfingatrejgur frá	Kr. 2.990.-

Trace Nylon



Kr. 4990

Gervigrasskór barna
Takkaskór barna



Kr. 2990

Escrime



Kr. 5990

Street Run barna



Kr. 1990

Wendon Nylon



Kr. 3490

Win Runner



Kr. 3490

Trace Nylon



Kr. 4990

Escrime canvas



Kr. 2990

Wendon Nylon



Kr. 3490

le coq sportif – LCS Ísland ehf.

Síðumúla 17 • Sími 517 4077 • Ópið virka daga kl. 10-18 • Sölustaðir : Nike búðinn • Laugavegi 6

Á dagskrá Kirkjudaga um helgina:

Dans gegn fordómum

KIRKJUDAGAR „Meginmarkmið Kirkjudaga er að kynna kirkjuna,“ segir Stefán Már Gunnlaugsson, verkefnisstjóri Kirkjudaga. Kirkjudagar verða haldnir í annað sinn um helgina en stefnt er að því að gera dagana að föstum lið í kirkjustarfinu, fjórða hvert ár.

„Á Kirkjudögum reynum við að safna kirkjunni allri saman á einum stað,“ segir Stefán Már. „Þannig er hægt að fá innsýn í allt hið fjölbreytta starf kirkjunnar.“

Eitt meginmarkmið Kirkjudaga er að hvetja til umræðu í samfélaginu um kristna trú og

starf kirkjunnar en á dagskrá eru um fjórutíu málstofur. „Þetta er hugsað sem vettvangur fyrir umræður þar sem fólk getur komið og sagt skoðun sína,“ segir Stefán.

Á sjötta tug hreyfinga, félaga, nefnda og stofnana komu að undirbúningi Kirkjudaga. Nýstárlegir atburðir verða á dagskránni, til dæmis pílagrímaganga, dans gegn fordómum og Ólympíuleikar undarlegra.

Kirkjudagar verða settir klukkan átta á föstudagskvöld og standa til miðnætis á laugardag á Skólavörðuholti. - ht



KIRKJUDAGAR UNDIRBÚNIR Upplýsingamiðstöð hefur verið opnuð við Hallgrímskirkju þar sem hægt er að kynna sér dagskrá Kirkjudaga.

Bílbruni í Heiðmörk:

Ungs manns enn leitað

LÖGREGLA Lögregla leitar enn ungs manns sem komst undan í Heiðmörk á mánudagsmorguninni eftir að þar var kveikt í stolnum bíl. Lögreglan í Hafnarfirði handsamaði á staðnum tvo pílta og stúlku. Að loknum yfirheyrslum í Hafnarfirði var málið svo flutt til rannsóknardeildar lögreglu í Reykjavík. Þar á bæ telja menn sig vita hver lét sig hverfa í Heiðmerkurhrauninu. - ók

Liðhlaupi frá Norður-Kóreu:

Baðst afsökunar

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjamadurinn Charles Jenkins baðst afsökunar á liðhlaupi sínu árið 1965 áður en hann fór frá Bandaríkjunum til Japans, þar sem hann býr nú.

„Ég brást bandaríska hernum, bandaríska ríkisstjórninni og olli fjölskyldu minni vandræðum,“ sagði Jenkins. Hann sagðist hafa lifað við erfiðar aðstæður í Norður-Kóreu. Þótt hann hafi kennt

ensku og birst í áróðursmyndböndum kommúnista sagðist hann aldrei hafa verið heilapveginn. Einnig fordæmdi hann Kim Jong-il, leiðtoga Norður-Kóreu, og kallaði hann illmenni.

Jenkins dvaldist á bernskuheimili sínu í Norður-Karólínu ásamt japanskri eiginkonu sinni og tveim dætrum og hitti þar fjölskyldu sína í fyrsta skipti í fjórutíu ár. - gfs



KLEIFARVATN Í fyrriðt hófst jarðskjálftahrina við Kleifarvatn sem náði hámarki snemma í gærmorgun með skjálfta upp á 3,5 á Richter-kvarða. Í ágúst 2003 varð hrina á svipuðum slóðum þar sem öflugasti skjálftinn var rétt yfir fjóra á Richter að stærð.

Jarðskjálftar við Kleifarvatn:

Hrinan gengur niður

JARÐSKJÁLFTAR Klukkan hálf átta í gærmorgun reið yfir jarðskjálfti upp á 3,5 á Richter-kvarða við vestanvert Kleifarvatn á Reykjanesi. Sekúnda fyrir mældist annar um 2,5 á Richter. Að sögn Steinunnar S. Jakobsdóttur, deildarstjóra hjá Veðurstofnunni, virtist hrinan í gær vera að ganga niður með eðlilegum hætti. Skjálftavirkni hófst um klukkan þrjú í fyrriðt.

„Við sjáum enga sérstaka fyrirboða í þessu, en fylgjumst vitanlega vel með,“ segir Steinunn og telur ekki loku fyrir það

skotið að hrinan nú sé hluti af einhverri spennutilfærslu vegna skjálftahrinunnar úti af Reykjanesrygg fyrir um mánuði. Hún bendir jafnframt á að fyrir um tveimur árum hafi orðið hrina á svipuðum slóðum við Kleifarvatn, en stærsti skjálftinn þá mældist rúmlega fjórir á Richter. „Í júl í fyrra mældist líka allnokkur hrina við Fagradalsfjall, nokkuð vestar á Reykjaneskaga. Þá mældust nokkur hundruð skjálftar á nokkrum dögum, en enginn þeirra náði stærðinni þremur,“ segir Steinunn. - ók

Huldufélagið í Icelandic Group:

Eigandi enn ókunnur

VIÐSKIPTI „Ég eða félag mér tengd eigum ekkert í Serafin Shipping og höfum aldrei átt,“ segir Jón Kristjánsson, stjórnarformaður Icelandic Group, spurður um hver ætti félagið. Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, vísaði á Jón þegar hann var spurður í fyrradag hvort hann ætti eða hefði átt Serafin Shipping.

Icelandic Group varð til þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH) sameinaðist Sjóvík fyrir stuttu. Serafin Shipping átti í Sjóvík og fengu eigendur félagsins tæp sex prósent hlut í Icelandic Group við sameininguna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hlut Serafin Shipping í Icelandic Group skipt á tvö félög; Fordace Limited sem fékk 4,47 prósent hlut og Deeks Associates Ltd. með 1,49 prósent hlut.

Fari hlutur í félagi yfir fimm prósent þarf að gera grein fyrir eigendum þess með tilkynningu til Kauphallar Íslands.

EKKI hefur fengist staðfest hver varð sjötti stærsti hlut-



ÓLAFUR ÓLAFSSON Sagðist ekki þekkja Fordace Limited.

hafinn í Icelandic Group eftir sameiningu. Ólafur Ólafsson sagðist í samtali við Fréttablaðið í fyrradag ekki kannast við Fordace Limited, sem var á lista yfir tíu stærstu hluthafana. - bg

Sumarsprengja

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál

Allt að 30% afsláttur

Verð frá aðeins kr. Stgr.

129.900.-

*Tvödur LG-kæli- og frystiskápum, hvítur

DVD spilari með karaoki Sprengjuverð kr. 6.490.-

ELFUNK 21" Sjónvarp og DVD spilari Sprengjuverð kr. 22.900.-

ELFUNK 14" Sjónvörp Sprengjuverð kr. 9.900.-

ELFUNK 20" Sjónvörp Sprengjuverð kr. 13.900.-

Fagor pottar og pottasett með miklum afslætti

Vinsælasta uppvottavélin



Edesa uppvottavél LE215
Frábær uppvottavél, tekur 12 manna matar- og kaffistell. 5 þvottakerfi (sparnaðarkerfi) 2 hitastillingar o.m.fl.

Sumar tilboð

Aðeins Stgr. kr. 39.900.-



WhiteKnight þéttþurrkari CL 767LDO
6kg barkalaus þéttþurrkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kællir niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

Aðeins Stgr. kr. 39.900.-



WhiteKnight þurrkari CL 447
Frábær 5 kg. þurrkari með barka, tímastilltur og með krumpuvörn. Hæð: 85 cm - Breidd: 60 cm Dýpt: 60 cm
Að sjálfsgöðu fylgir barki með

Aðeins Stgr. kr. 18.700.-

EDESA þvottavél L3126
6 kg. 1200 sn. þvottavél. Auka skol í lokin, stopp í síðasta skolvatni, stór hurð sem opnast 180°. Einföld í notkun. Klukka sem sýnir þvottatíma.

1200 SNÚNINGA
Aðeins Stgr. kr. 44.900.-

Life's Good

LG RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Opíð laugard. 11:00 -16:00

Teknir í Eyjahafinu:

50 ólöglegir innflytjendur

GRIKKLAND. AP Gríska landhelgisgæslan hefur síðustu daga handsamað yfir fimmtíu ólöglega innflytjendur á Eyjahafi. Talið er að átt hafi að smygla þeim frá Tyrklandi til Grikklands. Ekki liggur fyrir hvaðan þeir eru.

Um 900 ólöglegir innflytjendur hafa verið handsamaðir við Grikklandsstrendur á þessu ári. Talið er að þúsundir ólöglegra innflytjenda frá Austur-Evrópu, Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum reyni á ári hverju að komast inn í Evrópusambandið í gegnum Grikkland. ■

Stjórnarandstæðingur myrtur í Líbanon:

Annað morðtilræðið á örfáum vikum

LÍBANON. AP Stjórnarandstæðingurinn George Hawi, leiðtogi líbanskra kommúnista, beið bana í bílsprengjuárás í fyrradag.

Morðið var framið aðeins tveimur dögum eftir að stjórnarandstaðan í Líbanon hafði betur í þingkosningum gegn sitjandi ríkisstjórn, sem hefur verið hliðholl stjórnvöldum í Sírlandi. Sírlenska ríkisstjórnin dró herlið sitt nýlega frá Líbanon en reynir enn að halda pólitískum áhrifum í landinu.

Sprengjan sem grandaði Hawi virðist áþekkt þeirri sem and-sírlenski blaðamaðurinn Samir Kassir var drepinn með í upphafi

mánaðarins. Stjórnarandstaðan kennir sírlensku leyniþjónustunni um bæði morðin en Sírlendingar neita allri aðild að tilræðunum.

George Hawi gagnrýndi sírlensk áhrif oft harkalega á opinberum vettvangi. Hann var fyrrverandi formaður kommúnistaflokksins og einn af helstu leiðtogum í borgarastyrjöldinni 1975 til 1990, þar sem hann barðist með múslimum og palestínskum skæruliðum. ■

LÍKIÐ FJARLÆGT ÚR BÍLNUM Líbanskir stjórnarandstæðingar saka sírlensku leyniþjónustuna um morðið.



Tveir menn handteknir:

Slógust við lögregluna

LÖGREGLA Tveir menn um tvítugt voru handteknir snemma í gærmorgun eftir tilraun til að brjótast inn í söluturninn Sunnutorg við Langholtsveg um nóttina.

Til manna sást þar sem þeir voru að reyna að komast inn um klukkan hálf fimm um nóttina, en að sögn lögreglu virtist sem styggð hafi komið að þeim þegar þjófavarnarkerfi fór í gang.

Lögregla greip svo mennina á Bústaðavegi skömmu fyrir klukkan sjö og yfirbugaði þá, en þeir veittu mótspyrnu við handtökuna. Mennirnir hafa áður komið við sögu lögreglu. Þeir voru vistaðir í fangageymslu og yfirheyrðir síðdegis í gær.

-óká

Sögufrægt sakamál:

Dæmdur eftir fjörutíu ár

BANDARÍKIN Bandaríkjamaðurinn Edgar Ray Killen, sem nú er áttatíu ára, hefur verið dæmdur fyrir að hafa átt aðild að morði á þremur mönnum í Mississippi af hópi Klu Klux Klan-manna árið 1964.

Nákvæmlega 41 ár er liðið frá atvikunum, en setið var fyrir bíl þremmenninganna, sem allir voru á þrítugsaldri, hann þvingaður út af veginum og þeir skotnir.

Tveir mennanna höfðu ferðast frá New York til Fladelfu til að hjálpa blökkumönnum að komast á kjörskrá, en sá þriðji var heimaður. ■

MOLDÓVA

AFNÁM DAUÐAREFSINGA

Forseti Moldóvu, Vladimír Voronin, hefur óskað eftir því að þing landsins afnemi dauðarefsingar með öllu. Henni hefur ekki verið beitt síðan landið fékk sjálfstæði 1991 og er ekki í hegningarlögum landsins, en stjórnarskráin heimilar hana. Í bréfi sem forsetinn sendi þinginu segir hann að Evrópusambandið hafi óskað eftir þessari breytingu.


FÆREYJAR

ÓBLÍÐAR MÓTTÖKUR VEÐUR- GUBANNA

Danska konungsfjölskyldan er stödd í fjögurra daga opinberri heimsókn í Færeyjum. Þegar hún kom til Þórshafnar í fyrradag tóku allir afar vel á móti henni, nema veðurguðirnir. Vindurinn feykta hattinum af höfði Margrétar Þórhildar drottningar en á meðan buldi regnið á andlitum annarra fjölskyldumeðlima.

LEIÐRÉTTING

Af grafi sem birt var í Fréttablaðinu í gær misritaðist hvenær hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni voru stundaðar, en það var á árunum 1948-1985.



HEIMNA AUGUSTINSSON/STJALS | 181 2014 04/05

Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti

- 7. | UMFERÐ LANDSBANKAÐEILDAR KARLA
- fim. 23. júní 19:15 Fram - Grindavík
- fim. 23. júní 19:15 KR - Þróttur R.
- fim. 23. júní 19:15 Keflavík - Fylkir
- fim. 23. júní 20:00 FH -ÍA
- fim. 23. júní 21:00 ÍBV - Valur



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Sumar
ÚTSALA


- ▶ Rýmum fyrir nýjum vörum
- ▶ Yfir 1000 vörur
- ▶ Húsgögn
- ▶ Smávara

Dagana

23. júní - 24. júlí



**Allt til
heimilisins
undir
einu þaki!**



„ORÐRÉTT“

„Ég er búinn að mæla svo fyrir um að þegar ég fer þá verð ég brenndur og fódraður seiðum í Langá. Það má dreifa ósku í vatn. Og síðan verður hægt að selja Vinstri grænum veiðileyfi í Langá tveimur árum seinna, sem geta þá barið mig í hausinn.“

INGVI HRAFN JÓNSSON
Í MARKAÐNUM.

„Ég nota skó númer fjóru-tíu og tvö og hef gert það síðan ég varð fullvaxta.“

ERLA M. HELGADÓTTIR
Í MORGUNBLAÐINU.

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Gengu með Reyni Pétri

Dagurinn rann upp hlýr og fagur og eftir góðan svefn á Hótel Selfossi var auðvelt að binda á sig gönguskóna og arka af stað. Ekki spillti nuddið hjá Helenu Friðþjófsdóttur á Þriðjudagskvöldið fyrir en hún hleypti lífi í skrokkana eftir erfiði dagsins. Landslagið og umhverfið á Suðurlandi er fallegt, og þægilegt að ganga eftir vegunum þótt umferðin sé nokkur.

Hver viðburðurinn rekur annan og alla göngudagana til þessa hefur hefðbundið labb verið brotið upp. Á mánudag fylgdi okkur hópur fólks af stað, á Þriðjudag tókum við þátt í að prófa nýja gerð torfæruhjóla-stóla í Kömbunum og í gær hittum við hinn landsþekta göngumann



MYND/TÓMAS BIRGIR MAGNÚSSON

Reyni Pétur Ingvarsson í Sólheimum. Tuttugu ár eru síðan hann gekk hringinn í kringum landið en þá safnaði hann áheitu og runnu peningarnir til byggingar Íþróttahúss á Sólheimum. Það var gaman að ganga með Reyni Pétri, sem var hress og kátur. Á leiðinni vorum við stöðvaðir af lögreglunni en þó ekki vegna lögbrota. Nokkrir lögreglumenn á leið í Þórs-mörk stoppuðu okkur og gáfu okkur bland í poka. Það kom sér vel enda ágætt að fá sér smá nammi eftir langa göngu. Þá voru bændur í girðingavinnu duglegir að stoppa okkur, taka okkur tali og hvetja okkur áfram. Slik hvatning er ómetanleg og það er gott að finna að fólk fylgist með okkur.

Kveðja, Bjarki og Guðbrandur.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

MÁ KVIKMYNDA Í KRÍSUVÍK?



ÁSGRÍMUR SVERRISSON
KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

Sjálfsgagt að leyfa Clint að koma

Clint Eastwood langar að kvikmynda í Krísuvík við Hafnarfjörð. Náttúruunnendur eru mótfallnir því af ótta við umhverfisspjöll og bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eru tvístigandi. Ásgrímur Sverrisson, kvikmyndagerðarmaður og Hafnirfjörðingur, hefur sterkar skoðanir á málinu.

„Að sjálfsögðu á að leyfa Clint Eastwood, einum helsta og besta kvikmyndaleikstjóra í heiminum í dag, að koma hingað og gera það sem hann vill. Auðvitað verður líka að taka tillit til náttúrunnar, en ég held að það sé nokkuð auðvelt að leysa þetta. Ég spyr: Er ekki hægt að leysa þetta með því að setja upp tryggingu? Fyrirtækið hefur ákveðinn tíma til að ganga frá eftir sig og fær hana endurgreidda ef það gengur vel um, en verður ella af fénu. Þarna er kominn hvati fyrir menn til hirða vel um landið,“ segir Ásgrímur, sem telur það ekki nokkra spurningu að Clint gangi vel frá eftir sig.



KOMNIR Í RÆKTINA Nokkrir lögreglumenn voru skikkaðir í átakshóp til að ná þyngdinni niður.


Tailensk yfirvöld gera skurk:

Löggan skal í megrun

Tailenskum yfirvöldum er það sérstakur þyrnir í augum að digrir lögregluþjónar stjórnir umferð á almannafæri og hafa sett þeim stólinn fyrir dyrnar. Nýleg rannsókn leiddi í ljós að rúmlega fjögur þúsund lögreglumenn í Bangkok eru of feitir og skipuðu yfirvöld lögregluþjónum með mittismálið 101 sentímetra eða meira að fara í megrun.

Alls voru 88 lögregluþjónar skikkaðir til að taka þátt í mánaðarlöngu átaki, þar sem þeir þurfa að taka á mataræði og hreyfingu. Þeir sem eiga erfitt með að losa sig við aukakílóin verða líka sendir í nálastungumeðferð. Ekki hefur verið gefið upp hvað verður gert við feita lögreglumenn sem greinast ekki. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/PALL



PÉTUR PÉTURSSON PULUR Hefur síðustu ár leitað að plakati sem hengt var upp á Íslandi sumarið 1941 þar sem Roosevelt Bandaríkjaforseti heitir því að herinn fari frá landinu um leið og friður komist á. Leit Péturs á Íslandi hefur ekki borið árangur og því ætlar hann vestur um haf.

Pétur leitar að plakati í Ameríku

Roosevelt Bandaríkjaforseti hét Íslendingum að herinn færi héðan að styrjöld lokinni. Pétur Pétursson þulur leitar nú að plakati með þessu loforði forsetans og hlaut á dögunum hundrað þúsund króna styrk til verksins.

„Ég ætla til Ameríku og finna þetta,“ segir Pétur Pétursson þulur, sem síðustu ár hefur leitað að plakati sem bandarískir hermenn hengdu upp um borg og bý fljótlega eftir að þeir stigu hér á land í júlí 1941. Á plakatinu heitir Roosevelt Bandaríkjaforseti íslensku þjóðinni því að herinn fari héðan um leið og friður komist á.

Á dögunum hlaut Pétur eitt hundrað þúsund króna styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til að finna plakatið og hyggst hann nota peningana til þess að kaupa sér flugfar vestur um haf. Nokkurra ára leit að plakatinu á Íslandi hefur ekki borið árangur. „Ég hef leitað um allt land en þegar ég spyr

deplar enginn auga. Samt er varðveisluskylda á Þjóðskjalasafninu og Landsbókasafninu á svona prentmáli. Það kannast bara enginn við þetta,“ segir Pétur.

Sjálfur man hann vel eftir plakatinu og segir það hafa verið ílangt til hliðanna og sýnt mynd af Roosevelt forseta öðru megin og bandaríska fánanum hinum megin. Á milli myndanna stóð: Ég heiti því að bandaríski herinn fer héðan strax og núverandi ófriði er lokið, til þess að íslenska þjóðin geti búið frjálts og óháð í sínu eigin landi.

„Þetta skjal jafngildir Gamla sáttmála,“ segir Pétur. „Gissur jarl samdi Gamla sáttmála og þrátt fyrir bruna og sýru varðveittist sáttmálinn. Það varð til þess að Jón Sigurðsson, sem kallaður var forseti, gat reist sjálfstæðiskröfur Íslendinga á efni Gamla sáttmála.“

Ég segi, og vitna með ánægju og stolti í sjálfan mig, að þetta plagg jafngildi Gamla sáttmála því það er þjóðhöfðingi mesta stórveldis landanna, Roosevelt forseti, sem viðurkennir að þjóð er hvorki frjálts né óháð meðan hún er hersetin.

Þetta er sama innihald og í Gamla sáttmála.“

Af þessu má ráða að í rauninni búi Íslendingar ekki í frjáltsu og óháðu landi, í það minnsta að mati Roosevelts.

Eins og áður sagði man Pétur vel eftir plakatinu og hefur að auki orð margra mætra manna fyrir tilvist þess. „Einar Bendiksson sendiherra sagði mér að þegar hann var dregur um fermingu í Borgarnesi þá hékk það á pósthúsinu þar. Svona var þetta hengt upp um allt land.“

Pétur er vongóður um að finna plakatið í Bandaríkjunum en veit þó ekki nákvæmlega hvar beri að leita. „Ég fer bara þangað sem ég þarf að fara og svo hlakka ég til að geta sent Markús Örn á milli safna þegar hann verður orðinn sendiherra í Kanada,“ segir hann og hlær.

Og þegar plakatið kemur í leitirnar fá stjórnvöld að finna til tevatnsins. „Ég ætla að birta það og leiðrétta missagnir stjórnvalda og þeirra sagnfræðinga sem aldrei hafa haldið fram rétti Íslendinga varðandi veru hersins í landinu.“

bjorn@frettabladid.is

DV

Kraftaverkakanan Jóna Hlín missti 85 kíló:

Offituaðgerðin breytti lífi mínu

TVEGGJA
ÁRA
BIÐLISTI
EFTIR
AÐGERÐ



þorir þegar aðrir þegja!

Tilboðin gilda til 26. júní eða á meðan birgðir endast

Birgjum okkur upp í Bónus!

PESTO SNEIÐAR
699
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169,-

VILLI GRILLSNEIÐAR KF
699
KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169,-

TÚNFISKUR
250g
FROSINN TÚNFISKUR 2 x 125g
199
250g KR.

PESTO ROSO
LAMBASNEIÐAR
Villibráðarkrydd

40%
afsláttur
við kassann

Einnota mataráhöld

EKKERT BRUÐ!

VELJIÐ SJÁLFI!
25 bollar, 25 diskar,
25 hnífar, 25 teskeiðar,
25 skeiðar eða 25 gafflar

99
25 stykki KR.

33cl Coca Cola
49
33cl KR.

UNG
naut

10 stykki 80g
ungnautahamborgarar
799
KR.

10 stykki 115g
ungnautahamborgarar
1099
KR.

FROSNIR OG FÍNIR
Í FERÐALAGIÐ

10 drykkir í kassa
259
KR.

4 tröllabrauð
4 trölla
HAMBORGARABRAUÐ
129
KR.

99
450g KR.

FYRIRMYNDAR UMBÚÐIR!

Bónus pylsur
499
KR.

REMÚLAÐI
99
400g KR.

BÓNUS
sinnep
129
KR.

907 grömm
129
KR.

6 Thule
KIPPUTILBOÐ Í BÓNUS
THULE 6x 33 sl
399
KR.

Sveitabjúgu
KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI

PARTÝSKINKA
SOÐIN OG KLÁR
Í FERÐALAGIÐ

SVEITABJÚGU
299
KR.


30%
afsláttur
við kassann

SOÐIN ALI PARTYSKINKA
1189
KÍLÓVERÐ KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1698,-

Skynsemin velur Bónus

SVONA ERUM VIÐ

KJÖTNEYSLA Á ÍSLANDI Í TONNUM TALID



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: NEYTENDASTOFA

Allt undir einum hatti með nýjum lögum

Skipað verður í ný embætti forstjóra Neytendastofu og talsmanns neytenda í fyrsta sinn frá og með fyrsta júlí, en þau eru komin til vegna nýs lagaramma í kringum íslenskt viðskiptaumhverfi. Í nýjum lögum er gert ráð fyrir að Neytendastofa, talsmaður neytenda og sérstök áfrýjunarnefnd neytendamála starfi undir sama hatti.

Hvað er Neytendastofa?

Neytendastofa á að hluta til að taka við verkefnum frá Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu sem lagðar verða niður. Helsta markmið stofnunarinnar er að auka neytendavernd. Til dæmis er henni ætlað að sinna eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarinnar auk opinnarrar markaðsgæslu og eftirliti með öryggi vöru. Forstjóri stofnunarinnar er skipaður af viðskiptaráðherra til fimm ára í senn.

Hvert er hlutverk talsmanns neytenda?

Megintilgangur embættisins verður að taka við erindum



frá neytendum, gefa út álitserðir og hafa frumkvæði að úrbótum á sviði neytendamála. Talsmaður neytenda er því nokkurs konar umboðsmaður þeirra, þó hvorki sé gert ráð fyrir því að hann vinni að stefnumótun á sviði neytendamála né vinni að því að gerðar verði rannsóknir á því sviði. Hann hefur enga starfsmenn á sínum snærum, heldur notar starfslið Neytendastofu sér til aðstoðar.

Hvar liggur starfssvið áfrýjunarnefndar neytendamála?

Nefndin mun fjalla um öll mál sem til hennar er skotið á grundvelli laga sem heyra undir Neytendastofu. Miklu máli er talið skipta að öllum ákvörðunum Neytendastofu sé hægt að skjóta til æðra stjórnvalds. Fyrir þessa breytingu var einungis hægt að skjóta þeim neytendamálum sem heyrðu undir verkssvið Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, en það var ekki hægt með mál Löggildingarstofu.

Mikill harmleikur

„Við tölum um sjálfsvíg sem harmleik, sem heldur áfram meðal ættingja og vina sem eftirlifa,“ segir Salbjörg Bjarnadóttir, sem stýrir verkefninu Þjóð gegn þunglyndi, sem er á vegum Landlæknisembættisins.

„Þegar einstaklingur fyrirfer sér eru um það bil tuttugu til þrjátíu manns sem þjást vegna sjálfsvígis. Þetta segir okkur að það eru um 2.000 manns árlega sem þjást vegna sjálfsvíga annarra. Þar af eru eftir vill 150 manns sem þyrftu



SALBJÖRG BJARNADÓTTIR
Verkefnisstjóri verkefnisins Þjóð gegn þunglyndi.

frekari aðstoð til að festast ekki í sorgarferlinu. Þar er um að ræða foreldra, systkini, maka eða börn.“

Salbjörg segir embættið leggja mikla áherslu á að um sé að ræða samfélagslegan vanda sem allir þurfi að leysa saman. Það hafi orðið vakning í þessum málaflökki, menn hafi unnið vel saman og fjölmíðlar tekið vel

á málinu. Margir þættir valdi því að dregið hefur úr sjálfsvígum. Landlæknisembættið muni halda sinni baráttu áfram. -jss



ÞJÓÐ GEGN ÞUNGLYNDI Landlæknisembættið kynnti þróun sjálfsvíga á Íslandi. Frá vinstri: Salbjörg Bjarnadóttir verkefnisstjóri, Högni Óskarsson, formaður fagráðs, Sigurður Guðmundsson landlæknir og Sigurður Páll Pálsson geðlæknir.

Ungar konur reyna mun oft sjálfsvíg en karlar

Af þeim hundruðum sem reyna að fremja sjálfsvíg á ári hverju eru tveir þriðju ungar konur. Sjálfsvígum hjá ungum mönnum hefur fækkað verulega á undanförunum þremur árum. Þunglyndi og námsörðugleikar fara oft saman.

Sjálfsvígum hjá körlum yngri en 24 ára fækkaði um meira en helming frá 2001 til 2004. Framin voru 13,8 sjálfsvíg að meðaltali á síðustu þremur árum, miðað við hverja 100.000 íbúa í þessum aldurshópi, en árin 1999-2001 voru þau að meðaltali 29,6. Hins vegar er áhyggjuefni, að sögn Salbjargar Bjarnadóttur sem stýrir verkefninu Þjóð gegn þunglyndi, að mun fleiri ungar stúlkur gera tilraunir til sjálfsvígis en ungir karlar.

Landlæknisembættið kynnti í gær samantekt á tíðni sjálfsvíga meðal karla og kvenna í hinum ýmsu aldurshópum. Embættið setti fyrir þremur árum á fót verkefnið Þjóð gegn þunglyndi. Markmið þess eru tvenn, að auka þekkingu fagfólks á sviði þunglyndis og sjálfsvíga og bæta þekkingu almennings á þunglyndi og sjálfsvígshæðun og draga úr fordómum

Mjög margir sem eru þunglyndir eru með námsörðugleika. Þeir detta út úr skólakerfinu á fyrstu þremur önnunum í framhaldsskóla. Landlæknisembættið telur að hægt sé að grípa inn í það ferli og stöðva brottfall. Þar sé kennarinn lykilmáður, því hann umgengst unglíngana mikið.

Verða undir

Salbjörg bendir á að 1975-1980 hafi miklu fleiri ungir menn verið búnir að öðlast einhverja menntun en nú. Í dag hafi yfir 56 prósent 24 ára eða yngri ekki lokið neinni menntun. Nú vilji allir fara í framhaldsskóla, eiga bíl, flott fót og svo framvegis. Þeir ungu menn sem verði illa úti í þessari samkeppni kunni ekki að biðja um hjálp. Þeir lendi í kvíða og þunglyndi, fari jafnvel í neyslu og síðan í meðferð þegar allt er komið í þrot. Þannig er margt búið að ganga á lífi einstaklings áður en hann leitar sér aðstoðar.

Stúlkurnar þekkjast aftur á móti betur aðganginn að heilsugæslunni, því þær þurfa að ná sér í pilluna og svo framvegis.

Á fundi Landlæknis kom enn fremur fram að sjálfsvígstíðni hjá konum hefði ekki breyst að marki síðustu áratugi. Hér á landi er einna lægst tíðni borið saman við önnur Evrópulönd.

Hins vegar eru sjálfsvígstil-

raunir ungra kvenna áhyggjuefni, að sögn Salbjargar. Gert er ráð fyrir 550-700 sjálfsvígstilraunum á ári, sem koma til kasta heilbrigðisþjónustunnar. Þar af eru tveir þriðju hlutar konur.

Áhættuhópar

Hvað varðar eldri aldurshópa eru miðaldra karlmenn í áhættuhópi, einkum ef þeir eru atvinnulausir og fráskildir. Að sögn Salbjargar er vaxandi hópur sem varla hefur í sig né á. Ungu fíklarnir eru einnig áhyggjuefni, því þeir geta svipt sig lífi í tilfinningakasti. Ungir samkynhneigðir geta átt erfitt. Það er áttak fyrir þá að koma út úr skápnunum og framhaldið fer svo eftir því hvernig samfélagið tekur á móti þeim. Þá er þeim sem lenda í heimilisofbeldi og þó einkum kynferðisofbeldi, hættara en öðrum við að gefast upp.

Sjálfsvíginn dreifast nokkuð jafnt á alla mánuði ársins. Þó sker maímánuður sig úr með heldur meiri tíðni. Krakkar sem óttast 10. bekkjar prófin geta í einstaka tilfellum dottið niður í ofsakvíða og fullorðnir sem eru báglega staddir eygja enga möguleika á að gera eitthvað fyrir sig og sína, eins og aðrir gera í sumarfríum.

Sjálfsvíg hafa verið hlutfallslega fæst á Vestfjörðum í gegnum árin en ekki liggja fyrir tölur um hvar á landinu tíðni sjálfsvíga er hæst.

jss@frettabladid.is

vikandi Aðeins 599 kr.

ný og fersk í hverri viku

Lífsreynslusaga • Heilsa • 23/7 • Matur • Krossgátur

VIKANDI Aðeins 599 kr.

24. 05. 07. 08. 22. Júní 2005.

Disa í World Class og eiginmaður hennar, Björn Leifsson, með róttækar hugmyndir á borðinu

SPA-hótel í Laugum

Best á grilli! 4 matgæðingar gefa uppskriftir

Gunnhildur er kjötíðnaðarmaður

Drifa Kristjánsdóttir á Torfastöðum **Hætt að vinna**

Pillan eyðileggur kynhvötina!

G-strengur veldur bakteríusýkingum

Réttu grill-græjur! Með ferðaskrifstofu í USA

Pað sem þú vissir ekki... Ingibjörg Pálmadóttir

Náðu í eintak á næsta sölustað

Sumar gjafir skipta öll börn máli! Gefum börnum góða sumargjöf

SJÁLFSVÍG 24 ÁRA OG YNGRI MIÐAÐ VIÐ HVERJA 100.000 ÍBÚA Í ÞESSUM ALDURSHÓPI

Ár	Karlar	Konur
1977	12,8	0
1980	15,9	2,4
1983	15,1	1,2
1986	27,1	1,2
1989	20,9	0
1992	30,1	3,8
1995	15,5	1,2
1998	15,6	3,8
2001	29,6	5
2004	13,8	1,2

Flíspeysur á 999kr

TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.999,-

AZE
Flíspeysa, heil



TILBOÐ
999kr
Verð áður 3.499,-

AZE
Flíspeysa, rennd



TILBOÐ
999kr
Verð áður 2.499,-

weather report
Flísjakki



30%
afsláttur við
kassa

OXMO
30% afsláttur af
Oxmo gallabuxum

RAGTAG
Gott verð
4.999kr
Gallabuxur

TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.699,-



Gúmmískór blóma
bleikir, bláir, st. 36-41

TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.699,-



Gúmmískór blóma
bleikir, bláir st. 35-41

TILBOÐ
999kr
Verð áður 2.999,-



Sportskór m/röndum
svartir, rauðir st. 36-40

TILBOÐ
999kr
Verð áður 2.999,-



Sportskór m/ röndum
rauðir, svartir, brúnir st. 37-46

Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



SUMARLEIKUR

FK

FJARÐARKAUP

Fáðu fríð frítt

SUMARLEIKUR FJARÐARKAUPA

1. VERÐLAUN

Palomino Colt Fellihýsi frá segla-gerðinni að verðmæti 949.800 króna og fríð frítt.

SEGLAGERÐIN
ÆGIR

2.-10. VERÐLAUN

- Fríð frítt
- Full matarkarfa í Fjarðarkaupum
- Fullur tankur á bílinn frá ÓB
- Sjúkrakassi í bílinn frá Lyf & Heilsu
- Peningaverðlaun frá SPH.

sph
SPARISJÓÐURINN

Lyf & heilsa



Fylltu út þáttökuseðil í Fjarðarkaupum og vertu með í leiknum.
Dregið verður úr pottinum í beinni á Bylgjunni og á fjarðarkaup.is

FK

FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30,
föstudaga 09:00 - 19:30 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

einstök



GERÐU ÞÉR MAT ÚR TÓMÖTUM

ÍSLENSK TÓMATSÚPA

1 íslensk gulrót
1 gul íslensk paprika, lítil
25 g íslenskt smjör
800 g íslenskir tómatar, vel þroskaðir
2 tsk ferskt íslenskt timjan, saxað
1 tsk ferskt íslenskt rósmarín, saxað
nýmalaður pipar
salt
3/4 l vatn
2–3 msk íslenskur graslaukur
íslenskur fetaostur til að setja út í

Gulrótin og paprikan skornar í litla teninga. Smjórið brætt í potti og gulrót og paprika láttnar krauma í því við fremur vægan hita í nokkrar mínútur. Tómatarnir saxaðir og settir út í ásamt kryddjurtum, nokkuð miklum pipar og salti. Hitað að suðu og látið malla við hægan hita í 25–30 mínútur. Þá er súpan smökkuð til og söxuðum graslauk dreift yfir. Tekin af hitanum og látin standa 1–2 mínútur en síðan borin fram ásamt fetaosti, sem hver og einn setur út í eftir smekk. Lykilatriði til að súpan verði góð er að tómatarnir séu vel þroskaðir og rauðir og að notaður sé töluvert mikill pipar til að krydda hana.



www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

Um virðingu fyrir náttúrunni

UMRÆÐAN
SNJÓFLÓÐAVARNIR
VIÐ SKUTULSFJÖRD



PÉTUR TRYGGVI HJÁLMARSSON
SILFURSMÍÐUR Á ÍSAFIRÐI

Erum við svona fátæk? Höfum við ekki efni á að rústa ekki heilu fjalli? Erum við svona heimsk? Höldum við að ekkert skipti máli nema yfirburðir okkar gegn sjálfu sköpunarverkinu? Þarf fátæktin í félagi við heimskuna alltaf að ráða því að við gerum það sem er auðveldast og fljótlegast en ekki það sem er sæm- andi bæði sköpunarverkinu og okk-

ur sjálfum sem erum hluti þess eitt andartak í eilífðinni?

Ástæðan fyrir hrapallegum umhverfismistöðum og tillitslausum arkitektúr á Ísafirði á liðnum árum gæti verið sú, að fólkíð hefur alist upp í gríðarlega magnaðri og mikilfenglegri náttúru. Að sjálfsgöðu vill stjórnsýslan vel, bæði fólkinu og náttúrunni. En þegar náttúran er svona stórfengleg geta menn blindast af henni og skynja þá ekki hvað rímar við hana.

Komin er út skýrsla sem sögð er innihalda mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarnarmannvirkja í sérkennilegu og tignarlegu fjalli sem heitir Kubbi og stendur eflaust fyrir tilviljun í Skutulsfirði. Svo virðist sem skýrslan sé skrifuð með það að

leiðarljósi að enginn geti skilið hana og þess vegna muni enginn voga sér að gera athugasemdir við hana.

Fyrirhugað eyðileggingaruppátæki sem skýrslan fjallar um er þetta: Verja skal nokkur hús næstu þúsund árin eða svo fyrir snjóspýjum sem afar ólíklegt er að valdi teljandi tjóni. Þeir sem fyrir þessu standa ættu að hugsa sig um áður en þeir krefjast refsingar yfir unglingum sem henda pylsubréfi út um bílglugga. Athæfi af því tagi telja þeir vera hið eina og sanna umhverfisvínari.

Meðal þungvægra raka fyrir því að hinn mikli garður var gerður í Seljalandsmúla andspænis Kubbanum fyrir nokkrum árum voru þau, að undir honum skapaðist stórt og

öruggt byggingarsvæði í hlíðinni mót suðri. Þar eru á teikningum reitir fyrir íbúðabyggð. Á þessu örugga en dýrkeypta byggingarsvæði undir Miklagarði mætti reisa hús handa þeim sem snjóflóðahættast eru komnir í Holtahverfi undir Kubbanum. Kostnaðurinn yrði aðeins brot af beinum fjárútlátum vegna fyrirhugaðra skemmdarverka. Þá er kostnaður sköpunarverksins ekki tekinn í reikninginn enda verður hann ekki metinn til fjár. Þau hús undir Kubba sem í staðinn yrðu keypt upp mætti nota fyrir þá sem vilja verja sumarfríinu sínu á snjóflóðahættusvæði. Sem er að vísu hættusvæði samkvæmt ákvörðun yfirvalda en ekki sjálfrar náttúrunnar.

Við eigum ekki fjöllin. Við eigum ekki það sköpunarverk sem fjallið er. Við erum með fjallið að láni þann stutta tíma sem við erum hér. Að láni til að njóta þess og skila því áfram en ekki til að eyðileggja það.

Fólk er alltaf á hreyfingu, stöðugt á ferð og flugi. Alltaf í einhverri hættu. Alltaf að verja sig gegn óhöppum og forða sér undan óhöppum. Samt alltaf að lenda í óhöppum, oftast manngerðum óhöppum.

Fjallið getur ekki forðað sér. Stendur þarna og getur ekki annað. Varnarlaust fyrir einu hættunni sem að því steðjar, hinum vitiborna manni. Fjallið sem kom hér langt á undan manningum og verður hér enn þegar maðurinn er horfinn. ■

Halldór, Bjarni og Davíð

Nýlega kynnti Halldór Ásgrímsson formaður Framsóknarflokksins minnisblað Ríkisendurskoðunar um hæfi sitt til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins til m.a. fyrrverandi varaformanns Framsóknarflokksins og fyrirtækis í eigu fjölskyldu sinnar.

UMRÆÐAN
FORSÆTISRÁÐ-
HERRA OG SALA
RÍKISBANKANNA



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALPINGISMAÐUR

Það er fróðlegt að bera saman annars vegar þetta minnisblað Ríkisendurskoðunar og hins vegar úrskurð félagsmálaráðuneytisins um hæfi sveitastjórnarmannsins í Skagafirði, Bjarna Maronssonar. Bjarni var varaformaður stjórnar Kaupfélags Skagfirðinga en lagði engu að síður fram tillögu um breytingu á aðalskipulagi sem varðaði hagsmuni fyrirtækisins Héraðsvatna ehf. sem Kaupfélag Skagfirðinga á í. Þessi mál eru að mörgu leyti sambærileg þar sem Kaupfélag Skagfirðinga á sambærilega stóran hlut í fyrirtækinu Héraðsvötnum og vitad er að fjölskylda Halldórs Ásgrímssonar á í Skinney-Þinganesi.

Öll tvímæli voru tekin af um að engir fjárhagslegir hagsmunir voru í húfi hjá Bjarna Maronssyni vegna afgreiðslu málsins, ólíkt Halldóri Ásgrímssyni og fjölskyldu hans sem hafði verulegra hagsmuna að gæta.

Það er athyglisvert að fara yfir vinnubrögð í þessum tveimur málum. Félagsmálaráðuneytið reifar sitt mál frá báðum hliðum og kemur síðan með úrskurð á meðan minnisblað Ríkisendurskoðunar er einhliða varnarrit fyrir þann sem lá undir ásökunum um að hafa verið vanhæfur. Þess ber að geta að félagsmálaráðuneytið úrskurðaði Bjarna Maronsson vanhæfan. Ríkisendurskoðun setti hins vegar kíkin fyrir blinda augað, sauð saman algert varnarrit fyrir Halldór Ásgrímsson og hljóp yfir ýmsar furðulegar upptakomur, s.s. símafund þar sem Halldór stóð í að sjóða saman réttan kaupendahóp að eign almennings.

Í lokin er rétt að rifja upp ummæli Davíðs Oddssonar um forseta lýðveldisins í fyrrasumar en hann sagði forsetann vanhæfan í fjölmiðlamálinu vegna þess að dóttir hans væri í vinnu hjá Baugi. Hvað ætli Davíð segi um vin sinn Halldór í þessu máli?

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Glæsilegir Svefnsófar

Vorur að fá nýja svefnsófa. Margar tegundir, margir litir.

15% afsláttur

Opíð virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.069* +0,44%

Fjöldi viðskipta: 254
Velta: 2.092 milljónir

MESTA HÆKKUN

Actavis 3,82%
Bakkavör 2,39%
Icelandic Group 1,77%

MESTA LÆKKUN

Jarðboranir -1,87%
Flaga -1,00%
Marel -0,69%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,80 +3,82% ... Atorka 5,90 - ... Bakkavör 38,50 +2,39% ... Burðarás 14,90 +0,68% ... FL Group 15,50 - ... Flaga 3,96 -1,00% ... Íslandsbanki 13,20 -0,38% ... KB banki 524,00 - ... Kögun 60,00 - ... Landsbankinn 16,60 - ... Marel 57,30 -0,69% ... Og fjarskipti 3,92 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,10 - ... Össur 81,00 -

* Tölur frá um kl. 15.30 í gær. Nýjustu tölur á Vísi.

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Bóla í Danmörku

Greining Íslandsbanka birti í gær yfirlit um breytingar á helstu hlutabréfavisitölum heimsins. Hækkunarir voru á helstu vititölunum í júní, en bandarískar vititölur hafa lækkað frá áramótum. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur hækkað um 21 prósent frá áramótum, en í erlendum blöðum hafa verið tíundaðar hækkanir vititölunnar og talið að hér sé á ferðinni hlutabréfabóla. Fremstir í flokki í þessum skrifum hafa farið blaðamenn Berlíngske Tidende og talið hækkanirnar eiga rætur í köngulóareignarhaldi á markaðnum. Nú ber svo við að vísitala kauphallarinnar í Kaupmannahöfn hefur hækkað jafn mikið og sú íslenska. Bólukennigarmönnum í Danmörku hlýtur að hrísa hugur við þessari hækku á vititölunni, nema það sé ekki sama hvaðan gott kemur.

Styttist í Skandía

Burðarás og KB banki kunna að innleysa hagnað af hlutabréfaeign sinni í sænska tryggingarísanum Skandia. Samkvæmt sænskum blöðum sat stjórn Skandia á fundi allan þriðjudaginn og var umræðuefnið hvernig ætti að bera sig að við áhuga á yfirtöku á félaginu. Þeir sem munu berjast um hylti stjórnarinnar eru tryggingafélagið Old Mutual sem á uppruna sinn í Suður Afríku og er skráð í bresku kauphöllinni og skandinavíski bankinn Nordea. Einnig er talið að Den Norske Bank hafi áhuga á að blanda sér í slaginn. Burðarás jók við hlut sinn í Skandia fyrir skemmstu, en nú gæti styst í að Friðrik Jóhannsson og samstarfsmenn hans í Burðarási geti farið að telja upp úr þessum kassa.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Í gær var birtur listi yfir tuttugu stærstu hluthafa í **Moosaic Fashion**. Þar er félag í eigu **Baug**, **BG Holding ehf.** stærst og á 36,8 prósent. **Landsbankinn Luxembourg S.A.** kemur næstur með 16,1 prósent, **KB banki á 9,8 prósent** og **forstjóri fyrirtækisins** Derek Lovelock á átta prósent.

Launavísitalan hækkaði um 0,6 prósent milli apríl og maí og hefur hækkað um 6,6 prósent síðustu tólf mánuði. Þetta kom fram á vef **Hagstofu Íslands** í gær.

Greining Íslandsbanka bendir á það í **Morgunkorni** að kaupmáttaraukning milli mánaða hafi ekki mælst meiri í tæp tvö ár.

Ný stjórn Árvakurs

Á aðalfundi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, á dögunum var kjörin ný stjórn. Hana skipa Stefán P. Eggertsson, sem er formaður stjórnar, Finnur Geirsson, Halldór Þór Halldórsson, Hulda Valtýsdóttir og Kristinn Björnsson. Finnur og Kristinn komu í stjórnina í stað Haraldar Sveinssonar og Friðbjófs Johnsons sem seldu nýlega hlutabréf í félaginu. Haraldur hefur verið stjórnarformaður Árvakurs síðustu níu árin og gegndi starfi framkvæmdastjóra í heil 28 ár.

- epa

MORGUNBLAÐIÐ Ný stjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, hefur tekið til starfa. Finnur Geirsson og Kristinn Björnsson eru nýir í stjórn.



Markaðssvæði Actavis stækkar um 200 prósent

Greiningardeild KB banka hefur hækkað verðmat sitt á Actavis í kjölfar kaupanna á bandaríska samheitalyfjafyrirtækinu Amide. Hlutafjárútbóði Actavis lýkur í dag.

Greiningardeild KB banka metur virði Actavis á tæplega 147 milljarða króna sem gefur verðmatsgengið 44,3. Þegar verðmat KB banka var gefið út í fyrradag var gengið um 39,5 eða rúmum tólf prósentum lægra en greiningardeildin telur að það eigi að vera. Fram eftir degi í gær var gengi bréfa Actavis í Kauphöllinni í kringum 41 og hafði hækkað um rúm fjögur prósent.

„Með kaupum á bandaríska samheitalyfjafyrirtækinu Amide stækkar markaðssvæði Actavis um tvö hundruð prósent. Bandaríkin eru með um helming af samheitalyfjamarkaðnum í heiminum og verður stærsta markaðssvæði Actavis eftir kaupin. Þarna liggja mjög mörg tækifæri. Við gerum ráð fyrir að vöxtur tekna verði hlutfallslega mun meiri þar en í Evrópu eftir árið 2007 þegar fyrstu vörur Actavis fara á markað vestra,“ segir Haraldur Yngvi Pét-



LYFJAÚTFLUTNINGUR VEX Árið 2007 mun Actavis flytja fyrstu lyfin inn á Bandaríkjamarkað, sem er með um helming af samheitalyfjamarkaðnum í heiminum.

ursson í greiningardeild KB banka. Í verðmati KB banka kemur fram að Actavis hafi þegar sótt um markaðsleyfi fyrir nokkur lyf í Bandaríkjunum og búist sé við að átta til tíu lyf muni bætast í þann hóp á næstunni. Saman munu Actavis og Amide sækja um markaðsleyfi fyrir að minnsta kosti fjórtán lyf á Bandaríkjamarkað á þessu ári.

Nú stendur yfir hlutafjárútbóð hjá Actavis vegna kaupanna á Amide og lýkur því klukkan fjögur

í dag. Actavis mun greiða 500 milljónir dollara í reiðufé fyrir Amide eða um 33 milljarða króna. Gengi bréfa í hlutafjárútbóðinu er 35,8 krónur á hlut, sem er töluvert lægra en verðmat KB banka gefur tilefni til. Heildarvirði hluta í útbóðinu eru tæplega 21 milljarðar króna og eru um 345 milljónir hluta falir.

Forgang í útbóðinu hafa þeir sem voru skráðir á hluthafalista félagsins í lok dags 3. júní síðastliðinn. bjorgvin@frettabladid.is

Japanir flytja minna út

Útflutningur Japana hefur minnkað hratt undanfarið og er háu olíuverði og minni eftirspurn frá Kína



JAPÖNSK FRAMLEIÐSLA Japanir flytja mun minna út en áður og segja sérfræðingar hagkerfið nú drifið áfram af innlendri eftirspurn.

kennt um. Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um 100 milljarða króna í maí og hafði tekjuafgangur minnkað um tæp 70 prósent frá því á sama tíma fyrir ári.

Hafa japanskir framámenn miklar áhyggjur af þessari þróun enda hefur útflutningur verið undirstöð japansks efnahags í mörg ár. Góðu fréttirnar eru þó þær að útflutningur Japana til Bandaríkjaanna heldur áfram að aukast, en samanlagt er útflutningur til Kína og Bandaríkjaanna rúmum þriðjungur alls útflutnings Japana.

Sérfræðingar segja efnahagskerfið nú drifið áfram af innlendri eftirspurn. - jsk



adidas Predator Pulse II

Toppskórinn í Predator línunni frá adidas. Fótboltaskór úr kengúruleðri sem er mýksta leður sem til er. Predator tækni sem gefur 30% meiri skotkraft og snúning en aðrir skór. PowerPulse tækni í millisólanum færir þyngdarpunktinn fram sem stuðlar að meiri krafti í skotum og sendingum. Tvískiptur sóli gerir skóinn stöðugri og þægilegri. Takkarnir henta best fyrir grasvelli. st. 36 - 38,5

verð. **14.990** kr.

adidas Predator Pulsion

Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum. st. 32 - 38,5

verð. **8.990** kr.

adidas Predator Pulsion

Fótboltaskór úr mjúku leðri sem aðlagast fætinum einstaklega vel. Predator tækni framan á skónum eykur skotkraft og snúning. Teygja sem heldur tungunni fastri yfir reimum. Nýr litur á skónum sem er hannaður af meistara David Beckham. st. 32 - 38,5

verð. **8.990** kr.

Flottir fótoltaskór fyrir hressa

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	2.55	13.30	00.04
AKUREYRI	1.28	13.15	00.59
Heimild: Almanak Háskólans			

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er fimmtudagur 23. júní, 174. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Afmælið hans brósa hlýtur að vera fyrr en mig minnti. Hann er strax orðin svo góður við mig!

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 8

- Flokkar**
- Bílar & farartæki**
- Keypt & selt**
- Þjónusta**
- Heilsa**
- Skólar & námskeið**
- Heimilið**
- Tómstundir & ferðir**
- Húsnæði**
- Atvinna**
- Tilkynningar**

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á vísir.is

allt

heimili o.fl.
Krukka eða krús
BLS. 7

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á vísir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grétar fylgist ágætlega með tiskustraumum en þegar kemur að því að velja uppáhalds flíkina þá segir hann sokkana ómissandi.

Allir jafnir í fataskápnum

Grétar Sigfínnur Sigurðsson, fótbolta- maður í Val, gerir ekki upp á milli flíkanna í fataskápnum sínum og gæti ekki lifað án sokkana.

Þegar blaðakona spyr Grétar hvað sé ómissandi í fataskápnum hans kemur spurningin svoltíð flatt upp á knattspyrnu- kappann. „Ég held að ég gæti ekki lifað án sokkana minna,“ segir Grétar og hlær. Þegar blaðakona vill fá frekari útlistun á sokkasafni hans hlær hann og svarar. „Þetta svar var eiginlega meira sagt til þess að gera grín að spurningunni. Mér finnst hún nefnilega frekar asnaleg. Ég kaupi

mikið af fötum en ég á ekkert eitt sem er í uppáhaldi eða eitthvað sem ég er alltaf í. Ég gef öllum flíkunum í fataskápnum jafnt tækifæri og geri ekki upp á milli flíkanna svo engin rífrildi skapist í fataskápnum. Það eru allir jafnir í skápnum mínum.“ „Ég fylgist ágætlega með því sem er í tísku en reyni ekki að eltast við tiskustrauma. Ég kaupi það sem mér finnst flott hverju sinni og flla en ég reyni að hugsa ekki of mikið um hvað er í tísku og hvað ekki. Ég ligg í það minnsta ekki andvaka yfir því hverju ég eigi að vera næsta dag og á nóg á fötum sem ég get farið í strax þegar ég vakna á morgnana,“ segir Grétar Sigfínnur Sigurðsson.

lilja@frettabladid.is

Tekist á við óreiðuna

ÞAÐ ER AUÐVELDARA ER AÐ FINNA HLUTINA Í VEL SKIPU- LÖGÐUM SKÁP.

Skáparnir á heimilinu geta oft orðið að einhvers konar svart- holi þar sem öllu er hent inn og sumt virðist hverfa að eilífu. Á sumrin leitast flestir við að vera úti, en rigningardegi er vel varið inni við að endur- skipuleggja skápna og hver veit nema maður finni sund- fötin frá því í fyrra. Eflaust lenda margir í vandræðum með hillupláss eða finna leið til að skipuleggja hlutina þannig að auðvelt er að finna þá. Með smá hyggjuviti og nokkrum kössum er hægt að breyta hvaða ruslaralega skáp sem er í fyrirmyndarskáp sem unun er að opna og horfa inn í. Nokkrir góðir hlutir geta skipt sköpum, eins og góðir kassar og hilluhengi, en það þarf



MYND GETTY

Vel skipulagður skápur auð- veldar manni að finna hlutina.

bara að muna að mæla skáp- inn áður en rokið er til og kassarnir keyptir.

LIGGUR Í LOFTINU í tísku

Fyrirsætan Heidi Klum og eiginmaður hennar söngvarinn Seal ætla að búa í Þýskalandi og ala þar upp barn sitt. Ástæðan er sú að brauðið í Þýskalandi er gott fyrir rödd Seal, en hann segist vera með fæðuofnæmi og flestar brauðteg- undir fari illa í hann og skaði röddina.

tíma en Louis Vuitton vill sam- eina þetta opnun á nýrri verslun á Champs Elysses sem verður opnuð næsta dag.



Berkeley-hótelíð í London hefur tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á pret- a-porter meðlæti með kaffinu. Bakkelsið er sum sé búið til samkvæmt nýjustu tísku, til dæmis er hægt að fá smákökur í formi kvenlíkama sem eru íklæddar, þ.e. kremið líkist bikini frá Gucci samkvæmt nýjustu sumarlífunni.

Elton John hefur boðist til að aðstoða tónlistarmanninn Pete Doherty við að losna undan eiturlýfjafíkn. Elton hefur áður aðstoðað stjórnurnar Robbie Williams og Donatellu Versace að yfirvinna líkn sína. Auk þess hefur hann ítrekað áhuga sinn á að syngja dúet með Kate Moss, sem er kærasta Pete Doherty.

Vera Wang sem er þekkt fyrir hönnun sína á brúðarkjólum, hefur nú hannað lúxus brúðar- svitu á hóteli í Hawaii. Nóttin í svíttunni kostar um 250 þúsund íslenskar krónur og á að vera sérstaklega rómantísk. Vera Wang er þá komin í hóp tísku- hönnuða eins og Armani, Ver- sace og Christian LaCroix sem allir hafa hannað hótél.

Louis Vuitton hefur ákveðið að taka síðasta plássíð í október til að sýna vor- og sumartísku sína fyrir árið 2006. YSL Rive Gauche-sýningin hefur yfirleitt verið haldin á þessum

tiska@frettabladid.is

Þjóðum upp á vaxtalausar raðgreiðslur í júní.



Ný sending frá **Villa collection.**
Full verslun af glæsilegri gjafavöru og skreytiefni fyrir brúðkaupin og veislurnar.
Munið brúðagjafalistana og gjafakortin.



Glæsileg ný húsgagnalína fyrir eldhús og bað úr sérlega vönduðu tekki, tilvalið fyrir heimilið og sumarhúsið.



Brjóstahaldari

Nauðsynlegt er að fá aðstoð frá fagmanneskju reglulega við val á brjóstahaldara því meðalkonan breytir um brjóstahaldarastærð 6 til 8 sinnum á ævinni. Flestar konur nota brjóstahaldara í vitlausri stærð.



EFNALAUGIN
BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Íslensk hönnun
Mikið úrval af barnahúfum
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

Nýkomið!
Microfibra bolir og nærföt
Margir litir
CARU
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opíð virka daga kl. 11:00-18:00

LEÐURIDJAN ehf.
Brautarholti 4
Opíð mán-fös 10-18
www.atson.is

Bikiní Bikiní
Frábært úrval af sundfatnaði
Stórar stærðir
CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007

Flott föt Gott verð
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE **MAX** 12.900.- kr.
SLENDERTONE **FLEX** 17.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Litríkt karnival og nóg af fjöri



Sumarleg sundföt frá Lenny.



Rauður og sætur sumarstrákur í fötum frá Complexo B.



Brasilíska fyrirsætan Gisele Bündchen opnaði flotta tískusýningu hjá Colcci.

Sumartískan fyrir árið 2006 var kynnt í Ríó de Janeiro í síðustu viku og greinilegt að litir halda áfram að slá í gegn.

Sumartískan á næsta ári í Ríó de Janeiro í Brasilíu var kynnt með pompi og prakt í vikunni sem leið. Tískusýningar voru haldnar í nútímalistasafni í borginni og stóðu yfir í þrjú daga.

Helstu fatahönnuðir heims, eins og Maria Bonita, Mara Mac, Tessuti og Animale sýndu

hönnun sína sem og hönnuðir frá fjörutíu öðrum merkjum og tískuhúsum. Rúmlega sextíu kaupendur og fulltrúar einkaumboða komu á sýninguna en Brasilía kemst lengra inn á tískukortið með hverju árinu sem líður.

Þegar hugsað er um Brasilíu þá koma litir fyrst upp í hugann. Litríkt karnival og nóg af fjöri og það var nákvæmlega það sem einkenndi sumartískuna fyrir næsta ár. Fullt af litum, eins og í ár, litríkar og stórar perlufestar og skemmtileg höfuðföt.

Gianne Albertoni sýnir dýrslegan fatnað frá Animale.



80'rs þema hjá hönnuðinum Karla Giroto.

Hönnuðurinn Redley notar aldeilis líti til að fagna sumrinu.

Aniston selur meira en Jolie

Í verslun í Bandaríkjunum geta aðdáendur Jennifer Aniston eða Angelínu Jolie styrkt stjórnuna sína með bola-kaupum.

Verslun í Los Angeles í Bandaríkjunum var ekki lengi að hagnast á sögusögnunum um samband Brad Pitt og Angelínu Jolie. Verslunin, sem heitir Kitson, selur um þessar mundir boli með slagorðunum Team Aniston eða Team Jolie þannig að viðskiptavinir geta haldið tryggð við uppáhaldsstjórnuna sína. Bolirnir hafa verið afar vinsælir en Aniston virðist vinsælli en Jolie þar sem þriggja mánaða biðlisti er eftir bolum með henni. Jolie og Pitt hafa neit að því að vera í ástarsambandi en eins og mörgum er kunnugt skildi Pitt við konu sína, Jennifer Aniston, vegna gróusagna um framhjálð Pitts og Jolie eftir að þau léku saman í Mr. and Mrs. Smith.

Bolir til styrktar Jennifer Aniston seljast meira en bolirnir hennar Angelínu Jolie.





Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Hárbrúskar hellismannsins

Sundfötin komin í töskuna. Ekki seinna vænna enda var sumardagurinn fyrsti hér í landi á þriðjudag, 21. júní. Nú er aðeins eitt eftir áður en farið er á sólarströnd og það er að eyða líkamshárunum, nokkuð sem konur hafa lengi þekkt en karlar eru að uppgötva. Samkvæmt nýlegri könnun rakar fimmti hver karlaður í Frakklandi eitthvað af líkamshárunum til að fullkomna útlitið, konum til mikillar ánægju, því nú þykir ekki lengur sérlega rómantískt að leggja höfuð sitt á kaflöðna bringu og horfa á nef fullt af hárum. Aðferðirnar eru ýmsar, allt frá rakvél upp í lasermeðferð sem eyðir hárunum fyrir fullt og allt. Karlar eru viðkvæmir fyrir því að kusk falli á karlmennsku myndina og því verður að setja á markað snyrtivörur sem eru ætlaðar þeim sérstaklega. Sjálfsagt er oft um sömu vörur að ræða og áður voru seldar konum.

Þekktasta og einfaldasta aðferðin við að eyða hárum er að raka þau. Nú eru komnar á markaðinn frá Remington og Braun rakvélur fyrir herra sem bæði eru fyrir skeggið og hárin undir höndunum eða á bringunni. Aðrir velja háreyðingarkrem sem skilur ekkert eftir en eitt fyrsta merkið sem setti á markað krem fyrir karlmenn Nair, markaðssetur fyrir þetta sumar háreyðingarspray sem er einstaklega auðvelt í notkun og hreinlegra en krem. Snyrtifræðingar eru þó ekkert hrifnir af kremunum og rakstrinum. Ekki bara vegna þess að viðskiptavinurinn er að þessu sjálfur heima hjá sér og kemur þar að leiðandi ekki í vaxmeðferð heldur vegna þess að rakstur og kremmeðferð auka hárvöxtinn. Þeir segja að líkamshárin verði harðari og líkist meira og meira skeggi. Í París eru nokkrar snyrtistofur eða fyrirtæki sem helga sig eingöngu fegrar meðferðum fyrir karla og þar er fjórðungur starfsmanna fólgin í háreyðingu með vaxmeðferð. Reyndar er sömuleiðis hægt að kaupa vaxborða til að nota heima við. En fyrir þá sem nenna ekki að standa í þessu vesni þá er varanlega lausnin leysigeislameðferð. Hárunum er þá eytt fyrir lífstíð. Vandamálið er einungis það að ekki dugir að fara einu sinni í slíka meðferð heldur getur þurft frá tveimur upp í tíu skipti eftir því um hvaða líkamspart er að ræða. Hver tími kostar um 150 evrur (ríflaga 12.000 krónur). En til þess að brjóstkassinn sem búið er að verja vetrinum í að stækka, njóti sín, verða hárin að fjúka og fína sundskýlan má ekki falla í skuggann af hárbúskunum sem standa út úr. Þeir lötustu sem ekki vilja vera flokkaðir með hellismönnum geta í það minnsta farið í smá kantskurð.

Matthew Williamson með nýjan ilm

Lengi hefur verið beðið eftir ilminum frá Williamson en hann var kynntur fyrir skemmstu.

Breski hönnuðurinn Matthew Williamson afhjúpaði nýja ilminn sinn í verslun Harvey Nichols í London fyrir stuttu. Lengi hefur verið beðið eftir ilminum, sem heitir einfaldlega Matthew Williamson, og var frumsýningarpartiði stjörnum prýtt. Williamson er frægur fyrir að hanna hippaleg og litrík föt fyrir stjórnur eins og Jade Jagger og Kelis. Innblásturinn fyrir ilminn kemur frá þeirri fyrirnefndu og ofurfyrirsætunni Helenu Christensen. „Ég vildi skapa ilm sem felur í sér lífstíl þessara stúlkna; hvernig þær klæðast og hvert þær fara í frá,“ segir Williamson. Útkoman er seiðandi ilmur með snert af vanillu, jasmín og trjákvöðu.



Williamson í frumsýningarpartiinu en fyrir aftan hann má sjá vöruna.

ERUM AÐ FLYTJA LAGERINN LAGERSALA

Vegna frábærra undirtekta höfum við ákveðið að hafa opið þessa helgi

Fáránleg
verð:

490

990

1490

1990

Opnunartími

fim. 12-18

fös. 12-18

lau 12-18

VERO MODA®

JACK JONES®

www.jackjones.com

EXIT

LAGERSALA LAUGAVEGI 97,
GENGIÐ NIÐUR PORTIÐ FRÁ LAUGAVEGI



Gullarmbönd kr. 1.090 stk. Topshop

Star Bronzer frá Lancôme frá kr 3.500-4.000

Gullhælskór kr. 5.990 Topshop

Gullínan frá Mac Sólarpúður kr. 2.390, Skin Shimmer fyrir líkama kr. 2.790, brons andlitsfarði kr. 2.990, gull-perlupúður kr. 2.290, Debenhams

Gull og meira gull

Gullið er búið að vera mjög áberandi í vetur og þessu gullæði er alls ekkert að ljúka.

Gulllitaðar flíkur og fylgihlutir eru og verða í efstu sætum vinsældalista tískumógúlanna út sumarið ef ekki lengur og það er alltaf að bætast við nýjan varning í glóandi gulli. Á sumrin verður gullið útlit á andliti og líkama líka mjög eftirsóknarvert. Eitt það flottasta á gullmarkaðnum núna

er nýja „Star Bronzer“ kremið frá Lancôme, „Pure Gold“ sem er makið um líkamann og gerir hann ómótstæðilega gylltan og glansandi. Einnig er sumarlínan frá Mac mjög girnileg, gulllitaðir augnskuggar, glansandi gloss og gullsanseraðir kinnalitir hafa aldrei verið vinsælli.

LAGERÚTSALA

BUXUR, PILS, PEYSUR, BOLIR OG JAKKAR ÚR ELDRI LISTUM

- 4 VERÐ - 900 - 1.900 - 2.900 - 3.900



PÓSTVERSLUNIN

SVANNI

Stangarhyl 5 • 110 Reykjavík
Sími: 567 3718 Fax: 5673732
svanni@svanni.is
www.svanni.is

Bikini

sundbolir strandtöskur
strandpils og sandalar



Sjáumst!
Cos
s. 588-5575, Glæsibær

Mikið úrval af yfirhöfnum
á 50% afslætti

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. - fös. 10 - 18 • lau. 10 - 16

TOPPHÚSIÐ

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNINS



FÁST Í LYF OG HEILSU

Dreifing: *essie*

falleg föt

...fyrir
frumlegar
konur

- Rúskinnjakkar - 20% afsl.
- Nýkomnir bolir frá YOEK

**Fata-
prýði**
GLÆSIBÆ
553-2347



Ég hef verið með LCN naglastyrkingu frá Heilsu og fegurð í nokkur ár og er alltaf jafn ánægð.

Ég mæli 100% með LCN naglastyrkingu.

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir.



HEILSA OG FEGURÐ



Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftast á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

TÍSKUVERSLUNIN
Smart

Kvennfatnaður og skór, fyrir konur á öllum aldri.

Vorum að taka upp helling af nýjum vörum

Armúla 15
Glæsibær Busataðvegur
Sími 588 8050, 588 8488
E-mail: Smartgna@simnet.is

„Í sandölum og ermalausum bol“

Sandalar og bolir eru ómissandi hluti sumarsins.

Að vera í sandölum og ermalausum bol á svona dögum er algjörlega málið. Láta sólina og hitann leika um kroppinn og njóta þess að fletta af sér flíkunum. Hvort sem maður er að spóka sig í bænum með ís í einni og bjór í hinn, sóla sig í Nauthólsvíkinni, eða bara hvar sem er, þá eru það sandalar og ermalaus bolur sem ganga alltaf alls staðar á bongóblívdögum. Nóg er til af sandölum og litlum bolum um allan bæ, oft á frábæru

verði, svo það ætti að vera á hvers manns færi að nálgast þessa mest ómissandi hluti sumarsins.

Fæst allt í Topshop

Bolur kr. 990
Sandalar kr. 3.990



Marcia Cross í sparilegum hlíraból og sandölum.



Bolur kr. 2.490 Sandalar kr. 2.990

Grænblár bolur kr. 2.490
Sandalar kr. 2.490

Terracotta-bolur kr. 899
Sandalar kr. 4.990

Litríkt, flott og kostar lítið

Í lágverðsversluninni Tiger er hægt að finna allt mögulegt fyrir sumarið fyrir lítið fé.

Það er svo skemmtilegt að kaupa sér fall-ega hluti fyrir sumarið. Litríka og skemmtilega hluti sem oftast en ekki eru lítið notaðir, kosta fúlgu fjár og eru úreltir fyrr en varir. Væri ekki gaman að geta keypt sér skemmtilega og tilgangslausa hluti sem kosta það lítið að maður fær ekkert samviskubit yfir því að nota þá ekki? Enn þá skemmtilegra væri ef þeir væru líka flottir og tolldu í tiskunni í sumar. Í lágverðsversluninni

Tiger er hægt að dressa sig upp frá toppi til tótar, fyrir utan fatnað, fyrir lítinn sem engan pening. Þar er allt til alls fyrir útileguna, utanlandsferðina og sólbáðið heima í garði. Tiger fylgir líka tiskunni og býður viðskiptavinum upp á alla fylgihluti sólarinnar í frábærlega flottum litum sem lifga svo sannarlega upp á umhverfið. Fréttablaðið fór á stúfana og setti saman skemmtilegt og litríkt dress sem kostar lítið meira en ein bíóferð og sómir sér sérdeilis vel í hitanum og sólinni hér á landi sem og utan lands.

Stór og litrík regnhlíf	400 kr.
Tiger taska	200 kr.
Barnaregnhlíf	200 kr.
Sólgleraugu	200 kr.
Gul og sumarleg derhúfa	200 kr.
Sumarlegur blómsveigur í anda Hawaii, tveir á	400 kr.
Garðhanskar, eitt par	100 kr.
Sandalar	400 kr.
Samtals:	2.100 kr.



lilja@frettabladid.is



Beckham-hjón í sjampóið?

ÞESSI FRÆGUSTU HJÓN Í HEIMI VILJA VERA ANDLIT L'OREAL.

Konunglegu Beckham-hjónin, Victoria og David, standa nú í samninga-viðræðum við snyrtivörurinn L'Oréal. Hjónin hafa hug á því að vera andlit hins fræga sjampós frá L'Oréal. Ef samningar nást mun fótbolta-stjarnan og kryddaða konan hans leika í sjónvarpsauglýsingum og sitja fyrir á plakötum sem munu innihalda slagorðið „Because you're worth it“, eða „Því þú átt það skilið.“ Síðustu ár hafa stjörnur eins og Jennifer Aniston, Beyoncé Knowles, Eva Longoria, Ben Affleck og Claudia Schiffer unnið fyrir L'Oréal.

Diskó, Hollywood og alvöru fólk

Fatahönnuðurinn, Christian Audigier, hefur komið víða við en hefur nú fundið sig undir sínu eigin nafni. Hann frumsýndi nýju línuna sína í Hollywood fyrir skömmu og er hún allt í senn – töff, ögrandi, skemmtileg, lifandi og fersk.

Ed Hardy Vintage Tattoo Wear“ kallast nýjasta tískulína Christian Audigier sem var frumsýnd fyrir skömmu í Hollywood. Frumsýningin var blanda af partí og tískusýningu og var hún svo sannarlega stjórnun prýdd og heimsfrægt fólk eins og Jessica Simpson, Bruce Willis, Paris Hilton og Naomi Campell voru meðal gesta.

Tískusýningin var hápunktur veislunnar og þemað svokallað „sexí diskó“ þar sem Christian blandar saman diskóstemningu skemmtistaðarins Studio 54, rauða dreglinum í Hollywood og Kaliforníutísku sem einkennist af brimbretta- og hjólabrettaiðkendum. Fötin voru sýnd bæði af atvinnufyr-

Litrík og skemmtilegt. Christian hannar ekki bara töffaraföt heldur líka töff djammföt.

irsætum sem og brimbrettagaurum frá Kaliforníu og jafnvel gengjameðlimum – sem sagt allt mjög frjálst og ferskt.

Christian er ekki ókunnugur í tískuheiminum og hefur sett mark sitt á fræg tiskumerki eins og Diesel, Levi's, Liberto og American Eagle.

Hann gekk til liðs við óþekkt fyrirtæki, Von Dutch, fyrir nokkrum árum. Hann var aðalhönnuður hjá fyrirtækinu og með hans hjálp komst Von Dutch á kortið út um allan heim og er virt tiskumerki í dag. Christian hætti hjá Von Dutch í ágúst á síðasta ári og uppgötvaði sniðuga markaðsfræði hjá Don Ed Hardy



FRETTABLAÐIÐ/GETTY

Tískulínan er fersk og var sýningin eftir því – fersk og fjörug. Í netbuxum og nærum – verður það betra?!

sem hefur verið kallaður guðfaðir nútímahúðflúra. Með hjálp Dons hannaði hann „Ed Hardy Vintage Tattoo Wear“ og hefur línan vakið mikla athygli á þessu ári þó að hún hafi ekki verið frumsýnd fyrr en nú.

Nýja línan er mjög skemmtileg, litrík og töff en margir samstarfsmanna Christians í tískuheiminum hafa hrósað honum fyrir mikla hæfileika og kraft. Christian er ekki hræddur við að fara ótroðnar slóðir og myndirnar tala svo sannarlega sínu máli. Gjörði svo vel.

lilja@frettabladid.is



Christian fékk til liðs við sig nokkra ekta Kaliforníugaura sem sýndu listir sínar í fötunum.

Það var allt skemmtilegt við tiskusýningu Christians og meira að segja þessi skólalastelpa skemmti sér vel.



Christian sjálfur lét sig auðvitað ekki vanta en hér er hann með unnustu sinni, Ira.

Útskriftargjafir.

Glæsilegt úrval skartgripa.

LÁRA
GULLSMÍÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

Við höfum flutt verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginum í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52

Gull & Silfur
Sími: 552 0620



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRETTABLAÐIÐ

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alþafjalla

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði
565-5970
www.sjonarholl.is

frumkvöðull að lækun gleraugnaverðs á Íslandi

Trúlofunar hringar

Jon & Óskar

Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

ÚTSALA
3 gerðir

www.drangey.is

kr. 4.900

Brúðarskór úr satíni – áður kr. 7.700

Drangey

MCPLANET

MCPLANET VERSLUN
Austurhraun 3
210 Garðabær
s: 533 3805

OPÍÐ:
mán - fös 10 - 18
lau lokað

FRÍSKLEG OG FALLEG HÖNNUN

Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Diskamottur

Oft vill henda að annað koddaverið úr setti týnist og aðeins eitt er eftir. Hægt er að safna þessum stöku koddaverum saman, strauja þau vel og nota sem diskamottur á matarborðið.



Brugg.is
vin og bjórgerðareitir

Pantaðu á netinu!!
GSM: 511-1820
Netfang: brugg@brugg.is

Allt til vingerðar!
www.brugg.is

Verslaðu á netinu á lægra verði!
Íslenska Margmiðunarfélagið ehf - Við erum í netverskun

Íslensk list
er góð gjöf

Galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

Ný sending af kristalsljósakrónum

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) • Sími 567 2133 • www.arinn.is

Glæsilegar og rómantískar brúðargjafir

Lene Bjerre®
Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kóp. • S: 534 7470 • Opið virka daga frá 10-18 • Lau. frá 10-16

Mikið úrval af piparkvörnum- einnig rafmagnspiparkvarnir Cole & Mason
V M F Bodum

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

KERAMIK Í GARÐINN
Útikamínur og fleira
Góð vinnuaðstaða fyrir keramik, gler og leir
Tökum á móti hópum.

Opið alla virka daga! 10-18
Listasmiðjan Keramik og glergallerý • Kothúsum, Garði, s. 422 79 35.

Blómin fyrir útskriftina

BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707
Íslandsmeistari í blómaskreytingum

MARC NEWSON liggur í flugvélasæti sem hann sjálfur hannaði.

SMART OG ÖÐRUVÍSI uppvottagrind.



OROGNE STÓLL. Sómir sér vel á geimskipi.



FRETTABLAÐ/NORDIC PHOTO/GETTY



VASALJÓS og hulstur utan um það.



POTTASETT hannað fyrir Tefal.

Framúrstefnulegur og hnyttinn

Marc Newson er einn merki-
legasti hönnuður samtímans.

Hinn rúmlega fertugi Ástrali Marc Newson er sennilega einn afkastamesti og áhrifamesti hönnuður okkar tíma og hefur hannað allt frá uppvottagrindum til flugvéla. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann átt glæsilegan feril víða um heim. Hann er nánast sjálfmenntaður hönnuður en Marc útskrifaðist úr



EMBRYO CHAIR, eða fósturstóllinn. Lög- un stólsins líkast legu fósturs í móðurkviði.

listaskóla í Sydney, sem skart-gripasmiður og myndhöggvari. Aðeins þremur árum eftir útskrift var hann komin til Tokyo þar sem fyrirtækið Idée hóf framleiðslu á húsgögnum hans og náðu þau miklum vinsældum bæði í Asíu og Evrópu. Næst settist hann að í París þar sem hann vann fyrir ítalska framleiðendur og hannaði ljós og húsgögn. Fáum árum seinna fluttist hann til London og stofnaði sitt eigið fyrirtæki sem heitir einfaldlega Marc Newson ehf. Þar sem hann hefur tekist á við stærri og viðameiri verkefni. Hann er mikill vinnuþjarkur sem virðist ekki eyða tíma sínum mikið í vitleysu, þar sem hann segist aldrei lesa tímarit né hlusta á útvarp. Yfirleitt segist hann vinna að hönnun sinni í flugvélum þar sem hann ferðast mikið og fætt annað að gera í löngu millilanda-flugi en að sökkva sér í verkefni, sem gæti verið ástæða þess að



GULUR OG FRÍSKLEGUR upptakari hannaður fyrir Alessi.

hann hefur hannað sérstaklega stór og þægileg flugvélasæti og einkapötu. Hönnun hans þykir framtíðarleg, sexy, hnyttin og frumleg og hefur hann einstaka hæfileika til þess að gera hana alþjóðlega. Hann hefur verið sérlega afkastamikill og hannað hluti fyrir heimili, eins og glös fyrir Iittala, vörur í eldhús og á baðherbergi fyrir Alessi, húsgögn og húsmuni fyrir Magis og B&B Italia, Idée og Dupont Corian, en mikið af þessum vörum fást á Íslandi.

Gjafavara
sem talað er um

Drangey
- ekkí hana sölar

PARLANE INTERNATIONAL

Stálkertastjaki
kr. 5.900

Smáralind | sími 528 8800 | drangey.is

989
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

Grillveisla

Föst verðtilboð í alla veisluna

Allt meðlæti, diskar, hnifapör og glös fylgja með.

Verð frá **798 kr.** á mann

ESJA
Kjöttvinnsla

Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640 Fax 567 6614
www.esja.is

Enn er **gengið til góðs!**

sofar.is **Betra verð**

sætir sófar
Smíðjuvegur 9 • Kópavogi • S: 564 1475

heimilið }

Krukka eða krús

HVAÐ SEM ÞÆR KALLAST ÞÁ ERU DRYKKJARKÖNNUR GÓÐAR UNDIR HEITA DRYKKI - OG KALDA.

Könnur, krukur, krúsir, jafnvel fantar. Það er eitthvað aðeins afslappaðra við drykkjarkönnu en kaffibolla með undirskál. Með auknum vinsældum kaffidrykkja sem þarfnast meira rýmis, eins og til dæmis kaffi latte, kjósa æ fleiri að drekka morgundrykkinn sinn úr könnu frekar en bolla. Svo má ekki gleyma þeim sem vilja helst af öllu drekka te og njóta þess að smakka til nýjar tegundir og fá alveg nýtt bragð. Íste er ekki síður gott úr góðri könnu en háu glasi og það er varla sá drykkur sem ekki á skilið að fá að vera í könnu eða krús - svona til tilbreytingar.



Þessar fallegu drykkjarkönnur eru eftir **Svanhvítu Magnúsdóttur** og fást í **Gallerí Smíðar og Skart** á Skólavörðustígnum í fjórum mismunandi litum. Könnurnar eru hluti af stærra stelli en njóta sín svona líka prýðilega einar. Þær kosta 2.300 krónur stykkið.



Þetta **littala** glas er alveg kjörið undir te af ýmsum hitastigum og „beltið“ kemur í staðinn fyrir hanka. Glasið, skeiðin og beltíð kosta 1.640 krónur í **Artform** á Skólavörðustíg.



littala glas, bolli eða kannu, allt eftir því hvað fólk vill kalla það. Til í fjórum mismunandi litbrigðum af röndóttu og svo eru líka til undirskálar og sitthvað fleira í sama stíl. Kosta 1.500 krónur.

Kolbrún S. Kjarval er löngu orðin þekkt fyrir fuglana sína en könnurnar sem hún býr til eru ekki síðri. Þær fást allar í **Gallerí KSK** á Skólavörðustíg 22.



Kanna með **lundamyndum** kostar 3.500 krónur.



Kanna sem **brosir** út í annað, 3.000 krónur.



Kanna með **grængylltu mynstri**, 3.000 krónur.



Drykkjarkrús að hætti **vikinganna**, 2.500 krónur.

Möguleikarnir óþrjótandi

ÞAÐ KEMUR VEL ÚT AÐ SETJA AFSKORIN BLÓM Í MARGA LITLA BLÓMAVASA.

Í stað þess að setja afskorin blóm öll saman í einn vasa er sniðugt að setja þau í marga litla í staðinn. Hvert blóm nýtur sín betur og litlu vasarnir henta vel í gluggakistur og hillur. Ekki þurfa allir vasarnir að vera eins né öll blómin eins. Skemmtilegt er að blanda saman ólíkum blómavösum, og jafnvel krukum eða glerföskum. Blómin



geta komið úr garðinum og litlar trjágreinar geta fengið að fljóta með. Þetta er skemmtilegt fyrir þá sem njóta þess að leika sér með að skreyta heimili sitt og leika sér með ólíkar uppsetningar. Blómunum er líka hægt að koma fyrir um allt hús þannig að afskorin blómavöndur nýtur sín ekki bara á einum stað.

Garðplöntustöðin NÁTTHAGI
Beygt 3 km austan við Hveragerði

Fallegar og harðgerðar plöntur í úrvali
Tré og runnar í garða, skógrækt og skjólbelti.
Einnig alparósir, klífurplöntur, berjarunnar, sígrænir dvergrunnar, fjölar blóm og sumarblóm.

Opið alla daga frá kl. 10 til 19
Sími: 483 4840 Fax: 483 4802
Veffang: <http://www.natthagi.is> Netfang: natthagi@centrum.is

PVC Gluggar • Sólhýsi
Hurðir • Svalalokanir

Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt

Hvít - Gulleik
Maghagony

Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.

Hafðu samband og við ráðleggjum þér

GLUGGA- OG GLERHÖLLIN

Ágöstrubraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glershollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar

í t ö l s k g æ ð a v a r a

Frístandandi heilir **STURTU** tab **KLEFAR**

TILBOÐSVERÐ 52.900 - stgr.

Stærð: 80x80
Hert öryggisgler
Segullæsing
Blöndunartæki
Sturtuset
Botn+vatnslás

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á NETINU

INNRETTINGAR & TÆKI

www.i-t.is

OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

Krúttleg sumarkerti með kertadisk

Tilboðsverð **990.-**

Blómaval - Sigtúni

brosta

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10 Sími 533 5800
www.sirnet.is/strond

STRÖND SHF.

Tertudiskur
Tilboðsverð: 2.200

Villeroy & Boch Kringlunni
Sími: 533 1919

Mynd eftir Hrafnhildi Bernharðsdóttur

Útskriftargjafir

í Galleríi Fold í Kringlunni og við Rauðarárstíg.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Opið laugardaga,
í Kringlunni 10-18, Rauðarárstíg 11-14

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Galleríi Fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



SUÐURLAND

[ÁFANGASTAÐIR Í ALFARALEIÐ]

FRÉTTIABLAÐIÐ/STEFAN

*Stendur vörð um
þrjú gildi
Þingvellir
Bls. 2*

*Vel varðveittur
undir öskunni
Stöng í Þjórsárdal
Bls. 4*

*Þeir kalla mig
Miss Bölti
Hlíðar Skaftafells
Bls. 6*

*Baka
hverabrauð
Geysisstofa í Haukadal
Bls. 7*

STENDUR VÖRÐ UM ÞRJÚ GILDI

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1930 með lögum sem samþykkt voru 1928.

„Guðmundur Davíðsson benti á nauðsyn þess að vernda Þingvelli í anda þjóðgarða Bandaríkjanna. Það var árið 1913 en það tók samt meira en hálfan annan áratug að koma hugmyndum hans á framfæri,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi Þjóðgarðsins á Þingvöllum.



Börn á aldrinum 6-12 ára spreyta sig í hlutverki fornleifafræðinga.

„Það er sagan fyrst og fremst sem dregur menn til Þingvalla, en um miðja síðustu öld komu fram hugmyndir um landrek og flekaskil og þá kom í ljós að Þingvellir voru einstakir með tilliti til þeirra kenninga. Á síðustu áratugum hefur vatnasvið Þingvallavatns og lífríki þess verið rannsakað og sýnt fram á einstakt lífríki þess. Þar hefur líf verið að þróast á síðustu 10.000 árum og er einstakt fyrir margra hluta sakir. Meginaðstreymi grunnvatns um Þingvallavatns liggur um sigdældina innan Þjóðgarðsins. Í dag stendur þjóðgarðurinn því vörð um þrjú gildi, sögu þingsins, jarðfræði og einstakar jarðfræðiminjar og lífríki Þingvallavatns. Í fyrra voru Þingvellir tilefndir á heimsminjaskrá Sameinuðu Þjóðanna og eru því á meðal 750 undra veraldar.

Ferðamennskan nær alltaf hápunktí yfir sumarið en þó er tímabilið alltaf að lengjast og má segja að það nái yfir allt árið. Talið er að á milli 350-400.000 ferðamenn heimsæki Þingvelli árlega. Stór hluti ferðamanna hefur ekki langa viðdvöl hér, stoppar kannski eina klukkustund, sérstaklega þeir sem eru í skipulögðum rútuferðum. Þeir hafa ekki langan tíma.“

Fræðslumiðstöð Þjóðgarðsins er opin frá 9-19 alla daga yfir sumarið. Hún er staðsett þar sem gengið er niður í Almagnagjá. Þar er margmiðlun notuð til að kynna sögu og náttúru Þingvalla og er kynningin í boði á fimm tungumálum. Gestir láta vel af þessu áður en gengið er um staðinn. Á sunnudögum klukkan 13.00 er Fornleifaskóli barnanna. Þar fá börn á aldrinum 6-12 ára að spreyta sig í hlutverki fornleifafræðinga á bókum Óxarár. Nánari upplýsingar um þjóðgarðinn má finna á www.thingvellir.is.



Búist er við aukinni aðsókn að Kirkjubæjarklaustri vegna áformaðrar opunar þjóðgarðs.

Stutt í náttúruperlur

Kirkjubæjarklaustur á Síðu hét áður Kirkjubær og var þar löngum stórbýlt og má segja að svo sé enn. Svæðið telst til merkustu sögustaða landsins. Klaustur og nágrenni geyma margar mestu náttúruperlur Íslands.

„Við bindum miklar vonir við komandi þjóðgarð (Vatnajökul), en þá eigum við von á stóraukinni gestakomu á Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri,“ segir Karl Rafnsson hótelsstjóri. „Hér er einstök náttúrufegurð og veðursæld og oft besta veðrið á landinu. Frá Klaustri er stutt í ýmsar náttúruperlur, svo sem Laka-gíga, Núpsstaðaskóg, Skaftafell og Jökulsárlón.“

Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri er vel útbúið, með 57 herbergi og öll með baði. Hótelíð er rekið undir merkjum Icelandair hótellanna. „Það var fyrir tilstilli Jóns Helgasonar sem þetta hótél varð til hér á Klaustri,

en hann byggði það af miklum myndarskap á sama tíma og aðrir eyddu fjármunum sínum í skuttogara.“ Karl Rafnsson var hótelsstjóri árin 1991-99 og hann kom því aftur að hótelsrekstri á þessum stað. „Við ætlum að byggja hér upp arðvænlega rekstrareiningu sem á að vera opin allt árið. Hér er reyndar opið allt árið en ferðamannatíminn yfir sumarið er alltaf að lengjast. Yfir vetrartímenn er það í okkar verkahring að ná í bitastæð verkefni svo sem ráðstefnur, árs hátíðir eða starfsmannaferðir því Kirkjubæjarklaustur hefur upp á margt að bjóða.“



Eyrarbakki

var í aldaráðir verslunarstaður Sunnlendinga. Í dag eru þar varðveitt mörg gömul hús sem bera vitni um merka fortíð og setja fallegan svip á staðinn. Hægt er komast í beina snertingu við fortíðina og fræðast um söguna í Bygðasafni Árnesinga í Húsinu frá 1765 og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.

Húsið

Söfnin eru opin kl. 11-17 alla daga í júní, júlí og ágúst, kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, sept. og okt. Á öðrum tímum eftir samkomulagi. Sími 483 1504 · www.husid.com

VELKOMIN Á STRANDARVÖLL

Golfklúbbur Hellu hefur aðsetur á Strandarvelli sem er glæsilegur 18 holu golfvöllur í um 90 km fjarlægð frá Reykjavík.

Kynnið ykkur árgjöld og fjaraðild.
S:487-8208 netf. ghr@simnet.is
Ormsvöllur 5, 860 HVOLSVÖLLUR



SELÁS-BYGGINGAR ehf.

Austurbyggð 20 • Laugarás • 801 Selfoss
☎ 486 8862 / 894 4142 • ✉ hakon@eyjar.is

Hákon Páll Gunnlaugsson
lögiltur húsnámsmeistari og byggingstjóri

Tilboðsgerð, tækjaleiga, viðhald, hurðir, gluggar, timbur, íbúða-, sumar og stálgrindarhús, vörubíll m/ 9 m. bílkrana



IS-land  **JÖKLASÝNING**

ÍS-land, jöklasýning á Höfn, Hafnarbraut 30, 780 Höfn í Hornafirði,
sími: 478 2665 / 470 8050, opið allt árið, sjá: www.is-land.is



Karen Engilbertsdóttir nýtur útsýnisins í nágrenni Landmannahellis.



Gistiskálarnir við Landmannahelli eru vinsælir fyrir ferðamenn.

Kenndur við móbergshelli

Í Landmannahelli hefur nokkuð lengi verið rekin ferðamannaþjónusta. Fyrsta húsið í Landmannahelli var byggt 1907 og því er gömul saga þar á bak við.

„Í kjölfar þess að byggt var gangnamannahús 1974 í Landmannahelli, hefur ferðamannaþátturinn á staðnum farið vaxandi. Átta einstaklingar úr Holtum og Landssveit tóku sig saman árið 1990, stofnuðu fyrirtækið Hellismenn ehf. og tóku gangnamannahús á leigu við Landmannahelli,“ segir Engilbert Olgeirsson, einn eigenda fyrirtækisins Hellismenn.

Landmannahellir er kenndur við móbergshelli sem er þarna á staðnum. Hann er sunnan undir Hellisfjalli og þar gísta ferðamenn áður fyrr. Landmannahellir hefur í seinni tíð aðallega verið nýttur fyrir hesta. „Frá því Hellismenn komu til sögunnar hafa tvö önnur gistihús bæst við og því eru Hellismenn ehf. með í leigu þrjú hús í Landmannahelli. Húsin taka 12, 24 og 28 manns í gistingu. Þau eru án rafmagns, en mörgum finnst það einmitt ákjósanlegt að hafa aðstæður sem frumstæðastar uppi á hálendinu. Hér er þó rennandi vatn, salerni og gaseldhús í öllum húsunum.

Landmannahellishúsin eru oft notuð af hestamönnum sem eiga leið um Fjallabaksleið. Hingað koma einnig fjölmargir gönguhópar því hér eru margar góðar gönguleiðir. Mikil veiði er í vötnunum í nágrenni Landmannahellis en Hellismenn ehf. selja veiðileyfi í vötnunum Tungnaár. Ekki spillir fyrir að veiðin hef-



Það er ekki amalegt að veiða silung við þessar aðstæður.

ur farið vaxandi undanfarin ár. Margar fjölskyldur hafa nýtt sér þetta, hafa þarna góða veiðivon og finnst gaman að renna fyrir silung. Upplagt er fyrir þá sem gísta í Landmannahelli að skreppa yfir í Landmannalaugar, en á milli eru 20 kílómetrar og um hálf tíma akstur.“ Frekari upplýsingar um aðstæður er hægt að nálgast á www.landmannahellir.is.



stór sending

Háþróaður og öflugur búnaður gerir okkur kleift að flytja stór og þung tæki hvert á land sem er.

Hvort sem það er inn á hálendið eða annað er stærð eða þyngd þess sem flytja skal engin fyrirstaða.

Upplýsingar í síma

458 8000

og á landflutningar.is

Tökum það með
trukki



Landflutningar
SAMSKIP

Háþróaður og öflugur búnaður



Sjö daga reiðtúrar

Ferðaþjónustubýlið Hestheimar er miðsvæðis á Suðurlandi í Ásahreppi í nágrenni Hellu.

„Þar sem við Gísli erum Skagfirðingar, er söngurinn í hestaferðum okkar í hávegum hafður,“ segir Ásta Begga Ólafsdóttir, en hún og maður hennar, Gísli Sveinsson, eru eigendur Hestheima. Þar bjóða hjónin, ásamt dætrunum Kötlu og Ingu Berg, upp á fjölbreytta persónulega þjónustu við allra hæfi.

„Hæst ber hestaferðir af öllum tegundum og lengdum, allt frá klukkutíma og upp í sjö daga. Í klukkutíma hestaferðum okkar byrjum við á því að setja alla okkar gesti á bak inni í reiðhöll, ríðum niður Steinslæk og förum yfir hann á nokkrum stöðum. Þó að þær ferðir séu ekki langar, er hægt að upplifa mikið landslag og dýralíf í þeim. Í dagsferðum er ríðið upp að Gíslholtsfjalli og Gíslholtsvatni. Þar er sumarþústaðabyggð, mikil náttúrufergurð og mjög fallegur reiðhringur.

Sjö daga reiðtúramir hefjast í Hestheimum, austan við Þjórsá og þaðan er ríðið með fram Þjórsánni að Vindási og gíst er í Hestheimum. Haldið áfram í kringum Skarðsfjall inn að Skarfanesi og þaðan að Galtalæk. Á þriðja degi er ríðið á mjúkum söndum í nágrenni eldfjallsins Heklu. Dagleiðinni lýkur við Landmannahelli. Næsta dag er ríðið að Landmannalaugasvæðinu sjálfu og dagurinn nýttur til böðunar í heitu laugunum þar og skoðunar á landssvæðinu. Frá Landmannalaugum er ríðið um Fjallabaksleið nyrðri inn að Skaftáreldahrauninu til Lambaskarðshóla. Síðasta daginn er



Skagfirðingurinn Gísli Sveinsson tekur sig vel út á hestbaki.

svo ríðið frá Lambaskarðshólum niður úr fjöllum og í Skaftártungu. Jökulánum Ófæru og Skaftá er fylgt í Tungusel þar sem ferðin endar. Leiðsögn er innifalinn í þessum ferðum og kvöldin jafnan nýtt í samsöng, sem allir kunna að meta.“ Í Hestheimum eru einnig hestasölu-sýningar einu sinni í mánuði frá ágúst og fram í júní. „Við bjóðum fólki að koma með sín eigin hross og setja þau í sölu hjá okkur. Íslendingar jafnt sem útlendingar sækja í ferðirnar hjá okkur en útlendingarnir virðast vera hrifnari af lengri ferðunum. Þeir hafa margir hverjir tekið ástföstri við Ísland, koma oft ár eftir ár og sumir bæði að sumri og vetri. Hingað kemur einnig töluvert af óvissuhópum og þá bjóðum við þeim upp á valmöguleika. Sumir hafa lítinn áhuga á hestaferðum og vilja kannski heldur gönguferðir, enda nóg af góðum gönguleiðum hér í nágrenninu. Reiðsýningar okkar verða sífellt vinsælli þar sem sýndar eru gangtegundir hjá íslenska hestinum.“



Bærinn Stöng í Þjórsárdal fór í eyði á elleftu öld vegna öskugoss í Heklu.

Vel varðveittur undir öskunni

Þjóðveldisbærinn er endurgerð bæjarins Stöng sem fannst 1939 við rannsókn fornleifafræðinga. Allur Þjórsárdalur fór í eyði 1104 þegar Heklugos var á þessum stað.

„Þegar Stöng fór í eyði var mikið öskugos í Heklu en bærinn hefur varðveist afar vel. Tekin var ákvörðun um endurbyggingu bæjarins í þáverandi mynd árið 1974, á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar,“ segir Gerður Kærnested, bæjarvörður Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal.

„Þetta er eini slíki bærinn frá elleftu öld á Íslandi sem hægt er að skoða í upprunalegri mynd. Við höfum aflað okkur töluverðra upplýsinga um lifnaðarhætti fólksins sem bjó hérna. Stöng var landsnámsjörð og minnst á hana í Landnámu. Maðurinn sem hér bjó var mikill höfðingi, Gaukur Trandilsson. Vitið er til þess að hann hafi farið í viking til Bretlandseyja og hægt að skoða rúnaristur eftir hann á Orkneyjum. Til var Íslendingasaga um þennan mann en hún hefur glatast þannig að við vitum ekki hvað stóð í henni. Þó hafa varðveist munnmæli um að hann hafi átt í ástarsambandi við húsfreyjuna á næsta bæ, Steinastöðum. Sama munnmælasaga hermir að Gaukur hafi endað ævina þegar eiginmaður húsfreyjunnar á Steinastöðum vó hann á Gaukshöfða hér í grenndinni.

Sögur þessar gefa staðnum auknið gildi og skemmtilegra er að skoða Þjóðveldisbæinn og umhverfið út frá þeim. Stöng er dæmigerður bær fyrir sinn tíma, meðalstór á landnámsöld þó að hann hafi verið ríkmannlegur. Á Stöng bjuggu um 30 manns og aðalíveruhúsið var 17 metrar að lengd og sex metrar að breidd, 102 fermetra rými. Hér í Þjóðveldisbænum eru ýmsir munir tengdir þjóðveldisöld til sýnis. Allir munirnir eru endurgerðir, því engir fundust eftir gosið. Íbúar höfðu greinilega flúið staðinn með alla

muni sína og gripi þegar askan úr Heklu huldi bæinn. Landshættir voru ólíkir því sem nú er. Greinilegt er að þarna var blómleg byggð og kornrækt stunduð. Loftslag var hlýrra þá en nú er.

Það tekur ekki langan tíma að keyra hingað, aðeins um 40 mínútur frá Þjóðvegi 1 en afleggjarinn er frá Flúðum austan Selfoss. Hér í dalnum er mjög glæsilegt tjaldsvæði og bændagisting ef menn kjósa það frekar. Hestaleigan Ásólfstaðir er hér skammt undan og fróðlegt fyrir ferðamenn að skoða Sultartanga sem sýndur er á vegum Landsvirkjunar. Hér í Þjórsárdalnum eru margar náttúruperlur, fossasvæðið Gjáin, Háifoss, sem er næststærsti foss landsins, og Hjálparfoss sem er í aðeins fimm mínútna akstursfjarlægð frá Þjóðveldisbænum. Hálendislandslagið sem rennur hér saman við ræktuð skógarsvæði er gríðarlega fallegt. Hér er einnig fyrirtaks sundlaug í næsta nágrenni við hverasvæðið í Reykholti. Svæðið býður því upp á marga skemmtilega möguleika fyrir ferðamanninn.“

Þetta hefur væntanlega verið dæmigerður klæða- og vopnabúður á þjóðveldisöld.



Alhliða trésmíði ásamt innrömmun

BYGGINGAFÉLAGIÐ
LASKI

Gagnheiði 9 800 Selfossi
Sími 8952838 / 8958238 - laski@isl.is

Sumarstörf á Jökulsárlóni **Glacier lagoon**

Jökulsárlón ehf óskar eftir að ráða sumarstarfsmenn á Jökulsárlón, einn vinsælasta ferðamannastað Íslands.

Störfin felst í ýmsum þjónustustörfum við ferðamenn á Jökulsárlóni. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að snyrtilegum og þjónustuliprum einstaklingum með góða tungumálakunnáttu og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark 20 ár.

Umsókn ásamt ljósmynd og ferilskrá skal skila á netfangið atvinna@jokulsarlon.is. Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á www.jokulsarlon.is.

Upplýsingar um störfin veitir Erna í síma 478 2122

olis

Litla kaffistofan alltaf í alfaraleið.

Eldsneyti og veitingar
Opíð alla daga frá kl. 06:30 til 21:00

olis Verslunin Borg
Grimmsnesi
s; 486 - 4408

Matvara - eldsneyti - gas

Opíð allt árið um kring,
sumartími ; 10 - 22
vetrartími ; 10 - 18

Sofnað út frá tilvitnunum í meistarann

Á Hala í Suðursveit svífur andi Þórbergs Þórðarsonar yfir vötnum. Sögugöngur eru farnar um nágrennið og gisting er á staðnum þar sem ýmislegt minnir á meistarann.

„Ferðirnar hér í kring taka klukkustund og er um þrjár leiðir að velja,“ segir Þorbjörg Arnórsdóttir, húsfreyja og skólastjóri á Hala. Hún tekur fram að fólk geti farið í þær ferðir sjálfst og án leiðsagnar ef það vilji því vísbendingar leiði það áfram. „Þetta er ratleikur sem bæði rifjar upp ýmislegt í bókum Þórbergs og bendir á kennileiti í landinu,“ útskýrir hún. Að auki segir hún boðið upp á ferð í Staðarfjall, eða Pappylisfjall eins og meistarinn kallaði það einatt, og sú ferð tekur um fjóra tíma.

Unnið er að því að koma upp Þórbergssetri á Hala. Hvernig skyldi því miða? „Safnið verður ekki opið á þessu sumri nema hvað vísir að því er á Breiðabólstað þar sem við höfum opnað gístaðstöðu. Þar eru ýmsar tilvitnanir úr bókunum, örnefnum gerð skil og fleira slíkt,“ svarar Þorbjörg og



Austurhlíð Þórbergsseturs lítur svona út.

heldur áfram. „Að öðru leyti er allt rólegt í Þórbergssetrinu. Það eru komnar bókastöðir á bókhöðuna en meira verður ekki gert í sumar, fyrir utan jarðvinnu og tiltekt úti við. Meiningin er að byrja aftur í haust eða í síðasta lagi um áramót

og opna einhvern hluta hússins næsta sumar. Það veltur þó allt á fjárveitingum. Þetta er verkefni sem þarf að byggja upp bæði fjárhagslega og hugmyndafræðilega þannig að það gengur ekkert einn, tveir og þrír.“

ÍSLENSKIR DAGAR Á NÝJU GRÆNMETI Í BÓNUS 23. - 26. JÚNÍ

**EKKERT
BRUÐL**



ÍSLENSKIR TÓMATAR
129
kg KR.



ÍSLENSKIR
KIRSUBERJATÓMATAR
179
250g box KR.

Agúrkan telst til sömu ættar og t.d. vatnsmelónan og eitt elsta grænmeti sem tilheyrir menningu mannanna en næringargildi hennar telst ekki mikið - hún mun vera 96.4% vatn sem gerir hana aftur mjög frískandi og kalóríusnaða og einnig hentuga í aðhaldsfæði.



ÍSLENSKAR AGÚRKUR
129
45kr. stykkið kg KR.

Auk góðs bragð síns eru tómatarnir sagðir góð uppspretta kalíums og karótíns, einnig ágætis uppspretta E- og C- vítamína, auk þess að vera kalóríusnaðir og þar með tilvaldir í aðhaldsfæði.

Veljum íslenskt!

**EKKERT
BRUÐL**

Paprikan er sögð innihelda allt að þreföldu magni appelsínunnar af C-vítamíni og vera mjög góð uppspretta karótíns.

HÆGARI VÖXTUR - KRÖFTUGRA BRAGÐ!

ÍSLENSK PAPIKA

299
kg KR.



NÝTT ÍSL. GRANDSALAT

149
PLANTA Í POTTI KR.

GRANDSALAT
ferskt og gott í potti

Beta- karótín innihald gulrótarrinnar og hollusta þess, skipar gulrótinni í stjörnuhlíð grænmetisins en undarlegt sem það er, þá er sagt að karótíninnihald hennar tvö- til fimmfaldist við suðu en farið hægt, það glatast að miklu við ofsuðu.

YLRAEKTADAR
nýjar íslenskar gulrætur

SÓLHVARFA GULRÆTUR

259
500g POKI KR.



Þó salatblöð séu mjög kalóríusnað og séu meira en 90% vatn þá munu þau innihalda næringarefni eins og C-vítamín, fólínsýru, kalsíum og beta karótín, því dekkri blöð þeim mun meira karótín.

Skynsemin velur Bónus

ERAN/Landlist



HRAFNAÞING
Alla virka daga kl. 13.



Talstöðin
FM 90,9

Galleri smíða
LISTMUNIR, BLÓM & GJAFAVARA.
Galleri smíða er staðsett í nýju verslunarmiðstöðinni í Hveragerði. Þar er að finna ýmsa listmuni unna úr leir, gleri og silfri eftir Hrönn Waltersdóttur, ásamt ýmsum öðrum gjafavörum á sanngjörnu verði.
Verið velkomin

VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT
16 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Verð frá aðeins
3.400 kr.
nóttin á mann
Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is
Sími 444 4000

KERTA
smíðjan
Gerid ykkar eigin kerti
Í Kertasmíðjunni getur þú gert þín eigin kerti af öllum stærðum, gerðum og regnbogans litum.
kerti - stjakar - skreytingar
hamborgarar - franskur pylsur - nammi
Opnið mánud - þriðjud frá kl. 11:00 - 17:00
Opnið miðvikud - sunnud frá kl. 11:00 - 19:00
Kertasmíðjan Brautarholti Skeiðum, 801 Selfossi.
s: 486 5518 - fax: 486 5617
KERTASMIDJAN@KERTASMIDJAN.IS
WWW.KERTASMIDJAN.IS

Þeir kalla mig Miss Bölti

Í skógi vöxnum hlíðum Skaftafells í Örafum stendur bærinn Bölti. Þar hefur Guðveig Bjarnadóttir boðið upp á gistingu í áratugi.



Guðveig er orðin ekkja og býr ein en nýtur hjálpar barna sinna í annriki sumarsins.

„Fararstjórarnir kalla mig Miss Bölti þegar þeir panta hjá mér. Það er svo erfitt fyrir þá að segja nafnið mitt," segir Guðveig hlæjandi. „En þeir sömu koma ár eftir ár með hópa og halda tryggð við mig enda er fólk oft alveg bergnumið af feegurðinni og mikilleik landslagsins hér." Guðveig kveðst hafa verið byrjuð með ferðaþjónustuna áður en vegurinn opnaðist yfir Skeiðarársand 1974. „Þetta byrjaði þannig að gamall skólaborðir minn, sem vann hjá Flugfélaginu, hringdi og kvartaði undan því að gistingu vantaði í sveitinni. Hann vissi að ég talaði erlend mál og fannst upplagt að ég leysti málið og það varð úr að við hjónin fórum að leigja út herbergi. Síðar smíðuðum við tvö smáhýsi hér á hlaðinu sem taka sex manns hvort, svo hér geta 17-19 gisti í einu. Einnig útbjuggum við eldunaraðstöðu og ég hef

morgunmat fyrir þá sem gista inni. Að öðru leyti via ég á Hótel Skaftafell," segir Guðveig, sem finnst það mikil afturför að engar veitingar skuli vera við tjaldstæði þjóðgarðsins lengur. „Það er bagalegt fyrir marga sem koma hingað í rútum og eru matarlausir að geta ekki keypt mat á staðnum," segir hún.

Guðveig er uppalin í Reykjavík en flutti með manni sínum Jakobi Guðlaugssyni að Skaftafelli árið 1953, meðan flest vötn í sveitinni voru óbrúuð. „Jakob frétti að Bölti væri laus til ábúðar og spurði hvort ég vildi flytja með sér austur. Ég sagði nei. Ég vildi ekki búa svona afskekkt. Hann hélt áfram að ympra á þessu og þá sagðist ég koma með honum og vera í fimm ár. Þá gleymdi ég bara núllinu fyrir aftan. Nú get ég ekki hugsað mér að fara."



Unga fólkíð kann vel að meta leiktæki á Úlfjótswatni.

Upphaflega skátamiðstöð

Segja má, að skátastarfsemin á Úlfjótswatni og fyrsti vísir að Útilífsmiðstöðinni á Íslandi hefst þegar nokkrir skátar, flestir úr Skátafélagi Reykjavíkur, fóru austur að Úlfjótswatni til þess að undirbúa og setja upp tjaldbúðir.

„Reykjavíkurbær hafði keypt jörðina að Úlfjótswatni til að tryggja sér vatnsréttindi í Soginu vegna virkjunarframkvæmda og afhent jörðina skátahreyfingunni til afnota um óákveðinn tíma. Seinna var gerður samningur um þessa starfsemi við Orkuveitu Reykjavíkur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar," segir Guðmundur Björnsson, verkefnastjóri Útilífsmiðstöðvar á Úlfjótswatni. Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótswatni er víð suðurenda Úlfjótswatns í 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík sé farin hin stór falletta Nesjavallaleið um Hengilinn, en 60 mínútur sé farið yfir Hellisheiði og Þrastarlund.

„Framan af var uppbyggingin á Úlfjótswatni fyrst og síðast miðuð við starfsemi skáta. Fyrir tíu árum var mörkuð sú stefna að opna svæðið fyrir almenningi og stórbæta aðstöðu fyrir tjaldgæsti. Einnig var öll aðstaða til afþreyingar stórbætt. Í dag getur Útilífsmiðstöðin tekið á móti 3000 manni í tjöldum og fellihýsum, þar er hreinlætisaðstaða með heitu vatni sem og uppþvottaðstaða. Í boði er rafmagn fyrir húsbíla og fellihýsi. Þá eru stór útigirill á staðnum til afnota fyrir gesti. Á staðnum eru skálar sem hýsa allt að 130 manns í kojum eða svefnpokaplássi. Afþreyingarmöguleikar á Úlfjótswatni eru fjölmargir. Mjög stutt er í sundlaug (Ljósafofsslaug) og golfvöllur er í næsta nágrenni. Bátaleiga er á staðnum með kanóum, kajökum, seglbátum og nú síðast pedalbátum. Þá mega allir gestir Útilífsmiðstöðvarinnar veiða í Úlfjótswatni og er veiðin innifalín í tjaldgjaldinu. Á staðnum er stærsti klifurturn landsins, þrautabrautir, leiktæki, trampólín, hoppkastalar, kassabílar, vatnasafari og nú síðast lítill dýragarður með kálfum, lömbum, kaninum, hænum og hestum. Útilífsmiðstöðin nýtur æ meiri vinsælda til ættarmótahalds og fyrir-tækjaferða. Starfsmenn Útilífsmiðstöðvarinnar taka að sér að skipuleggja dagskrá og framkvæmd hennar, sé þess óskað. Er svo komið að nær allar helgar sumarins eru fullbokaðar, en skipulag svæðisins er með þeim hætti að halda má allt að fjögur ættarmót í einu og vera samt út af fyrir sig.

Um verslunarmannahelgina verður Fjölskyldumótið á Úlfjótswatni, fyrir fjölskyldufólk sem njóta vill útivistar og náttúrufegurðar án allra þeirra láta sem fylgja flestum þeim útihátíðum sem í boði eru þessa helgi. Afengis- og vímuefnaneysla er ekki liðin á Úlfjótswatni og er tjaldsvæðið aðeins ætlað fjölskyldufólki og þeim sem vilja njóta lífsins án vínu."

VANTAR HITTA FYRIR EGGJASUÐU

Hverasvæðið í Hveragerði hefur tekið miklum breytingum undanfarnar vikur og áhöld eru um það hvað valdið hafi breytingunum.

„Hverasvæðið við Hveragerði hefur tekið miklum breytingum undanfarnar vikur og talið er að breytingarnar séu í tengslum við smáskjálftahrinu sem reið yfir nýverið eða breytingu á grunnvatnsstöðu vegna lítillar úrkomu," segir Skúli Arason, forsvarsmáður landshlutamíðstöðvar ferðamála í Hveragerði.

Suðurland hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamanninn, enda tekur það ekki langan tíma fyrir höfuðborgarþví að



Landshlutamíðstöð ferðamála í Hveragerði.

keyra á umráðasvæði landshlutamíðstöðvarinnar. „Hverasvæðið við Hveragerði er orðið mjög áhugavert fyrir ferðamenn, jafnvel þá sem komið hafa hingað áður, vegna þess hve miklum breytingum það hefur tekið. Við suðum oft egg fyrir gesti okkar á hverasvæðinu og Nýi hverinn sem við notuðum í eggjasuðuna, tæmdist í umbrotunum á dögnum og hefur ekki komið aftur nægilega heitur til þess að hægst sé að nota hann í þá iðju. Það hefur einnig vakið athygli okkar að Bláhver, einn af okkar þekktustu hverum á svæðinu, breyttist í eins konar gráhver. Á svæðinu eru nokkrir gufuhverir og tveir nýir hafa myndast. Svæðið er því að taka miklum breytingum þessa dagana og allsendis óvíst að þær breytingar haldi áfram yfir sumarið."

Lokað í Borgartúni vegna flutninga

Við erum að flytja verslun okkar í nýtt húsnæði
og þurfum því að loka í Borgartúni
í nokkra daga.

Við bendum viðskiptavinum okkar á útibú Bílanausts:



Bíldshöfða 12



Kópavogi



Hafnarfirði

Opnum

eftir nokkra daga glæsilega verslun
að Bíldshöfða 9

nánar auglýst síðar



Önnur þjónusta



Skráning í kvartmílukeppni sem haldin verður laugardaginn 25. júní er upp á braut frá klukkan 20-22 þann 23. júní eða í síma 848 8368 & 692 2323

HEILSA

Heilsuvörur

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólóf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting



Thalasso therapy.

"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orku-gefandi, vökválosandi og greinandi. Greifnynjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Leðursófasett 3+1+1. Sófasett úr svartri nautshúð til sölu. Fjögurra ára gamalt úr Habitat. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 868 1223. Verðtilboð.

Til sölu 10 ára gamalt blátt alcantara sófasett 3+1+1, keypt í Öndvegi. Selst á 30 þús. Einnig glerborð. Uppl. í síma 864 9606 & 552 9190.

Heimilistæki

Til sölu ísskápur, sæmilega vel með farið. Verð eftir samkomulagi ef viðkomandi sækir hann. S. 867 0116.

Gefins

4 mjög sætir slamsblandaðir kettlingar fást gefins. Upplýsingar í s. 691 2786.

Dýrahald



Silkyterier strákur til sölu. Sprautaður, með ættbók. Verð 90 þús. Uppl. í s. 567 4268 og 695 8092.

NUTRO - 30 % afsláttur!

Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Stórt hundabú til sölu. Verð 15 þús. Upplýsingar í síma 896 1692.

Til sölu Stóra Dan hvolpar, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 848 6567.



Fiskabúr.is

Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is

Fatnaður



Er komin til Íslands! 100% náttúruleg efni. Verðið er ótrúlegt! Villtar & Vandlátar, Laugavegi 41, s. 561 4465.

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur



Er með falleg barnaföt á drengi og stúlkur 0-5 ára, til sölu á Háahvammí 1 Hfj. Flott verð, gott úrval. Opið 16-19.

Ýmislegt



Raffitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bækinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

Sumarparadís

Fjölskylduparadís

Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, hestaleiga, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting, veitingar og aðstaða fyrir hestahópa. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi s. 435 6602.

Gisting

Íslendinga afsláttur!

Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótélherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og fritt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Sumarhúsin Signýjarstöðum. Sumarhús til leigu í Borgarfirði, laus næstu helgi. Uppl. í s. 435 1218 & 893 0218.

Fyrir veiðimenn



www.sportvorugerdin.is



www.sportvorugerdin.is

Veiðiportíð



Jaxon kasthjól með 1 kúhlegu og aukaspólu verð aðeins kr. 1.550,-
Veiðiportíð
Grandagarói 3.
Sími: 552-9940

Sjóstangaveiði og hvalaskoðun. Tilvalið fyrir vinahópa eða vinnufélaga. Farið frá Reykjavíkurböfn. Duus Tours. S. 898 9511.

Ýmislegt



Kajak til sölu. Til sölu Seayak pakki, bátur, ár svunta, vesti, buxur og stakkur. Verðmæti út úr búð 160.000. Fæst á 100.000. Uppl. í s. 861 1747.

MARKAÐURINN



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



Framnesvegur 20-22 7 hæð Reykjanesbæ.

Sérlega glæsileg penthouseíbúð á 7. hæð íbúðin er á tveimur hæðum alls um 140 ferm. Íbúðin er sérlega glæsileg og vönduð, tvennar stórar svalir með heitum potti. Mikið útsýni yfir allan Faxaflóann og Reykjanesbæ.

Um er að ræða mjög sérstaka íbúð, allar nánari upplýsingar á skrifstofu



Háholt 21 Reykjanesbæ.

Huggulegt steinsteipt einbýlishús á tveimur hæðum byggt árið 1958 og er íbúðin 177.6 ferm og skiptist í forstofu hol stofu borðstofu sjónvarpshol tvö baðherbergi eldhús og 3 rúmgóð svefnherbergi. Nýlegt járn á þaki og nýlegir gluggar og gler.

Eigninni fylgir 50 ferm steinsteypur bílskúr byggður árið 1980 Sérlega góð staðsetning stutt í skóla og alla þjónustu v.26.500.000.-



Heiðarbraut 17 Reykjanesbæ.

Gott 137.9 ferm einbýlishús ásamt 45.9 fermetra bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu sjónvarpshol samliggjandi stofur eldhús baðherbergi og tómsundaherbergi. Parket á stofum og herbergjum en flísar á eldhúsi og holi.Garður húsins einkar fallegur vel gróinn sólpallur með heitum potti. Sérlega góð staðsetning. v.32.200.000.-



Holtsgata 8 Reykjanesbæ.

Rúmgott einbýlishús á þremur pöllum 213.3 fermetrar auk bílskúrs sem er 36.6 ferm. Glæsileg eign sem skiptist í forstofu hol stofu borðstofu eldhús baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Nýlegt járn á þaki og nýlegir gluggar og gler. Lóð girt og ræktuð með nýlegum 100 fermetra sólpalli og heitum potti. Góð staðsetning v .29.800.000.-



Smáratún 39 neðri hæð Reykjanesbæ.

Góð 120 ferm sérhæð í tvíbýlishúsi byggðu árið 1971 og skiptist íbúðin í forstofu hol samliggjandi stofur eldhús baðherbergi þvottaherbergi og þrjú svefnherbergi. Hugguleg íbúð parket á gólum , baðherb nýlega standsett. Bílskúr 26.5 ferm.

Góð staðsetning og mikil eftirspurn eftir svona eignum.....v.19.000.000.-



Þórustigur 4 efri hæð Reykjanesbæ.

Þriggja herbergja íbúð í tvíbýlishúsi byggðu árið 1946 og er íbúðin 80.9 ferm auk bílskúrs sem er 54.1 ferm. Íbúðin samanstendur af forstofu holi stofu eldhúsi baðherbergi og þvottaherbergi. Nýlegar vatns og skolplagnir, laus strax. v.9.800.000.-

Vantar allar gerðir eigna á skrá • V erðmetum samdægurs



Eignamiðlun Suðurnesja

Sigurður V. Ragnarsson,
Löggiltur fasteignasali

Snjólaug Jakobsdóttir,
sölumaður

Víkurbraut 46, Grindavík

Sími 426 7711

Fax 426 7712

www.es.is

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 19 OG 21 FLÚÐASEL 61,1. HÆÐ ENDAÍBÚÐ

Mjög falleg og rúmgóð 5.herb. endaíbúð um 109,0 fm. á 1. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í stórt anddyri, eldhús m/borðkrók, rúmgóða stofu, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Viðarinnrétting í eldhúsi m/flisum á milli skápa. Stofa er með parketi, björt með góðum gluggum. Gluggi á baði, flísar á gólfi. Suður svalir og gott útsýni. Falleg sameiginleg lóð með leiktækjum fyrir börn. Verð **18,9 mill.**

ÁSTA MUN TAKA Á MÓTI ÞÉR MILLI KL. 19 OG 21 Í KVÖLD.

SÍMI 533 4040 FAX 533 4041

OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17 Dan V.S. Vilum hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign.is@kjoreign.is • www.kjoreign.is

NETHÚS FASTEIGNASALA **ADENS 1% SÖLUPÓÐUKK**

Opið hús í dag Seljabraut 36

Um er að ræða 3ja herbergja 64,8fm íbúð á 4. hæða ásamt 30,2 fm stæði í bílageymslu í góðu fjölbýli sem búið er að klæða að utan. Verð **15.900.000.-**

Helgi sölu maður Nethúsa tekur á móti gestum á milli 18:00 19:00 s: 897-2451

HÚSIN FASTEIGNASALA **533 4300** Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA **564 6655** Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Opið Hús í dag 17:30 og 18:30

Kleppsvegur 138 íbúð 0001

Björt og falleg 116,7 fm 4ra herbergja rúmgóð íbúð í kjallara í góðu vel við höldnu fjölbýlishúsi á rólegum stað við Kleppsveginn. Hér fást margir fermetrar fyrir sanngjarnt verð!!! Verið velkomin

Verð kr. 17,5 millj

Allar nánari upplýsingar gefur Steinunn í síma 862-2969

HB FASTEIGNIR **Hrafnhildur Bridde Löggiltur Fasteignasali** HÚSI VERSUNARINNAR KRINGLUNNI 7, 103 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS Í DAG EINARSNES 36 SKERJAFIRÐI (MILLI KL. 18:00 – 19:00)

Til sölu er glæsileg og mikið endurnýjuð efri hæð í tvíbýlishúsi í Skerjafirðinum svæði 101, Reykjavík. Íbúðin er 131,5 fm á stærð með 3 svefnherbergjum, baðherbergi opnu, eldhúsi tveim stofum, svólum og mikið útsýni. Verð **Kr 37.5 milljonir**

Íbúðin er öll meira og minna endurnýjuð á nýjan og smekklegan máta. Þó er baðherbergið með upprunalegum tækjum en flísasagt í hólf og gólf

Hér er einstakt tækifæri á að fá góða íbúð í Skerjafirðinum

Sjón er sögu rikari-vertu velkominn

Teitur Lárusson sölufulltrúi HB Fasteigna verður á staðnum og tekur á mót þeim sem vilja skoða eignina, en einnig er hægt að ná í hann í sími 894-8090 eða á netfangið teitur@hbfasteignir.is

! Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Rauðavað



Rauðavað 13 - 25

Opið hús í dag frá kl. 18.00–20.00

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, frá 83,9m² - 117,7m² í þrjú hæða fjölbýlishúsum ásamt staði í upphitaðri bílageymslu á frábærum stað í Norðlingaholti.

Íbúðirnar skilast fullbúnar en án gólfefna, nema á baðherbergjum og þvottahúsum verða flisar. Lóðir verða frágengnar.

Arkitekt er Kristinn Ragnarsson.

Sérsmíðaðar eldhúsinnréttingar sem ná upp í loft, granítborðplötur. Siemens eldhústæki og uppþvottavél fylgir með. Granít í sólbekkjum. Fataskápar úr eik. Baðherbergi með flisum á gólfi og veggjum, innrétting með granítborðplötu, upphengt wc, handklæðaofn og hitastýrð blöndunartæki. Þvottahús innan íbúðar með flisum á gólfi og skolvaski. Innihurðar yfirfelldar og úr eik. Húsin eru staðsteypt á hefðbundinn hátt, máluð í ljósum lit. Útidyrhurðir og gluggar úr jatoba harðviði. Mynddýrasími fylgir. Stéttar næst húsunum verða með hitalögn. Bílastæði verða malbikuð.

Lóðir verða frágengnar með grasþökum, trjám og gróðri. Byggingaraðili er Lindarvatn ehf.

Allar nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofum söluaðila.

Hússins 533-4300 og Smárans 564-6655


S M Á R I N N

FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Verslunarmiðstöðinni

Smáralind

201 Kópavogur

Sími 564 6655

Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali


HÚSIÐ

FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50

bláu húsin v/Faxafen

108 Reykjavík

Sími 533 4300

Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SJÓNARHORN



Fimm piltar á hraðri siglingu niður Hvítá.

Nú flytjum við! Á morgun!



Lokum í dag
vegna flutninga,
en opnum á
morgun í stærra
og rúmbetra
húsnæði.

Nýja húsnæðið er að
Skiopholti 17, 105 Reykjavík

OBA Otto B. Arnar ehf.
Sími 588 - 4699 Fax 588 - 4696 www.oba.is

Mikið úrval!
Dömuhjól
Veljið rétta gerð, stærð
og útbúnað í samráði
við fagfólk.

BRONCO WINDSOR 26"
3 gíra með fótbremsu. Hátt stýri, breiður hnakkur
með dempara. Litir: Dökk grænt og rautt
Staðgreitt
kr. 25.555



BRONCO BOSTON 26"
Shimano. Hátt stýri, breiður hnakkur
með dempara.
Verð stgr. kr. 26.505



GIANT CAMPUS 26"
Shimano gírar.
Gott fjallahjól á frábæru verði.
Stgr. kr. 22.512



GIANT SEDONA SE 26"
Alvöru dömu demparahjól. Dömu-
hnakkur með dempara og hátt stýri.
Verð stgr. kr. 31.920



SCOTT TIKI 26"
21 gíra Shimano. Vandað dömuhjól
álstell og demparagaffall.
Verð stgr. kr. 33.155

Afsláttur strax við staðgreiðslu 5%

Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett
og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði.
Ábyrgð og upphersla.



MARKID
www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40



Sumarskóli 2005 Summerschool

Íslenska fyrir útlendinga/ Courses in Icelandic stig 1 - 4 / Level 1 - 4

Staður: Hagaskóli, Mjódd.
Skráning / fullorðnir: 06. - 28. júní
Skráning/ börn: til 06. júní.
Stöðupróf: 23. og 27. júní kl. 17 - 19 Skólagjald:
kr. 17.000.-

Morgunkennsla fyrir fullorðna:
11. -28. júlí, kl. 9:20- 12:00 alla virka daga.
Gæsla fyrir börn þátttakenda er í boði á morgnana.

Kvöldkennsla fyrir fullorðna:
04.-28.júlí, þrjú kvöld í viku: mánudaga, þriðjudaga
og fimmtudaga kl. 18 - 21.

Námskeið fyrir börn og unglinga
6 - 15 ára (1.-9. bekkur):
11. -28. júlí alla virka daga.
Námskeiðin eru ókeypis fyrir börn.
Íslenskukennsla: kl.09:00-12:00
Tómstundastarf: fyrir 6 - 12 ára, (leikir, vett-
vangsferðir og fl) kl. 12:00-16:00.
Takmarkaður fjöldi barna kemst að í tómstundastarfið
og munu þeir ganga fyrir sem ekki hafa tekið þátt í því
áður. Þeir sem ekki komast að verða látnir vita með
fyrirvara, einnig er bent á önnur tómstundanámskeið
á vegum ÍTR.

Nánari upplýsingar / Further information :
Miðbæjarskóli, Fríkirkjuvegur 1, 101 Reykjavík
sími: 5512992 netfang: nfr@namsflokkar.is www.namsflokkar.is

NÁMSFLOKKAR REYKJAVÍKUR - FRÍKIRKJUVEGUR 1, 101 REYKJAVÍK
SÍMAR: 5512992 / 5514106 - Kt. 480269-7489 - FAX: 5629408
Netfang: nfr@namsflokkar.is Heimasíða: <http://www.namsflokkar.is>

Place: Hagaskóli, Mjódd.
Enrollment / adults: June 06 th -28 th
Enrollment / children: until June 06 th
Placement test: June 23rd and 27 th at 17 - 19
Schoolfee: kr. 17.000.-

Morningclasses for adults:
July 11th - 28th at 9:20 - 12:00 Mondays through
Fridays. Childcare is provided in the mornings.

Evening classes for adults:
July 04th-28th three evenings a week: Mondays,
Tuesdays, and Thursdays at 18 - 21.

Courses for children, ages 6 to 15 (grade 1-9):
July 11 th -28 th Mondays through Fridays.
These courses are free of charge.
Courses in Icelandic: kl.09:00-12:00
Recreation/summercamp: for ages
6 - 12 at 12:00-16:00.
The recreation course in the afternoon is available for
a limited number of children and those who have
never attended this course before will have priority,
others will be notified in time. Please contact ÍTR for
alternative courses available at ÍTR.

ManU hverfur af markaði

Manchester United hvarf endanlega af hlutabréfamarkaði í London í gær og lauk þar með fjórtán ára sögu hlutafélagsins Manchester United.

Kemur þetta í kjölfar þess að nýi eignandi, Malcolm Glazer komst yfir þann 97,6 prósent hlut sem þarf til að taka félag af markaði. Glazer sem einnig á ameríska „fótboltið“ Tampa Bay Buccaneers, keypti



MALCOLM GLAZER FAGNAR SIGRI
Aðdáendur Manchester United óttast að sjá ekki marga svona í stjórntíð Glazers.

United á dögnum fyrir rúma 100 milljarði króna, og notaði að mestu lánsfé til kaupanna.

Yfirtakan féll ekki í kramið hjá aðdáendum liðsins og hafa þeir nú stofnað sitt eigið lið, FC United, sem taka mun þátt í ensku utandeildarkeppninni á næsta tímabili.

-jsk



ATHUGASIR SYKKURREYR Þýskur verkamaður athugar hvort sykkurreyr standist ekki gæðakröfur. Evrópusambandið hyggst nú minnka styrki sína til sykurframleiðslu sambandsins um 42 prósent.

Sykurdeila í Evrópu

Evrópusambandið hyggst draga úr styrkjum til sykurframleiðslu eftir að WTO úrskurðaði styrkina ólöglega. Þróunarlönd fagna en evrópskir bændur mótmæla.

Bændur óttast að sykurframleiðsla leggist af í Evrópu eftir að Evrópuráðið lagði fram tillögur sem fela í sér að styrkir til iðnaðarins verði skornir niður um 42 prósent.

Styrkir sambandsins til framleiðenda hafa valdið úlfúð í mörgum þróunarríkjum sem kvarta undan því að þeir sykurhaugar sem ekki seljast í Evrópu séu seldir á undirverði í löndunum. Það valdi því að innlendir framleiðendur sigli í þrot.

Fyrir skömmu fékk Alþjóðaviðskiptastofnunin senda

kvörtun vegna styrkjanna og úrskurðaði þá í kjölfarið ólöglega.

Evrópskir sykurframleiðendur óttast að verði styrkirnir afnumdir muni starfsemi þeirra ekki standa undir sér. Hyggst Evrópusambandið bjóða framleiðendum skaðabætur gegn því að þeir loki verksmiðjum sínum og leggi niður störf.

Umsjónarmaður landbúnaðarmála hjá Evrópuráðinu, Fischer Boel, sagði umbæturnar erfiðar en nauðsynlegar: „Við vitum að hörð átök eru framundan en við eigum einokis annars úrkosti“.

-jsk

actavis
hagur í heilsu

Actavis Group hf.
Hlutafjárútboð til forgangsréttarhafa

Áskriftartímabil 15. til 23. júní 2005

Áskriftartímabili lýkur kl. 16.00 í dag.

Tilgangur útboðs

Hinn 20. maí 2005 undirritaði Actavis Group hf. (Actavis) samning um kaup á bandaríska fyrirtækinu Amide Holdings Inc. (Amide) sem er eignarhaldsfélag um samheitalyfjafyrirtækið Amide Pharmaceuticals Inc. Tilgangur útboðsins er að fjármagna hluta af kaupverðinu.

Fjárhæð útboðs

Stjórn Actavis Group hf. hefur samþykkt að auka hlutafé skv. heimild aðalfundar félagsins 31. mars 2005 um 344.864.993 hluti sem seldir verða forgangsréttarhöfum. Ákvörðun var einnig tekin um sölu á 198.613.449 eigin hlutum. Samtals verða því boðnir 543.478.442 eigin hlutir og nýir hlutir.

Fyrirkomulag og skilmálar sölu

Verð í útboðinu er 38,5 krónur á hlut.

Hluthafar geta skráð áskrift sína á vefsíðu Íslandsbanka, www.isb.is frá kl. 10.00 15. júní 2005 til kl. 16.00 23. júní 2005.

Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að netinu eða lenda í vandræðum með skráningu, geta hringt í Verðbréfavakt Íslandsbanka í síma 440 4920 milli kl. 9.00 og 17.00 virka daga á áskriftartímabilinu. Hluthafar geta einnig leitað aðstoðar í útibúum Íslandsbanka hf. á meðan áskriftartímabil stendur yfir. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með tölvupósti eða pósti, hvort sem þeir velja. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

Niðurstaða útboðsins verður birt opinberlega á vefsíðu Kauphallar Íslands hf., <http://news.icex.is>, fyrir kl. 10.00 24. júní 2005. Hluthafar geta, frá og með 25. júní 2005, nálgast upplýsingar um úthlutun í útboðinu inni á sömu vefsíðu og skráning fer fram.

Útboðs- og skráningarlýsing

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skilmála útboðsins má finna í tilkynningum Actavis til Kauphallar Íslands, <http://news.icex.is>, og í útboðs- og skráningarlýsingu. Útboðs- og skráningarlýsingu má nálgast hjá útgefanda og umsýslaraðila og á vefsíðum þeirra:

Actavis Group hf., Reykjavíkurvegi 76-78, 220 Hafnarfirði, sími 535 2300, www.actavis.is, www.actavis.com.

Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4000, www.isb.is, actavisutbod2005@isb.is.



Actavis Group hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 www.actavis.is www.actavis.com actavis@actavis.com



adidas Predator Pulsado

Flott Predator útlit gerir þessa skó heppilega fyrir leikmenn sem vilja líkast Gerrard, Eidi Smára og Kaká sem allir leika í Predator frá adidas. st. 28 - 38.5

verð. **5.990** kr.



adidas Provider

Fótboltaskór úr efni sem er mjúkt og afar þægilegt. Þess vegna er Provider frá adidas skór sem fer vel með fæturna auk þess að vera geðveikt flottur!. st. 28 - 38.5

verð. **3.990** kr.



krakka

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Nýr diskur með RAGGA BJARNA

KOMINN Í VERSLANIR

Raggi Bjarna
með
hangandi hendi



1.999 kr

LAGALISTI

RAGGI BJARNA... með hangandi hendi

1. Í fínu formi
2. Undarlegt með unga menn
3. Ó blessuð vertu sumarsól
4. Að byggja til þín brú
5. Til eru fræ
6. Þarna fer ástin mín
7. Tequila
8. Heyr mitt ljúfasta lag
9. Ég fer í frí
10. Hver vill sigla
11. Eiki bleiki
12. Með hangandi hendi
13. Megi dagur hver fegurð þér færa

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






JOHN CAREW Carew hefur ekki spilað vel með Besiktas.

Lyon á eftir Norðmanni:
Houllier vill fá Carew

FÓTBOLTI Norðmaðurinn John Carew, sem leikur með Besiktas í Tyrklandi, er undir smásjánni hjá Lyon, þar sem Gerard Houllier, fyrrverandi stjóri Liverpool, er nýlega tekinn við stjórnar- taunumunum.

„Við höfum áhuga á því að fá leikmanninn til okkar. Hann er reynslumikill þrátt fyrir að vera aðeins tuttugu og fimm ára gam- all og það getur hjálpað okkur mikið,“ sagði talsmaður Lyon við Sky Sports í gær. Houllier bíður erfitt verkefni við að halda Lyon á toppnum í Frakklandi, en liðið hefur orðið meistari þar í landi fjögur ár í röð. Margir leikmanna liðsins eru eftirsóttir þessa dag- ana, en líklegt þykir að miðjumað- urinn Michael Essien, sem er helsta stjarna liðsins, fari frá lið- inu bráðlega. - mh



FARINN FRÁ ARSENAL Ólafur Ingi spilar ekki fleiri leiki fyrir Arsenal og er búinn að skrifa undir hjá Brentford.

Ólafur Ingi Skúlason hefur fundið sér nýtt félag:
Fjórði Íslendingurinn hjá Brentford á sjö árum

FÓTBOLTI Eftir fjögurra ára veru hjá Arsenal, þar sem hann lék aðallega með varaliði félagsins, hefur Ólafur Ingi Skúlason fundið sér félag sem hyggst nota hann í byrjunarliði sínu.

„Ég ákvað á endanum að velja Brentford,“ sagði Ólafur Ingi í gær. „Bæði er sterk Íslendinga- hefð hjá félaginu og þá þekkir stjóri liðsins, Martin Allen, vel til mín og hefur trú á mér.“ Ólafur Ingi er fjórði Íslendingurinn sem er á mála hjá Brentford frá því að Hermann Hreiðarsson gekk til liðs við félagið haustið 1998. Hinir tveir eru Ívar Ingimarsson, sem var í þrjú ár hjá Brentford þar til

hann var seldur til Wolves árið 2002, og Ólafur Gottskálksson sem varði mark liðsins í tvö ár, frá 2000 til 2002.

„Brentford hefur styrkt sig mikið fyrir komandi tímabil og er stefnan tekin beint upp í 1. deild- ina,“ segir Ólafur Ingi. „Það er líka gott að ég hafi samið við enskt félag því hér vil ég helst vera. Það skemmir líka ekki fyrir að ég get áfram verið í London.“ Samningur hans nær til næstu tveggja ára og segist Ólafur Ingi mjög ánægður með sín kaup og kjör. Hann var samningslaus og því þurfti Brentford ekkert að greiða fyrir hann. - esá

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

20	21	22	23	24	25	26
----	----	----	----	----	----	----

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Fram tekur á móti Grindavík á Laugardalsvelli.
- 19.15 KR fær Þrótt í heimsókn í Frostaskjólíð.
- 19.15 Keflavík mætir Fylki í Keflavík.
- 19.15 FH fær ÍA í heimsókn.
- 19.15 ÍBV tekur á móti Val á Hásteinsvelli.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn.
- 07.30 Olíssport á Sýn.
- 08.00 Olíssport á Sýn.
- 08.30 Olíssport á Sýn.
- 17.25 Olíssport á Sýn.
- 18.40 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 19.10 Kraftasport á Sýn.
- 19.40 Landsbankadeildin FH-ÍA á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 23.10 Fótboltakvöld á RÚV.
- 23.15 Landsbankadeildin FH-ÍA á Sýn.
- 01.00 NBA-Úrslitakeppnin á Sýn.

KR-KLÚBBURINN

KR-ingar fjölmennum með fjölskylduna á völinn í dag.

KR - ÞRÓTTUR

Dagskrá:
17:00 KR útvarpið FM 98,3
17:30 KR klúbburinn - léttar veitingar
19:15 KR - Þróttur

Mætum tímanlega og hvetjum okkar menn.



Á FRAM KR!

Miðnætur

- og Ólympíufjölskylduhlaupið

Í dag fimmtudag kl. 22

Staður og stund:
Sundlaugarnar í Laugardal kl. 22
Hlaupinu lýkur á Laugardalsvelli

Páttökugjald:
3 km skemmtiskokk - 600 kr.
5 og 10 km - 1200 kr.
Allir þátttakendur fá stuttermabol, verðlaunapening, viðurkenningarskjal frá Alþjóða Ólympíunefndinni og frítt í Laugardalslaugina eftir hlaup

Vegalengdir og flokkar:
3 km skemmtiskokk án tímatöku og flokkaskiptingar
5 km og 10 km með sjálfvirkri tímatöku*
Flokkaskipting bæði kyn: 18 ára og yngri, 19-39 ára, 40-49 ára, 50-59 ára og 60 ára og eldri

Sérverðlaun:
Fyrstu þrjú sæti karla og kvenna í 10 km
Fyrsta sæti í öllum flokkum í 5 og 10 km
Útdráttarverðlaun í boði Powerade í 3 km skemmtiskokki

Skráning:
Forskráning er á marathon.is til kl. 12 á hlaupadag
Skráning á hlaupadag í Laugardalslauginni frá kl. 18 - 21:30

POWERADE

marathon.is



TRYGGVI GUÐMUNDSSON Hefur farið á kostum með FH í sumar.

Landsbankadeild karla:

Tryggvi bestur

FÓTBOLTI KSÍ veitti í gær sérstakar viðurkenningar fyrir fyrstu sex umferðirnar í Landsbankadeild karla, en verðlaunahafarnir voru valdir í samstarfi við fjölmiðla. Tryggvi Guðmundsson var valinn besti leikmaðurinn í þessum fyrstu umferðum mótsins en auk hans voru þrír aðrir FH-ingar valdir í sérstakt úrvalslið þessara umferða, þeir Auðun Helgason, Guðmundur Sævarsson og Jón Þorgrímur Stefánsson. Þá fengu Valmenn sinn skerf af verðlaunum en Willum Þór Þórsson var valinn besti þjálfarinn og Atli Sveinn Þórarinnsson, Bjarni Ólafur Eiríksson, Guðmundur Benediktsson og Matthías Guðmundsson voru allir í úrvalsliðinu.

Fylkir átti tvo í þessu úrvalsliði, Helga Val Danielsson og markvörðinn Bjarna Þórð Halldórsson. Þá var Guðmundur Steinarsson, fyrirlíði Keflvíkinga, einnig í þessu liði. Kristinn Jakobsson var valinn besti dómari.

„Þetta er virkilegur heiður. Það vill oft vera þannig með okkur sóknarmennina að ef við skorum ekki erum við dæmdir lélegir en ef við skorum erum við bara að vinna okkar vinnu. Oft á tíðum er það vanmetið að vera sóknarmaður en fjölmiðlar eru greinilega sáttir við það sem ég er að gera og ég kann að meta það,“ sagði Tryggvi Guðmundsson.

- egm

Fyrsta körfuboltaakademía Íslands

Íslenska körfuboltaakademían verður formlega stofnuð á Selfossi í dag, en það er í fyrsta skipti sem ungum körfuknattleiksmönnum er boðið upp á að sinna íþrótt sinni samhliða náminu, við bestu mögulegu aðstæður.

KÖRFUBOLTI Í dag verður skrifað undir þríliða samstarfssamning milli Fjölbrautaskóla Suðurlands, Sideline Sports og Sveitarfélagsins Árborgar. Byggir það á því að sextán afreksþáttar í körfuknattleik stundi nám við Fjölbrautaskólann á Selfossi og njóti jafnframt séstakrar þjálfunar í körfuknattleik hjá þjálfurum á vegum fyrirtækisins Sideline Sports, sem er hugbúnaðarfyrirtæki sem framleiðir hugbúnað fyrir íþróttþjálfara og skipuleggjendur hina ýmsu verkefna. Stefnt er að því að taka inn sextán stúlkur eftir þrjú ár.

Brynjar Karl Sigurðsson, annar stofnenda Sideline Sports, sem jafnframt verður yfirþjálfari og framkvæmdastjóri verkefnisins, er ánægður með að þetta samstarf sé nú að hefjast. „Það sem er athyglisverðast við þetta er að íslenskt fyrirtæki hefur beinan hag af því að vel takist til, þar sem leikgreining og skipulag þjálfunar eru aðalatriði í okkar hugbúnaði. Þetta hefur verið gamall draumur hjá mér sem körfuknattleiksþjálfari. Upplýsingarnar sem við skráum um þátttakendur í verkefninu nýtast okkur til þess að þróa hugbúnaðinn okkar enn frekar, en hann er núna notaður í yfir fjögur hundruð bandarískum háskólum við íþróttþjálfun.“

Nám og íþróttaiðkun fara vel saman

Sigurður Sigursveinsson, skólustjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands, segist ánægður með geta boðið efnilegum körfuboltamönnum upp á að flétta saman nám og íþróttaiðkun við sem bestar aðstæður. „Það sem mér finnst



SIGURÐUR SIGURSSVEINSSON OG BRYNJAR KARL SIGURÐSSON Íslenska körfuboltaakademían verður á Selfossi í dag, en þar er nýlega búið að reisa íþróttahús og heimavist við fjölbrautaskólann.

áhugaverðast við þessa hugmynd er að bjóða metnaðarfullum ungum íþróttamönnum upp á það að æfa og sinna náminu við sem bestar aðstæður. Þetta hefur ekki verið prófað hér á landi áður, en ég er viss um að þetta á eftir að ganga vel, þar sem allar aðstæður hér á Selfossi eru til fyrirmyndar.“

Nýlega var tekið í notkun nýtt skólaíþróttahús auk þess sem nýir

nemendagarðar eru við skólann. Þar munu afreksíþróttamennirnir búa, en þeir munu einnig æfa allt upp í tvisvar á dag undir handleiðslu Brynjar Karls. „Strákarnir sem byrja í haust í þessu verkefni koma frá Reykjanesbæ, Stykkishólmi, Reykjavík og heimasvæði skólans hér á Suðurlandi. Þeir eiga að geta tekið miklum framförum við þessar aðstæður,

þannig að þetta er ekki síður góður kostur fyrir efnilega leikmenn, sem vonandi keppast um að komast í þetta verkefni á ári hverju.“ Íþróttasamband Íslands og Íþróttanefnd ríkisins koma einnig að þessu verkefni, en vonast er til þess að sambærileg verkefni verði sett á laginn fyrir fleiri íþróttagreinir.

magnush@frettabladid.is

567 2277

NÝJA BÍLAHÖLLINN

v/ Breiðhökla • www.notadirbilar.is

Erum fluttir í BÍLAKJARNANN

 MAZDA 323 1500 GLX nýsk 7/99 km 55þ ssk álfe og fl verð 890þ	 BMW 316I STEPTRONIC árg 2001 km 55þ álfe og fl verð 2.150þ ath skipti.	 TOYOTA AVENSIS 2000 S/D SOL nýsk 8/99 km 98 ssk álfe leður og fl verð 980þ	 M.BENZ 230 CLK COMPRESSOR AVANTG nýsk 2/2000 km 85þ 17" flegur lúga.ssk verð 3.290 ath skipti.	 FORD ECONOLINE 150 HÚSBÍLL V8 árg 1998 innréttaður ssk og fl verð 2.550 ath skipti.
 FORD ESCAPE LTD árg 2005 km 19þ ssk,álfe,leður krókur og fl verð 3.490þ ath skipti	 JEEP CHEROKEE GRAND LIMITED 5,7 HEMI árg 2005 km 6þ ssk leður lúga og fl verð 4.980 ath skipti	 VW GOLF 1600 COMFORTLINE nýsk 11/98 km 70 5g álfe og fl verð 890þ ath skipti á nýlegum vw golf	 NISSAN ALMERA 1800 LUXURY nýsk 2/2001 km 56þ 5g verð 890þ ath höfum fleiri á staðnum.	 MITSUBISHI GALANT GLSI 2000 árg 1999 km 103þ ssk álfe og fl verð 1.090þ ath skipti
 FORD F-150 LARIAT árg 2004 km 24þ ssk álfe leður lúga og fl verð 3.980þ	 TOYOTA LANDCR 100 VX DIESEL nýsk 7/2002 km 102 ssk leður lúg og tems verð 5.490 lán 5.000	 VW BORA COMFORTLINE nýsk 3/99 km 100þ ssk spoler verð 740þ	 NISSAN PATROL GR DIESEL TURBO árg 94 km 209þ 5g 32" dekk og fl verð 990þ	 NISSAN VANETTE árg 96 km 134 5g verð 550þ
 VOLVO V 40 STW SE nýsk 10/2002 km 68þ ssk álfe og fl verð 1.850.ath skipti.	 VOLVO XC 90 nýsk 4/2003 km 45þ ssk álfe 18" og fl verð 5.050þ ath skipti	 MITSUBISHI PAJERO LONG 3,2 DID nýsk 6/2000 km 139þ ssk upph og fl verð 2.890þ ákv lán 1.700	 M.BENZ A 140 nýsk 12/98 km 67þ 5g álfe og fl verð 790þ ath skipti	 VW GOLF 1600 HIGH LINE nýsk 4/2003 km 41þ 5g álfe og fl verð 1.490þ

v/Breiðhökla, stærsta inni og úti bílasölusvæði á Íslandi

ÚR SPORTINU

Golfnámskeiði fatlaðra standa fyrir golfnámskeiði fyrir hreyfihömluð börn og unglínga á aldrinum 10 til 16 ára. Verður það haldið dagana 24. júní til 11. júlí og verður David G. Barnwell kennari á námskeiðinu. Kennsla fer fram í Básam, æfingastöð Golfklúbbs Reykjavíkur. Áhugasamir geta haft samband við umsjónaraðila með því að senda tölvupóst á netfangið hordur@ehp.is en þátttökugjald er 7.000 krónur.

Argentínski miðvallarleikmaðurinn Juan Roman Riquelme hefur samið við spænska liðið Villarreal til fjögurra ára. Riquelme hefur



slegið í gegn í Álfukeppninni en hann hefur verið á samningi hjá Barcelona undanfarin misseri. Hann hefur hins vegar verið hjá Villarreal undanfarin tvö ár á lánssamningi frá

Börsungum og átti stóran þátt í því að tryggja liðinu þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu. Villarreal greiðir 7 milljónir evra fyrir Riquelme en sú tala gæti hækkað upp í 10 milljónir ef hann leikur ákveðinn fjölda leikja næstu tvö árin. Þá mun Barcelona eiga rétt á 25% af hugsanlegri söluupphæð, skyldi hann verða seldur frá Villarreal á samningstímanum.

Árið 1955 var í fyrsta skipti á Íslandi keppt í tveim deildum í knattspyrnu. Íslandsmeistarar það árið voru KR og hetjur félagsins frá því fyrir 50 árum verða heiðursgestir KR-klúbbsins á leik KR og Þróttar í Landsbankadeildinni í kvöld.

Manchester United hefur gengið frá samningum um kaup á suður-kóreska landsliðsmanninum Park Ji-Sung frá



hollenska liðinu PSV Eindhoven. Hann á reyndar enn eftir að gangast undir læknisskoðun og verða sér úti um vinnuleyfi í Englandi en samningur hans er til fjögurra ára.

United er talið hafa þurft að greiða um fjórar milljónir punda fyrir leikmanninn, sem sló svo eftirminni-lega í gegn með Suður-Kóreu á HM 2002. Þáverandi landsliðsþjálfari hans, Guus Hiddink, tók við PSV að lokinni HM og fylgdi Park honum þangað. „Ég er sannfærður um að ég nái að sanna mig hjá einu besta fótballafélagi heims,“ sagði Park.


Arsenal, Liverpool og Manchester United verða í efsta styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla í Meistaradeild Evrópu. Chelsea er



hins vegar í öðrum styrkleikaflokki en stuðst er við sérstaka útreikninga á frammistöðu undanfarinna ára þegar raðað er í flokka. Það þýðir að þrjú fyrstnefndu liðin fá auðveldari andstæðinga en

Chelsea í riðlakeppninni. Everton er frekar neðarlega í styrkleikaröðuninni og gæti því þurft að mæta erfiðum andstæðingum í sínum riðli, komist liðið í gegnum forkeppnina. Manchester United og Liverpool þurfa einnig að taka þátt í forkeppninni.

Tveir sóknarmenn Chelsea eru í mikilli óvissu um framtíð sína. Mateja Kezman hefur hvatt forráðamann liðsins að gefa sér svar um hvort hann sé í framtíðaráætlunum Jose Mourinho, stjóra liðsins, eða hvort hann verði seldur frá félaginu. Hernan Crespo vill hins vegar losna undan samningi sínum við hina bláklæddu en hann var á síðustu leiktið lánaður til ítalska stórveldisins AC Milan. Þar vill hann áfram vera og hefur meira að segja sagt að hann taki á sig launlækkun til að það geti orðið að veruleika.



NAGLAR Ben Wallace og félagar í Detroit hafa farið erfiðu leiðina í gegnum úrslitakeppnina

Spurs og Pistons mætast í hreinum úrslitaleik
Detroit reynir hið ómögulega

KÖRFUBOLTI. Það er ekki á hverjum degi sem úrslitaeinvígi í NBA fer alla leið í sjö leiki, en það gerðist síðast fyrir ellefu árum. Viður-eign San Antonio og Detroit hefur verið hin furðulegasta, þar sem fyrstu fjórir leikir voru aldrei spennandi, en allt hefur verið í járnnum síðan. Detroit náði að knýja fram sigur, 95-86, í sjötta leiknum í San Antonio þvert á allar spár en meistaranir virðast hafa níu líf.

Engu liði í sögu úrslitakeppninnar hefur tekist að verða meistari með því að vinna tvo síðustu leikina á útivelli og því er sagan ekki á bandi meistara Detroit, sem hafa farið erfiðustu mögulegu leið í oddaleikinn í kvöld og

hafa lent undir í þremur einvígjum í röð. Rasheed Wallace fór mikinn í lok síðasta leiks og var yfirlýsingaglaður að vanda.

„Ég veit að þeir voru farnir að hugsa til þess að taka fram kampavinið í síðasta leik, en það verðum við sem skálum á fimmtudaginn,“ sagði hann kokhraustur.

„Ég er búinn að vera með þessa stráka í tvö ár og þeir bregðast mér aldrei hvað varðar sigurvilja þeirra og virðingu fyrir hver öðrum,“ sagði Larry Brown, þjálfari Detroit, sem vann sinn 100. leik í úrslitakeppni í fyrirkvöld og skaust þar með upp fyrir Red Auerbach í þriðja sæti yfir þá þjálfara sem unnið hafa flesta leiki í úrslitakeppninni.

- bb

TÖLVULISTINN



Dragon

Dragon200

UTANÁLIGGJANDI 200GB HARÐUR DISKUR



Öll verð eru staðgreidd með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um innsléttirillur og breytingar. Vísu og Euro raðgreiddur til allh að 36 mánaða

HARÐDISKUR
200GB Special Edition harðdiskur frá Western Digital, ATA100, 8MB, 7200rpm og Fluid Bearing

ÖRUGG VINNSLA
Hýsingin er 3 Amper sem skilar óreiðanlegri vinnslu og samhæfni við nær alla IDE diska

HRAÐVIRKT USB2
Hýsingin tengist í USB2 tengi sem tryggir hraðvirkan og öruggan gagnaflokkun.

GLÆSILEG HÖNNUN
Glæsileg og hagkvæm hönnun sem er bæði fyrir augað og svo skilar álið betri kælingu

AUÐVELD Í NOTKUN
Einstaklega bægileg í notkun og fyrirferðalítil, því hægt er að stalla hýsingum saman á auðveldan hátt

TILBÚIN TIL NOTKUNAR
Hýsingin er með forsníðnum hörðum disk, svo hún er tilbúin til að tengja beint við tölvuna

VERÐ 14.900

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK

Noátúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI

Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK

Hafnargötu 90
Sími 534 7400



NÝTT TÍMARIT 24. JÚNÍ

**VALA MATT
EYÐILAGÐI
LIF MITT**

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300

SIRKUS RVK

- FYLGSTU MED!

STUÐ MILLI STRÍÐA í stafalogni á Kjalarnesi

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR HOPPAR Á MILLI BRÚDKAUPA.

MYND: HELGI SIGURSSON



Það er meira hvað fólk þarf að gifta sig á sumrin. Ekki það að mér finnst nokkuð að því að fólki sem mér þykir vænt um taki þá ákvörðun að heitast hvort öðru það sem eftir lifir ævinnar. Það er æðislegt. En þessa helgi fer ég í þriðja brúðkaup sumarsins, ekki mikið veit ég miðað við suma aðra, en miðað við þetta framhald fara allar sólríku helgarnar í að fagna með þessum nýgiftu. Og brúðkaupin og veislurnar eru jafn misjöfn og þau eru mörg.

Það var byrjað við austurbugt,

með tvo stangveiðimenn í baksýn á meðan hjónakornin játuðust hvort öðru. Presturinn hafði eitt-hvað reynt að biðja þá kurteislega að hvíla veiðarnar um örlitla stund, en þá skildu þeir enga íslensku, né ensku, og vissu ekkert hvað var um að vera. Enda er það ekki hversdagslegur viðburður að fólk sé að gifta sig við austurbugt. Samkvæmt sögunni sem lifði eftir vígsluna var annar veiðimannanna að draga inn örlitinn titt, eftir langa og stranga baráttu, um leið og brúðguminn sagði já. Við sem vorum þarna þurfum enga spádómsgáfu til að vita að þetta verður ekki táknrænt fyrir hjónaband þeirra.

Brúðkaup númer tvö var allt

öðruvísi. Í stað þess að vígslan færi fram utandyra var það inni í katólsku kirkjunni á meðan sólin skein á Reykvíkinga sem fögnuðu þjóðhátíðardeginum. Ég fékk gæsaþó af söngnum og reyndi að fylgja því sem presturinn var að segja. Veislan á eftir var hins vegar táknræn fyrir brúðhjónin og allir veislugestur voru sam-mála um að hún sýndi að þau eru elskuð af æðri máttarvöldum. Hvernig annars er hægt að skýra það að stafalogn var á Kjalarnesinu?

Og á morgun er svo þriðja veislan. Ég óska öllum brúðhjónum sumarsins til hamingju og bið bara eftir boðskortunum í haust- og vetrarbrúðkaupin.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Jennifer Aniston** er æf yfir sextíu blaðsíðna myndabætti í blaðinu *W* þar sem **Brad Pitt** og **Angelina Jolie** leika hjón og sitja fyrir á mjög svo æsilegum myndum. Jennifer hefur ekkert tjáð sig um skilnað þeirra hjóna og hefur þótt sýna mikla yfirveggun. Myndabátturinn, sem sýnir Brad og Angelínu í innilegum stellingum í rúminu, var þó kornið sem fyllti mælinn og nú stendur til að Jennifer fari í einkaviðtal við *Vanity Fair* þar sem hún segir sína hlið málsins.



Leðurblökumaðurinn **Christian Bale** þykir taka sig vel út í kvikmyndinni enda þurfti hann að æfa stíft í fimm mánuði fyrir hlutverkið. Það sem er sérstakt við góðan vöxt hans er að árið 2004 létti hann sig um þrjátíu kíló fyrir hlutverk sitt í myndinni *The Machinist*. „Ég eyðilagði nánast á mér líkamann og margir héldu að ég væri genginn af göflunum,“ sagði leikarinn. Hann segist hafa náð sér að fullu og eftir strangar æfingar hafi hann komi sér aftur í form og meira að segja bætt á sig tíu kílóum af vöðvamassa aukalega.

Einn af hommunum fimm í *Queer Eye for the Straight Guy*, **Jai Rodriguez**, þarf heldur betur að skýra sitt mál þessa dagana því hann sást í faðmlögum við hávaxna ljóshærða konu á skemmtistað fyrir skemmstu. Þau létu innilega að hvoru öðru, kysstust og Jai gat víst ekki tekið augun af brjóstum hennar. Þegar hann var spurður um atvikið í útvarpsþætti sagði hann: „Ég var ekkert að hugsa á meðan á þessu stóð og þetta var bara smá geggjun. En þó ég sé samkynhneigður þýðir það ekki að ég geti ekki endurskoðað kynhneigð mína og athugað málin.“

Kynbomban **Jessica Alba**, sem næst mun sjást í stórmyndinni *Sin City*, lætur engan komast upp með múður. „Ef ég sæi einhverja stelpu reyna við kærastann minn, **Cash Warren**, þá myndi ég stinga hana á hol. Það er bófaeðlið í mér frá því ég bjó í fátækrahverfi,“ sagði hún.

Glamúrgellan **Jordan** og uppgjafarpoppstjarnan **Peter Andre** hafa valið nýfæddum syni sínum nafn. Drengurinn, sem var tekinn með keisaraskurði fyrir tíu dögum, á að heita **Junior Andre**. Nafnið á sennilega eftir að baka barninu einhver vandræði í framtíðinni því Junior þýðir „yngri“ eða jafnvel „lilli“.



Töskutilboð

Landsins mesta úrval af ferðatöskum og fylgihlutum, í Pennanum-Eymundsson Hallarmúla

FERÐATÖSKUSETT
JIALIYA
Litir: Blátt og svart
3 TÖSKUR Í SETTI



Verð áður: 15.900 kr.
**Tilboðsverð
9.900 kr.**

FLUGFREYJUTASKA
Litir: Blátt, svart og rautt
4.990 kr.

Munið ferðaleik
Pennans-Eymundsson og Úrvals-Útsýnar við drögum 30. júní!



Tilboðin í bæklingnum gilda til 30. júní.



Eymundsson

Tilboðin gilda til 30. júní eða á meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



AEG
Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar.

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS



RÁDIO NAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
BRÆÐURNIR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON
SMÁRALIND
UMBODSMENN UM LAND ALLT

Barnabækur og barnamenning


! Kl. 21.00

Hljóðlistahátíð stendur nú yfir í Klink og Bank og er næsta helgi sú næstsíðasta sem sýningin stendur yfir. Á sunnudaginn er síðasti fyrirlesturinn sem haldinn er á hátíðinni en þá mun raf- og hljóðlistamaðurinn Andrew McKenzie, sem starfar undir nafninu The Hafler Trio, halda listamannspjall í Klink og Bank klukkan 21.00. Allir eru velkomnir.

menning

menning@frettabladid.is

Annað hefti Tímarits Máls og Menningar árið 2005 er tileinkað börnum og barnamenningu. Meðal efnis í heftinu er viðtal við Þorvald Þorsteinsson rithöfund sem ber yfirskriftina „Evin-tyrin fjalla um kjarna mennskunnar“, en fjórða bók Þorvaldar um Blíðinn kom út fyrir síðustu jól en útgáfuverðurinn af bókunum hefur verið seldur alla leið til Grikklands og Ungverjalands. Eins er þar að finna tvær yfirlitsgreinar eftir þær Þuríði Jóhannsdóttur og Önnu Þorbjörgu Ingólfsdóttur um barnabókaútgáfu ársins 2004. Auk þess er að finna í heftinu ljóð eftir Gerði Kristnýju, brot úr dagbókum Stefáns Jónssonar rithöfundar, grein eftir Dagnýju Kristjánsdóttur um óhugnað í íslenskum þjóðsögum og nýjum barnabókum, smásögu eftir Hermann Stefánsson og margt fleira. Ritstjóri er Silja Aðalsteinsdóttir en gestaritstjóri þessa heftis er Sigríður Gunnarsdóttir.



EKKI MISSA AF...

...göngu um miðbæ Reykjavíkur klukkan 20.00 þar sem ljósmyndir Magnúsar Ólafssonar frá árunum 1900 til 1930 verða í aðalhlutverki. Reykjavík Magnúsar verður borin saman við Reykjavík nútímans. Lagt upp frá Geysishúsinu, Vesturgötumegin.

...tónleikum hljómsveitarinnar Dúndurfréttir á Gauki á Stöng klukkan 21.00.

...kynngimgagnaðri Jónsmessuvöku í Fjölskyldugarðinum milli klukkan 23.00 og 01.00 í kvöld. Ókeypis inn.

BÍTL

 Tónleikurinn

BORGARLEIKHÚSIÐ

 Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

 e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhuis.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhuis.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.



JÓN SIGURBJÖRNSSON Jón leikur bóndann á síðasta bænum í dalnum en með önnur hlutverk í myndinni fara Kristjana Vagnsdóttir, Sigurður Skúlason, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Arnheiður Steinþórsdóttir.

Síðasti bærinn verðlaunaður

Stuttmynd Rúnars Rúnarssonar hlaut aðalverðlaunin á stærstu stuttmyndahátíð Spánar, Huesca International Film Festival.

Keppnin er ein af stærri stuttmyndahátíðum í heimi, en um 3000 stuttmyndir voru sendar í keppnina og um 50 voru valdar til sýninga á hátíðinni. Í kjölfar verðlaunanna er myndin komin í forval fyrir Óskarsverðlaunin, en einungis rötgrórnar hátíðir opna dyrnar fyrir stuttmyndir inn í Óskarinn. „Þetta á eftir að auka dreifingu myndarinnar í Suður-Evrópu til að byrja með. Þetta er ágætis „búst“ fyrir myndina og sjálfan mig,“ segir Rúnar Rúnarsson.

Danzante-verðlauninum sem *Síðasti bærinn* hlaut fylgir 9.000 evra verðlaunafé en myndin fékk einnig sérstaka viðurkenningu frá dómurum í keppninni. Stuttmynd Rúnars segir frá öldruðum íslenskum bónda sem býr ásamt konu sinni einn í dal nokkrum innan um eyðibýli, en mikið er þrýst á hjónin að flytjast í þéttbýlið.

„Það eru um það bil tíu eða ellefu ár síðan ég gerði mín fyrstu stuttmynd með Grími Hákonarsyni, sem var núna á Cannes með stuttmyndina sína. Við höfum unnið mikið saman. Síðan tók egóið yfir og við byrjuðum að gera eigin myndir. En þetta er í fyrsta skipti sem ég hef haft einhvern pening til að gera þetta af alvöru, með ZikZak kvikmyndagerð að baki

mér,“ segir Rúnar en myndin fékk einnig styrk frá Kvikmyndastöð Íslands, Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum og sænska sjónvarpinu. Rúnar er nú að fjármagna næstu stuttmynd sem verður einnig gerð í samstarfi við ZikZak. Hún verður líklega tekin í Danmörk næsta sumar, þar sem Rúnar býr.

Rúnar er sjálfmenntaður kvikmyndagerðarmaður en fer í Danska kvikmyndaskólann í haust. „Það er gott fyrir mig að komast inn í smá bómull í fjögur ár.

Ég býð bara spenntur eftir því að komast í skóla og gera myndir sem bíða,“ segir Rúnar en hann hefur setið við skriftil og á tilbúnn stafla af hugmyndum. ■

JÓNSMESSU HÁTÍÐ

 Í HAFNARFIRÐI

Í dag ...

FIMMTUDAGUR 23. júní

19-22 Sagna- og skemmtikvöld Félags sagnapula í Íþróttahúsinu Strandgötu. Aðgangseyrir kr. 1.000. Nánari upplýsingar í síma 694 2785.

20-23 Jónsmessuævintýri. Það er vel við hæfi að halda Jónsmessuhátíð í Helliggerði innan um álfa og aðrar vættir sem þar halda sig jafnan og eru sérstaklega sýnilegar þetta kvöld.

Benedikt búálfur skemmtir börnunum Kvennakór Hafnarfjarðar syngur undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg

Jóhanna Guðrún syngur nokkur lög

Kristbjörg Kari flytur eigin tónlist

Gaflarakórinn syngur undir stjórn Kristjönu Ásgeirsdóttur.

Heimstónlistardiskó. László Hevesi kynnir heimstónlist og virkjar gesti í að slá taktinn. Fólk er hvatt til að mæta með ásláttarhljóðfæri eða hvað eina sem hægt er að tromma á.

Five4Vibes. Þessi frábæra hollenska reaggjú hljómsveit sem er þekkt fyrir lífluga sviðsframkomu og rythmatónlist af bestu gerð leiðir okkur inn í Jónsmessunóttina og lýkur þar með hátíðinni.

Kynnir á hátíðinni: Halli í Botnleðju

Bjartir dagar

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 • Sími 585 5500 • www.hafnarfjordur.is

Ferðamálaráð Íslands

spb

Af grús og listaverkum

Sýningin Grús, sem er samsýning myndlistarmannanna Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, Helga Þórssonar og Magnúsar Loga Kristinssonar, er opnuð í Norræna húsinu til þess að klukkan 18. Á sýningunni verða sýndar innsetningar, myndbandsverk og gjörningar. Sýningarstjórar sýningarinnar, þær Rúrí og Hanna Styrmissdóttir, völdu listamenninna þrjá til að halda sýninguna og skírskotar nafn hennar til þess að þegar Norræna húsið var byggt átti að fylla upp í rýmið sem nú hýsir sýningarsalinn með grús, sem er ofaníburður, en í staðinn er rýmið nú fyllt listaverkum þremminganna.

„Sýningin er dálítið óhefðbundin fyrir Norræna húsið því venjulega eru sýningarinnar þar frekar hefðbundnar.

Þetta er afskaplega litrík sýning



GRÚS Samsýning þriggja listamanna verður opnuð í Norræna húsinu klukkan 18. Listamennirnir eiga það allir sameiginlegt að hafa sótt listnám sitt út fyrir landsteinana.

og glaðleg, það er mikil orka í henni, eiginlega er þetta sumarsýning,“ segir einn listamannanna, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, og bætir því við að hver listamaður eigi sín sjálfstæðu verk á sýningunni sem skeytt er

saman til að mynda eina heild.

Í tengslum við sýninguna verður opnuð vefsíðan www.this.is/Grus opnuð þann 1. júlí.

Sýningin mun standa yfir í sex vikur. ■



GESTALÆTI Hópurinn skipa þær Anna Helga Björnsdóttir, Arnbjörg María Danielsen, Björg Magnúsdóttir, Guðbjörg Sandholt og Guðný Þóra Guðmundsdóttir. Ókeypis er inn á tónleika sveitarinnar, sem hefjast í Iðná klukkan 20.

Gestalæti í Iðná

Tónlistarhópurinn Gestalæti heldur tónleika í Iðná klukkan 20.00 í kvöld. Hópurinn er skipaður fimm ungum stúlkum sem allar stunda tónlistarnám í Reykjavík.

„Við erum búnar að vera að spila saman bróðurpart vetrar og okkur finnst frábært að geta troðið upp og spilað fallega tónlist fyrir fólk í notalegu andrúmslofti því við erum ungar og orkumiklar tónlistarkonur,“ segir Arnbjörg María Danielsen

sópransöngkona, sem er einn af meðlimum Gestaláta.

Dúettinn er skipaður tveimur söngkonum, einni sópran og annarri mezzosópran, tveimur píanóleikurum og einum fiðlu-leikara.

Á tónleikumun munu stúlkurnar leika fjölbreytt verk, meðal annarra eftir þá Bizet, Verdi, Desalla, Grieg, Elgar og Jón Nordal.

Ókeypis er inn á tónleika sveitarinnar. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

21 22 23 24 25

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 20.00 Tónlistarhópurinn **Gestalæti** heldur tónleika í **Iðná**. Hópurinn er skipaður fimm stúlkum. Flutt verða söngljóð, verk fyrir fiðlu og píanó og óperuaríur og dúettar. Ókeypis er inn.
- 21.00 Hljómsveitin **Dúndurfréttir** heldur tónleika á **Gauki á Stöng** ásamt Péttri Ben.
- 21.30 **Oktett Ragnheiðar Gröndal** leikur sígildar djassperlu og blús í nýjum útsetningum Hauks Gröndals á **Græna hattinum** á Akureyri á vegum Jazzklúbbs Akureyrar.
- 22.00 Hljómsveitin **Apparat** leikur á **Grand Rokk**.

OPNANIR

- 18.00 Opnun sýningarinnar **Grús í Norræna húsinu**. Sýningin er samsýning myndlistarmannanna Ásdísar Sílfjar Gunnarsdóttur, Helga Þórssonar og Magnúsar Loga Kristinssonar.

SKEMMTANIR

- 23.00 Kyngimögnuð **Jónsmessuvaka í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** fimmtudagskvöldið 23. júní. Garðurinn verður opnaður klukkan 23:00 og lokað klukkan 01:00. Ókeypis er inn.

SAMKOMUR

- 10.00 **Jónsmessuhátíð** í Helliggerði. Fjölbreytt dagskrá. **Sigurbjörg Karlsdóttir**, sagnakona, tekur á móti leikskólabörnum og fræðir þau um álfa og dulúð Helliggerðis, **Kvennakór Kafnarfjarðar** syngur auk fleiri atriða.
- 20.00 **Miðbær Reykjavíkur** verður skoðaður út frá ljósmyndum **Magnúsar Ólafssonar**. Myndirnar eru frá tímabilinu 1900 til 1930. Göngugarpar fá í hendur ljósrít af myndunum svo auðvelt verði að glöggva sig á þeim stakkaskiptum sem borgin hefur tekið. Lagt verður af stað frá **Geysishúsinu**, Vesturgötumegin.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

traffic

HAFNARGÖTU 30 - KEFLAVÍK

FIMMTUDAGUR Frítt inn

Halli Valli og Smári unplugged

3 í fötu kr. 1.000
5 í fötu kr. 1.500

FÖSTUDAGUR & LAUGARDAGUR

dj Maggi

Frítt inn
20 ára aldurstakmark
Skilríki skilyrði



GENUINE DRAFT

IT'S MILLER TIME.

NASA

FÖSTUD. 24. JÚNÍ '05

HR. ÖRLYGUR OG **PARTYZONE** KYNNA:

RENAISSANCE

JAMES ZABIELA ÁSAMT
DJ. ALFONS OG **DJ. HJALTA**

1500
KALL INN
Í FORSÖLU

FORSAÐ ER HAFIN Í ÞRUMUNNI.
MIÐAVERÐ 1500 Í FORSÖLU

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALURSTAKMARK 20 ÁRA

LAUGARD. 25. JÚNÍ '05

NYDÖNSK

ÚTSKRIFTAR-STÓRDANSLEIKUR

**FRÍTT
INN**

Í TÍLEFNI ÚTSKRIFTAR
HÁSKÓLANEMA BYÐUR
NASA LANDSMÖNNUM
FRÍTT INN!!!

EITT BESTA TÆKIFÆRI
ÁRSINS TIL AÐ DJAMMA!
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

NYJAR UMBÚÐIR!

Kryddsmjórið kitlar bragðlaukanna!

Gott er að hafa mismunandi tegundir af kryddsmjóri við höndina til að töfra fram rétta bragðið hverju sinni. Kryddsmjör er t.d. ómissandi með grillkjötinu, bökuðu kartöflunni, grillaða maískólfinum – eða ofan á snittubrauðið!

Veldu þitt uppáhaldsbragði!

OSTA- OG SMJÖRSALAN SE

www.ostur.is

Spjallað við kýr og striplast í grasinu

Aðfaranótt morgundagsins, Jónsmessunótt, er mikil hjátrúarnótt og kynngimögnuð. Þá eiga selir að fara úr hami sínum og álfar að vera á kreiki. *Borghildur Gunnarsdóttir* kynnti sér hluta af þeirri hjátrú sem kennd er við þessa dularfullu sumarnótt.

Jónsmessan er á morgun. Jóhannes skírari á að hafa fæðst þennan dag og heitir Jónsmessan í höfuðið á honum. Samkvæmt þjóðtrúnni á aðfaranótt hennar, Jónsmessunótt, að vera mjög sérstök og dulúðug. Þá eiga selir að fara úr hami sínum og taka á sig mannsmynd, álfar eiga að vera á kreiki og einnig er það sagt að kýr tali við hvern sem fyrir

verður. Á Jónsmessunótt er einnig sagt að allar meinvættir sofi og máttur þeirra sé í lágmarki. Því á nóttin að vera sérlega hrein og björt. Nóttin er upplögð fyrir vinasamkomu á góðum stað þar sem brugðið er á leik og allri skemmtilegu hjátrúnni fylgt. Ef menn svo rekast á kú geta þeir jafnvel fræðst almennilega um fjósa-lífið.

Að sofa með blómin undir koddanum


Þessi þjóðtrú er líklegast komin frá hjátrúnni um Draumagrasið. Sagan segir að sá sem tína grasið skuli sofa með það undir hægri vanga og þá muni hann dreyma það sem hann langar að vita. Þetta hefur svo þróast yfir í það að sofa með blómategundirnar sjö sem áður voru tíndar undir koddanum og þá mun huldukona vitja manns í svefni og segja til um verðandi maka. Í Sögu daganna er einnig sagt frá því að við Breiðafjörð hafi svokölluð eggjaspá í glasi fyrir ógiftum stúlkum verið þekktur leikur. Þá var glas hálfyllt með vatni, egg brotið í sundur og hvítunni hellað í vatnið. Glasið var svo látið standa hreyfingarlaust yfir nóttina. Hvítan tók þá á sig margvíslegar myndir og úr því var lesið hvaða atvinnu mannsefnið stundaði.



Að sitja á krossgötum


Þetta er ein af þeim aðgerðum sem sagan segir að eigi að framkvæma á Jónsmessunótt en hins vegar finnast engar heimildir um hana í sögubókum. Sumar sögur segja að krossgöturarnar verði að snúa í höfuðáttirnar og ef manneskjan sitji á þeim miðjum á miðnætti rætist allar óskir hennar. Önnur saga segir að þegar menn sitji á krossgötum komi álfar úr öllum áttum og bjóði þeim að koma með sér. Þá er trikkið að gegna engu. Þeir bera manni alls konar gersemar sem má þó alls ekki þiggja því þá verður sá hinn sami vitlaus og tryllist.

Í Sögu daganna er einnig sagt frá því að á Jónsmessunótt eigi að vera unnt að finna svokallaða náttúrusteina. Þá er um að ræða lausnarsteina til hjálpar jóðsjúkum konum eða kúm, óskastein, varnarstein mót öllu illu, lífssteina sem græða hvert sár og hulinhjálmsstein. Aðrir steinar sem hafa verið nefndir í þessu samhengi eru fésteinar, visku-steinar og óhappasteinar. Sagt er að steinarnir fljóti upp úr vötnum og tjörnum á Jónsmessunótt, þið vitið þá hvar þá er að finna.



Að tína náttúrusteina

Í Sögu daganna er einnig sagt frá því að á Jónsmessunótt eigi að vera unnt að finna svokallaða náttúrusteina. Þá er um að ræða lausnarsteina til hjálpar jóðsjúkum konum eða kúm, óskastein, varnarstein mót öllu illu, lífssteina sem græða hvert sár og hulinhjálmsstein. Aðrir steinar sem hafa verið nefndir í þessu samhengi eru fésteinar, visku-steinar og óhappasteinar. Sagt er að steinarnir fljóti upp úr vötnum og tjörnum á Jónsmessunótt, þið vitið þá hvar þá er að finna.



Að tína sjö blómategundir

Í bókinni *Saga daganna* er sérstaklega tekið fram hvaða blómategundir á að tína. Það er í fyrsta lagi lyfjagras, sem einnig kallast Jónsmessugras. Svo átti að tína hornblöðku – við kvefi, maríustakk – við graftarkýlum,

korndún af víði – við sárum á milli tánna, brennisóley – við húðkvillum, fjanda-fælu og mjaðjurt – sem nýta má til að vita hver hefur stolið frá manni. Fyrir þann sem treystir sér ekki til að bregða sér í búning blómasérfræðings og kemba Óskjuhlíðina af blómum má svo sem bara tína einhverjar sjö blómategundir.



Að klifra yfir sjö girðingar

Önnur saga segir að klifra eigi yfir sjö girðingar. Einnig er erfitt að finna heimildir fyrir þessu og ef til vill hefur þetta orðið til í munnmælum manna á milli.

Þessi hjátrú er hins vegar mjög framkvæmanleg. Hún krefst engnar nektar eða nokkurra leiðinda og ef erfitt reynist að finna sjö gaddavirsgirðingar uppi í sveit er vel hægt að grípa til þess ráðs að laumast inn í sjö garða og yfir girðingarnar. Passa sig bara að vera ekki með læti. Nú, ef allt bregst er bara hægt að hoppa sjö sinnum yfir sömu girðinguna.



Að velta sér upp úr dögginni

Döggin á Jónsmessu á að hafa lækningamátt. Samkvæmt gömlu þjóðtrúnni eiga menn að lækna af allri óværu með því að velta sér upp úr henni. Best þykir að velta sér nakinn upp úr dögginni og láta hana þorna á húðinni og þá eiga menn að lækna af kláða og átján öðrum óhreinindum í holdi. Sumar sögur segja að þá eigi einnig að vera hægt að óska sér um leið. Það er því ekki annað að gera en að skella sér út í garð í nótt, rúlla sér nokkrar byltur í grasinu og óska sér alls sem hugurinn girnist. Það getur ekki sakað.

ROAD TO STARDOM

MISSY ELLIOTT GEFUR STURTUSÖNGVURUM STÓRA TÆKIFÆRIÐ
SUNNUDAGA KL. 21:00

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS FER Í LOFTIÐ Á FÖSTUDAGINN

FYLGSTU MEÐ!



Miðnæturhlaup á Jónsmessunótt

Jónsmessuhlaupið verður haldið í tíunda sinn í kvöld og hefst það klukkan tíu. Þátttakan hefur hingað til verið mjög góð og tóku um 500 manns þátt í hlaupinu í fyrra. Hlaupið hefst við sundlaugararnar í Laugardal og lýkur á Laugardalsvelli. Fólk á öllum aldri er velkomið í hlaupið og er hægt að velja á milli þess að hlaupa þrjá kílómetra án tímatöku eða fimm eða tíu kílómetra með tímatöku. Það geta því allir gert sér glaðan dag í Laugardalnum í kvöld og farið þá vegalengd og á þeim hraða sem hentar hverjum og ein-

um. Forskráning fer fram á www.marathon.is og stendur til klukkan tólf á hádegi í dag. Einnig er hægt að skrá sig í anddyri Sundlauganna í Laugardalnum frá klukkan sex til hálfnú í kvöld. Þáttökugjald er 600 krónur fyrir þá sem fara þrjá kílómetra en 1.200 fyrir þá sem kjósa að fara lengra. Frítt er í Laugardalslaugina eftir hlaupið fyrir þátttakendur.

JÓNSMESSUHLAUP Eins og sést á þessari hraustu fjölskyldu sem tók þátt í Jónsmessuhlaupinu í fyrra geta allir tekið þátt.



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



Ókeypissætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

Forðist biðraðir á flugvöllum

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

Ókeypissætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði **Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**.

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00. Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

Finnið rúturnar með okkar merki



Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



Mercedes ML 400
Nýskr. 03.2002 4000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 62 þ.
Hlaðinn aukabúnaði.



BMW 318i
Nýskr. 03.2001 1900cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 51 þ.
Innfluttur nýr af umboði.



HYUNDAI STAREX
Nýskr. 05.2003 2500cc,
3 dyra, bsk., ekinn 42 þ.



LAND ROVER DISCOVERY
Nýskr. 09.1999, 2500 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 128 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 01.2001, 4000cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 70 þ.



RENAULT SCENIC
Nýskr. 08.2002 2000cc,
5 dyra, bsk., ekinn 35þ.



Grjóthálsi 1 bilaland.is

Opið mán-fös 10-18 og lau 12-16

575 1230



MALESAN: Bordeaux á góðu verði

Malesan Bordeaux er vandað vín sem gert er úr þrúgunum cabernet sauvignon, merlot og cabernet franc eða hinna klassísku Bordeaux-blöndu. Vínið hefur fallegan blárauðan lit, er með finlega blómaangan og vott af ávöxtum. Mýkt og góður þroski vénsins staðfestir hvað vínið er þægilegt og auðvelt drykkjar. Þetta vín fer frábærlega með svínakjötinu hvort heldur sem það er grillað eða steikt, en einnig er hægt að njóta Malesan með dökku kjöti og mildum ostum.

Veró í Vínbúðum 1.090 kr.

WOODBIDGE: Eftir meistara Mondavi

Woodbridge Cabernet Sauvignon eftir meistara Robert Mondavi er djúpkrýddað með keim af súkkulaði og anís, sem gefur víninu lakkrískennan þokka. Vínið er þroskað í litlum eikartunnum sem gefa víninu mjúkan eikarkeim og langt lifandi eftirbragð. Vínið hentar vel með nautakjötsteikum og vel krydduðu rauðu kjöti. Yndislegt með súkkulaði og eftirréttum. Sérstaklega gott með ostum.

Veró í Vínbúðum 1.290 kr.



**STÆRRA BLAÐ - NÝTT VERÐ
BARA 499 KR.**

OK 21 - 2005 - 1000 kr 499

SÉÐ OG HEYR!

Aldrei heima hjá sér!
Fjúga úr einu partí í annað!

Jón Asgeir og Ingibjörg
Pálma lífa ótrúlegu þotulífi!

**SJÁÐ LÚXUSNEKKJUNA
ONE O ONE!**

Kúl í Kenya

Sjónvarpsstjarnan Sirri:
Kolbrún Halldórsdóttir
opnar dyrnar:

Bróðkaup Loga og Svanhildar:
GEISLUÐU AF ÁSTI

**LÍFIÐ ER
KARRETTI**

SJÁÐ HANA Í

GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA!

fasteignir

- Á MÁNUÐÖGUM**
- ✓ Fasteignaauglýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins
 - ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
 - ✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins



HALLDÓR SIGHVATSSON Þykir mjög gaman að elda og matreiðir gjarnan ítalskan mat. Þá hika hann ekki við að skipta hefðbundnum mjólkurvörum út fyrir sojavörur.

Mjólkuróþol engin hindrun

Halldór Sighvatsson hljómlistarmaður býr til alveg sérstaka kjötsúpu sem hann nefnir sem sína uppáhalds uppskrift. „Ég verð að nefna kjötsúpuna mína, þó hún sé kannski ekki mjög sumarleg, því hún er rosalega góð á bragðið og í algjöru uppáhaldi hjá heimilsfólki,“ segir hann um ástæðuna.

Halldór segist elda oft heima hjá sér og hann hafi mjög gaman að matargerð almennt. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt fyrir hann að finna hráefni við hæfi því hann er með óþol fyrir öllum kúaaferðum. Slíkt kallast mjólkuróþol og fólk sem þjáist af því getur ekki neytt mjólkurafurða eins og venjulegrar mjólkur, jógurts og osta.

„Í dag er þó ekkert mál að sneiða hjá mjólkurvörum og ég nota sojavörur mjög mikið í staðinn. Matvöruverslanir eru í mikilli sókn hvað þetta varðar og það eru ekki lengur bara sérhæfðar verslanir sem selja sojavörur. Til dæmis bjóða nágrannar mínir í Nóatúni og Nettó upp á gott úrval,“ segir hann.

Dæmi um hvernig hann notar

sojasost í matargerð er grillaðu tómatarinnir hans. „Tómatarinnir eru skornir í tvennt og ég tek aðeins innan úr þeim. Svo set ég nokkra dropa af kryddsósu, til dæmis Nandos peri-peri, og fylli síðan tómatinum með sojaosti, Cheddar eða Mozzarella. Þetta grilla ég þar til tómaturinn og fyllingin eru orðin vel heit.“

Ráð Halldórs til þeirra sem hafa mataróþol er að láta sér ekki fallast hendur því lausnirnar séu úti um allt. „Fyrir þá sem eru að uppgötva að þeir séu með mjólkuróþol get ég bent á að ef þeim finnst asískur matur góður þekkjast mjólkurvörur ekki í asískri matargerð.“

Mjólkurleysi er hægt að bæta upp með öðrum hráefnum og er aðalatriðið að láta hugmyndaflug- ið ráða. „Í kjötsúpunni eru allar magntölur byggðar á tilfinningu en ekki nákvæmum fræðum. Stundum nota ég mjög mikið grænmeti og verður þá úr það sem börnin á heimilinu kalla grænmetiskássuna hans pabba,“ segir Halldór.

SPUNAKJÖTSÚPAN HANS HALLA

6-800 g svínakjöt (hakkasneiðar) en má örugglega nota hvaða kjöt sem er.

- 1 laukur
 - 2 hvítlauksrif (eða meira)
 - 2 teningar gerlaus grænmetisraftur 2 dósir niðursoðnir tómatar skornir í teninga eða maukaðir
 - 1 lítri vatn
 - 2 gulrætur
 - 1 paprika (hálf rauð og hálf gul)
 - 250 g spergilkál
 - 250 g kúrbítur
- Smakkest til með Herbamare kryddsalti og svörtum pipar.

Brúnið kjötið og laukinn í pottinum og setjið marinn hvítlaukinn út í. Svo eru niðursoðnu tómötunum, vatninu og kraftinum bætt við. Látið þetta sjóða í 45 mínútur.

Því næst er restinni af grænmetinu, skornu í hæfilega bita, skellt saman við og allt saman látið sjóða í 10 mínútur til viðbótar.

Súpan er svo smökkuð og krydduð til og gott er bjóða upp á hvítlauksbrauð með.



MATGÆÐINGURINN HLYNUR ÁSKELSSON, CERES 4, TÓNLISTARMAÐUR

Hleypur á meðan lambið eldast

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Hafa grautar. Hann er yfirleitt mín fyrsta máltíð.

Fyrsta minningin um mat? Pönnukök hjá ömmu. Hún bakaði frábærar pönnukök sem mér fannst rosalega góðar og fyrsta minningin er sú að eitt sinn borðaði ég þær þangað til að ég gubbaði.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Lúða í rjómalagaðri appelsínúsósu. Mamma eldar hana yfirleitt á milli jóla og nýárs þegar allir eru komnir með nóg af kjöti.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Já, mér finnst seleri hræðilega vont. Það er eitthvað við það sem er eins og eitir í mínum munn.

Leyndarmál úr eldhúskápnunum? Ég elda besta lambalæri í heimi. Ég set það í stóran járnrott og fylli svo pottinn með kartöflum, rófum og öðru grænmeti. Svo set ég lok á pottinn og hann inn í ofn við 200°C í 2 klukkustundir. Þá fer ég út og hleyp tuttugu kílómetra og það er tilbúið þegar ég

kem til baka. Sérstaklega gott eftir hlaupið því þá er ég svo svangur.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur? Harðfisk með smjöri. Helst steinbít.

Hvað áttu alltaf í ískápnunum? Ég á alltaf kaldar appelsínur. Ég vil geyma appelsínurnar í ísskáp frekar en á borðinu því mér finnst þær bestar kaldar.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér? Bara nóg af vatni.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Ég borðaði einu sinni kanínu í París og svo krókódíl í New Orleans. Í bæði skiptin var maturinn samt óskaplega venjulegur, það var bara tilhugsunin sem var skrýtin.



DROSTDY-HOF: Vinsælasta vínið á Íslandi á kynningarverði

Ekkert vín frá Suður-Afríku hafa náð viðlíka vinsældum og vínin frá Drostdy-Hof. Rauðvínið Cape Red í 3 lítra kössum hefur slegið í gegn og hefur undanfarið tvö ár verið mest seldi vínið í Vínbúðum. Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vinnendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að héldust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði, sérstaklega ef borin eru saman verð og gæði.

Drostdy-Hof Cape Red

Kennt við Góðrarvonnarhöfða, blanda úr Pinotage o.fl.

afrískum þrjútegundum. Alhliða ávaxtaríkt vín þar sem uppruninn leynir sér ekki. Djúprautt vín með góða meðalfyllingu, mjúkt og ávaxtaríkt, með krydduðum jarðarkeim. Passar flestu kjötmeti.

Kynningarverð á sumardögum 3.290 kr.

Drostdy Steen Chenin Blanc

Chenin blanc þrúgan nefnist steen á afrikaans, máli S-Afríkumanna. Rætt er um þessa þrúgu sem næstu tiskubrúgu í heiminum. Frísklegt hvítvín með góðan ferskan ávöxt og tónað af blómkenndum kryddum. Gott með fersku fiskfangi.

Kynningarverð á sumardögum 3.090 kr.



VEITINGASTAÐURINN

SÍAM DALSHRAUNI 11,
220 HAFNARFIRÐI



SÍAM er bæði fyrir þá sem vilja sitja inni og njóta stemningarinnar og þá sem eru á hraðferð og vilja taka matinn með.

Hefðbundið taílenskt



Hvernig er stemningin? Síam er veitingastaður fyrir alla þar sem stemningin er létt og afslöppuð.

Skemmtilega framaní blær er á staðnum þar sem innréttingin er í austurlenskum stíl með handútskornu tekki og mikið af trjám og plöntum. Hefðbundin taílensk tónlist ómar í bakgrunni. Eigendur staðarins hafa margra áratuga reynslu af taílenski matargerð og opnuðu fyrsta taílenska veitingastaðinn á Norðurlöndum fyrir um tuttugu árum. Á Síam bjóða þau upp á ljúffengan mat á góðu verði sem bæði er hægt að borða á staðnum og taka með heim.

Matseðillinn: Matargerðin byggir á ævagömlum hefðum og matseðlinum eru eingöngu hefðbundin taílenskir réttir. Boðið er upp á mikið úrval af réttum með lambakjöti, nautakjöti, kjúklingi og sjávarfangi. Matreiðslumeistarar Síam nota engar mjólkurvörur í matargerð sína og ekkert mjólk eða annað slíkt til að þykkja sósar.

Vinsælast: Nautakjöt eða kjúklingur í panaeng-kryddblöndu. Einnig eru hneturéttirnir vinsælir.

Réttur dagsins: Enginn sérstakur réttur dagsins heldur er bara pantað af matseðli.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá brefalöggunni), þú getur þá hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhverjum tímann ekki.

NÚMÉRID SEM EG
: ÉTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI: **550 500**

SONY

Sumartilboð í Sony Center

Alvöru klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja!



DSR-HC22

Stafræn myndavél

- 2,5 snertiskjár
- 20x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt.



DSR-PC55

Stafræn myndavél

- 3" snertiskjár
- 12x optical Carl Zeiss linsa
- Tengistöð einfaldar allar tengingar

7.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
89.940 krónur staðgreitt.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

Battlefield 2 fylgir með BTnet áskriftum í verslunum BT*



4Mb/s
extra light

ADSL V16

•• Ótakmarkað
niðurhal!

V16 extra
light

•• 4 Mb/s hraði
•• 3 pósthög

! Afnot af þráðlausum beini
! Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

3.890 kr.

á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

•• hafðu hraðann á
taktu fleiri bita!



BTNET

www.btnet.is

*Tilboð gildir á meðan birgðir endast og aðeins í verslunum BT.




Official Battlefield 2 EA Server.
Aðeins á www.BTnet.is.



Stjörnur fara í stríð

Það að eiga nógu mikið af peningum, slatta af aðdáendum og vera elskaðar af umheiminum nægir ekki stjörnunum. Þær verða jú að eiga sína óvildarmenn. Stjörnurnar sem skína geta verið vinir eina stundina en svarnir óvinir þá aðra. Hver man ekki eftir því þegar Noel Gallagher úr Oasis kallaði Robbie Williams „feita dansarann úr Take That“?

Þeir eru þó langt því frá að vera einu óvinirnir úr heimi fræga fólksins. Nýlegasta dæmið er sennilega Paris Hilton og Nicole Richie. Þær virtust óaðskiljanlegar og gerðu saman sjónvarpsþætti. Þær talast ekki við lengur eftir að Richie setti kynlífsspólu Hilton í tækið að viðstöddu margmenni í teiti sem hún hélt. heimild: sky.com



NOEL OG ROBBIE Noel Gallagher hefur líkt og bróðir hans Liam verið duglegur að hjakkast í Robbie Williams. Hann hefur meðal annars kallað Íslandsvininn „feita dansarann úr Take That“.



HILARY DUFF OG LINDSAY LOHAN Hafa ekki yrt á hvor aðra eftir að þær komust að því að þær voru að hitta sama náungann, Aron Carter.



Paltrow og J-Lo Þær stóllur hafa eldað grátt silfur saman. J-Lo lét hafa eftir sér þegar Gwyneth byrjaði að hitta Brad Pitt að hún heyrði meira um samband þeirra en leik Paltrow. Gwyneth lét sér tækifærið ekki úr greipum ganga þegar hún var með in um lýsa fullkominni konu fyrir Ben Affleck en þá voru hann og J-Lo að hittast. „Einhver strippari. Að minnsta kosti kona sem færir honum bjór á bikini.“



PARIS OG NICOLE Voru eitt sinn perlulinkonur. Þær talast ekki lengur við eftir að Nicole Richie sýndi gestum í teiti hjá sér kynlífsmyndbandið fræga af Paris.



HÖLT HÓRA Rokksveitin hressa Hölt hóra gefur í dag út sína fyrstu EP-plötu.

Ástarþema út í gegn hjá Haltri hóru

Sunnenska rokksveitin Hölt hóra gefur í dag út EP-plötuna Love Me Like You Elskar mig, sem hefur að geyma sex ný lög. Platan átti upphaflega að koma í október en vegna ýmissa tafa og komu nýs bassaleikara kemur hún út nú, rúmu hálfu ári síðar.

Að sögn Atla Fannars Bjarkasonar, söngvara Haltrar hóru, eru meðlimir sveitarinnar hæstánægðir með útkomuna. „Þetta er ástarþema út í gegn sem kemur fram í fjölmörgum myndum á plötunni,“ segir Atli. Hann vill samt ekki meina að allir meðlimir sveitarinnar séu ástfangir upp fyrir haus. „Það eru tveir ástfangir í sveitinni en ætli við hinir viljum bara ekki vera það.“

Eldri lög með Haltri hóru á borð við hið vinsæla Vændiskonan og Muddy rokk og ról eru ekki

á nýju plötunni. Atli segir þau einfaldlega ekki hafa passað inn í þetta skiptið þó svo að lögin séu í miklu upphaldi hjá þeim félögum. „Þessi plata er í fjölbreyttum stíl. Við flökkum mikið á milli og erum að prófa okkur áfram. Þarna er til dæmis diskórokk og síðan eitthvað allt annað næst.“

Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru fyrirhugaðir eftir Hróarskelduhátíðina sem verður haldin um næstu mánaðarmót. Þar verða tveir meðlimir Haltrar hóru í leit að innblæstri fyrir framtíðina, sem ætti að vera björt hjá þessari efnilegu hljómsveit.

Love Me Like You Elskar mig kostar 1000 krónur í næstu plötubúð en 12 tónar sjá um dreifingu hennar. ■

Victoria reynir fyrir sér í kvikmyndaleik

Victoria Beckham ætlar að reyna fyrir sér í kvikmyndaleik á ný en hún lék jú sjálfa sig í kvikmyndinni Spice World fyrir átta árum.

Hennar nýjasta afurð verður í kvikmynd gamanleikarans Steve Coogan, sem einhverjir kynnu að kannast við úr kvikmyndinni 24 Hour Party People. Á hún að leika söngdívuna sem reynir að komast í viðtal hjá einum af fjölmörgu persónum Steve Coogan,

útvarpsmanninum Alan Partridge.

Victoria er þó ekki eina poppstjarnan sem ætlar að skipta um starfsvettvang því ástralski söngfuglinn Natalie Imbruglia hefur tekið að sér aðalhlutverk í kvikmyndinni Elise.

Hún hefur ögn meiri reynslu af leik en sú enska því hún lék aðstoðarmann Johnny English í samnefndri kvikmynd og þá hefur hún að sjálfsögðu leikið í Neighbours. ■

Örugg skemmtun

Þetta er líka skemmtun sem borgar sig en Saloon notar ekki nema 6,8 ltr á 100km í blönduðum akstri.

DVD ferðaspilari og dráttarbeisli fylgir Saloon



Renault Megane Saloon, 4 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur með DVD ferðaspilara og dráttarbeisli. (Tilboð gildir á meðan birgðir endast.)

Þú eignast hann fyrir **kr. 1.920.000**

Bílasamningur **kr. 19.990** á mánuði*

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.



Með bílinn handa þér

MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES



B & L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

98.9
BYLGJAN
- hjört og brosandí

KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ OLÍS OG ÍSLANDBANKA

Stuðmenn Hildi Völu

OG FJÖLLEIKINN

Íslandshott 2005

SKRÁÐU ÞIG Í
KEPPNISGREINUM
EINS OG...

Íslandshott 2005 verður á
eftirtöldum

MIDGARDI föstudaginn 24. júní * **SJALLANUM laugardaginn 25. júní**

Glott
Hraðpúsl
Tungubrjót *
Húlahopp *
Hraðát
Svipbrigðaskipti
Svolgur
Bókastafla á höfði
Raddsviðsvídd
Mittismál
Öskurkraft
Tattúmagn
Störu
Olnbogasleikja
Fótastærð
Sjómann
Krónusnúning
eða í frumlegar
nýbröttagreinar
að eigin vali

Sigursælustu
þátttakendurnir
birtast í þættinum
Ísland í bítíð
á Stöð 2

Veljum
Fjölleikameistara
allra landshluta til
þátttöku í fyrsta
Fjölleikamótinu
á Íslandi sem haldið
verður í Reykjavík
26. ágúst 2005

Þátttakendur
eru boðsgestir á
skemmtunum
Stuðmanna og
Hildar Völu
hvarvetna á
landinu

25. júní Akureyri
Föstudagurinn 1. júlí Borgarnes
Laugardagurinn 2. júlí Bolungarvík
Föstudagurinn 8. júlí Selfoss
Laugard. 9. júlí Vestmannaeyjar
Föstudagurinn 15. júlí Grímsey
Laugardagurinn 16. júlí Hrísey
Föstudagurinn 22. júlí Mosfellsbær
Laugardagurinn 23. júlí Reykjavík
Föstudagurinn 29. júlí Kópavogur
Laugardagurinn 30. júlí Laugardalur
Laugardagurinn 27. ágúst Seltjarnarnes
Sunnudagurinn 31. júlí Akureyri

**STEFNT ER Á
HEIMSMETABÓK
GUINNES!!!!**

Glæsileg
verðlaun í boði
m.a.
Feneyjaferð
fyrir tvo

Skráðu þig strax á islandshott.is



ÍSLANDBANKI



98.9
BYLGJAN
- hjört og brosandí

WAR OF THE WORLDS SMÁRA BÍÓ
INNRAÐIN HEFST 29 JÚNÍ

FRUMSYNING
Eru allir klárir í ævintýralega myndö ferðalag? Það sem getur farið úrskelis, fer úrskelis!
Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem fór beint á toppinn í USA.

Hinn eini rétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Frábær gamanmynd sem fór beint á toppinn í USA.

Siminn

guesswho

Sýnd kl. 3.30, 5.45, 8 OG 10.20

Yfir 22.000 gestir!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í Lúxus kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 3.30 m/isl. tali

Dolby Digital THX bió.is – allt á einum stað

REGNBOGINN Mr & Mrs Smith
SÍMI 551 9000

FRUMSYNING
Hinn eini rétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Frábær gamanmynd sem fór beint á toppinn í USA.

Siminn

guesswho

Sýnd kl. 6, 8.30 og 10.40

Yfir 22.000 gestir!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Yfir 36.000 gestir
Aðsóknarmesta mynd ársins

Yfir 36.000 gestir
Aðsóknarmesta mynd ársins

Sýnd kl. 6 og 9 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

WAR OF THE WORLDS LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus
INNRAÐIN HEFST 29 JÚNÍ Sími 553 2075

Frá leikstjóra Bourne Identity

Mr. & Mrs. Smith

„Skotheld frá A-Ö“
„Afþreying í hæsta klassa“
*** 1/2 K&F- XFM
*** Blaðið „Prælgóð skemmtun“
*** O.Ö.H. DV
*** P.P. FBL

Hinn eini rétti
Hefur aldrei verið eins rangur!
Frábær gamanmynd sem fór beint á toppinn í USA.

Siminn

guesswho

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.i. 14

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Frábær grínmynd frá leikstjóra Legally Blonde
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

MONSTER -in-LAW

Sýnd kl. 6 og 8

www.laugarasbio.is

T O M C R U I S E

A STEVEN SPIELBERG FILM

WAR OF THE WORLDS

PARAMOUNT PICTURES AND DREAMWORKS PICTURES PRESENT AN AMBLIN ENTERTAINMENT PRODUCTION A STEVEN SPIELBERG FILM TOM CRUISE WAR OF THE WORLDS DANIEL CRAIG CAROL MULLER CINDY

FARÐU FREMST Í RÖÐINA MEÐ MASTERCARD

Vertu fyrst/ur til að tryggja þér miða á stórmyndina War of the Worlds, eingöngu fyrir handhafa MasterCard. Þeir fyrstu sem kaupa miða með MasterCard korti fá 2 miða á verði eins. TAKMARKAÐUR MIÐAFJÖLDI!
Veldu þér tíma og bíó við þitt hæfi hér fyrir neðan og tryggðu þér miða með MasterCard.

	LAUGARAS BÍÓ	ALFABAKKA SAMBÍÓ	REKLABÍÓ	SMÁRA BÍÓ	BORGARBÍÓ	REKLABÍÓ SAMBÍÓ
Mið. 29. júní	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20	Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30	Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11	Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30	Kl. 5:45, 8 og 10:20	Kl. 8 og 10:30
Fim. 30. júní	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20	Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30	Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11	Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30	Kl. 5:45, 8 og 10:20	Kl. 8 og 10:30
Fös. 1. júlí	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20	Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30	Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11	Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30	Kl. 5:45, 8, 10:20 og 12:30	Kl. 5:30, 8 og 10:30
Lau. 2. júlí	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20	Kl. 2, 3:20, 5:40, 8 og 10:30	Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11	Kl. 1:30, 4, 6:30, 9 og 11:30	Kl. 3, 5:30, 8, 10:20 og 12:30	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:30
Sun. 3. júlí	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20	Kl. 2, 3:20, 5:40, 8 og 10:30	Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11	Kl. 1:30, 4, 6:30, 9 og 11:30	Kl. 3, 5:30, 8, 10:20 og 12:30	Kl. 3, 5:30, 8 og 10:30

† Sýnd í VIP á sama tíma
** Sýnd í VIP á sama tíma enna enni B.2

TVEGGJA DAGA MASTERCARD FORSALA HEFST Í DAG!

MasterCard

Þvíkluðnar MasterCard
www.thvikludnar.is



APPARAT Hjólsmveitin Apparat mun spila á Innipúkanum um verslunarmannahelgina.

Innipúkinn í fjórða sinn

Innipúkinn verður haldinn í fjórða sinn um verslunarmannahelgina. Hátíðin verður haldin á skemmtistaðnum Nasa og stendur nú yfir í tvo daga í stað eins. Hefst hún laugardaginn 30. júlí og lýkur aðfaranótt mánudagsins 1. ágúst.

Á meðal þeirra sem spila verða Blonde Redhead, sem hélt tónleika hér á landi í fyrra, Trabant, Singapore Sling, Mugison, Hjálmar, Jonathan Richman, Vonbrigði, Apparat og Hudson Wayne. Miðasala á hátíðina hefst um næstu mánaðamót og verður miðaverði stillt í hóf. ■



FUTURE FUTURE Rokksveitin Future Future spilar á Bar 11 annað kvöld.

Fjöldi sumartónleika

Sumartónleikaröðin Grapevine Has Bad Taste heldur áfram annað kvöld með tónleikum Future Future og Ókindar á Bar 11. Ókind er að ljúka upptökum á sinni annarri plötu en sú fyrsta, Heimsendi 18, kom út fyrir rúmum tveimur árum.

Á föstudag kl. 17.00 spilar Byltan síðan í Galleri humar og frægð. Byltan hét áður Blúsbyltan en hefur nú breytt yfir úr blúsnum í poppið. Á laugardaginn kl. 15.00 spilar loks Stranger í Galleri humar og frægð en hann gaf á síðasta ári út plötuna Paint Peace. ■

www.sambioin.is

STARSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGAFORGI • S. 530 1919 • www.huskolabo.is

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE LIAM NEESON KATIE HOLMES GARY OLDMAN and MORGAN FREEMAN

POWERSÝNING Í SAMBÍONUM KRINGLUNNI KL. 11

BATMAN BEGINS

BATMAN, EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR!

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
BATMAN BEGINS KL. 3.20-4.5-6.20-7.8-9.20-10-10.50 B.I. 12	BATMAN BEGINS KL. 8-10.40	BATMAN BEGINS KL. 3.30-5.10-6.30-8.10-9.30-11
BATMAN BEGINS VIP KL. 5-8-10.50 B.I. 12	MR. AND MRS. SMITH KL. 8-10.15	HOUSE OF VAX KL. 10.30
A LOT LIKE LOVE KL. 3.45-6-8.15-10.30		THE WEDDING DATE KL. 8
HITCHHIKER 'S GUIDE... KL. 8-10.10		THE ICE PRINCESS KL. 4-6
THE WEDDING DATE KL. 6		
SVAMPUR SVEINSSON (isl. tal) KL. 4		
	AKUREYRI	
	BATMAN BEGINS KL. 5-8-10.40	
	A LOT LIKE LOVE KL. 6-8	
	HOUSE OF VAX KL. 10	

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 8900 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

FRÁBÆR SKEMNTUN SAMBÍOIN

Háskólabíó

Sjipp og hoj

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Þetta eru nýjustu þátttakendurnir í keppninni um bestu bresku meðalmennskurokksveitina. Í London keppast blöðin við að hrósa þeim og plötufyrirtæki þeirra hefur svo mikla trú á sveitinni að auglýsingar hanga víðs vegar í neðanjarðarlestarstöðvum um borgina. En það er eins með British Sea Power og flestar þær gítar popp/rokk sveitir sem sækjast eftir bresku krúnunni, það er einfaldlega ekkert sérstakt við þessa sveit. Þar á ég ekki endilega við að hún sé leiðinleg, en maður hefur bara heyrð í 300 svona sveitum áður. Eitt og eitt lag er ágætlega grípandi, en hljómur, frágangur og

allt yfirbragð er það stíft í hefðina að fyrir vikið er ekkert spennandi. Þetta er eiginlega fullkomin blanda af The Coral og Oasis, eins og þeir hljóma núna.

Ég er með kenningu um það af hverju þetta er svona með rokk-sveitir í Bretlandi. Sönglagahefðin er svo rík að hún stjórnar nánast öllu þegar kemur að meginstraumnum. Ef það er ekki hægt að syngja lög tónlistarmanna úr fótbolta-stúkunni eru þeir taldir undarlegir og afgreiddir sem tilgerðalegir. Þetta verður til þess að þær sveitir sem dreymir um frama hér þora ekki annað en að styðjast við sömu gölluðu formúlu og Oasis, Coldplay eða leirkallarnir í Keane.

Guði sé lof fyrir það hversu ríkt

það er í skapandi tónlistarmönnum á Íslandi að vera á skjón við umhverfi sitt. Þess vegna er áhugi tónlistarheimsins á litla skerinu okkar svona mikill.

Niðurstaðan er því, ef þú hefur gaman af léttu, einföldu bresku rokki sem rennur í gegn án þess að þú finnur nokkuð fyrir því, þá er þetta plata fyrir þig.

Birgir Örn Steinarsson



BRITISH SEA POWER: OPEN SEASON

Niðurstaða: Það er ekki mikil von í nýjustu von Bretla. Ef þetta er afli breska sjóveldisins, þá legg ég til að við hendum af stað öðru þorskastríði, því við myndum valta yfir þá.

Uppgjör við ástina

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Eins og varla hefur farið framhjá mörgum skildi Bubbi við eiginkonu sína til margra ára fyrir nokkru síðan. Hann tilkynnti um svipað leyti að hann ætlaði í samstarf með Barða Jóhannssyni, sem hefur gert góða hluti í hljómsveitinni Bang Gang.

Tvær plötur komu út úr samstarfinu við Barða og virðast þær vera nokkurs konar uppgjör Bubba við ástarmál sín. Þannig er fyrri hluti plötunnar

Ást lofgjörð Bubba til eiginkonunnar fyrrverandi. Hann biður afsökunar á misgjörðum sínum á opinskáan hátt en á síðari hluta plötunnar virðist hann vera búinn að sætta sig við orðinn hlut og sjá að tími er kominn til að líta fram á veginn.

Samstarf Bubba við Barða hefur greinilega heppnast vel en þó hefði ég viljað heyra sterkari áhrif frá Barða í fleiri lögum. Þau sjást best í upphafslaginu frábæra Ástin mín, Þú ert og í Fallegur dagur. Stemningin í lögnum, sér í lagi hinu fyrstnefnda, er í ætt við tónlist

frönsku sveitarinnar Air; gríðarlega sjarmerandi og afslöppuð.

Í flestum öðrum lögum er Bubbi á kunnuglegri slóðum en þar voru bestu lög in 40 ár, hið léttu Hvað sem verður og Stór pakki, sem hafði að geyma hnitmiðaðan og fallegan texta.

Freyr Bjarnason



FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppeldishæfileikar Sharon Stone eru alvarlega dregnir í efa af bresku pressunni eftir atvik í síðustu viku. Leikkonan, sem er stödd í London þessa dagana að taka upp framhald *Basic Instinct*, ákvað að skella sér út að borða og skildi son sinn eftir í bílnum, sofandi í tvo klukkutíma. Bílstjórinn var í nágreppi bílsins en sá maður hefur vist litla sem enga reynslu af barnapössun.



Jade Jagger, dóttir Micks Jagger, og Kate Moss eru svarnar óvinkonur. Þegar þær voru yngri voru þær bestu vinkonur en það slettist heldur betur upp á vinskapið þegar Jade komst að því að þáverandi kærasti hennar, Dan Macmillan, væri að halda framhjá henni með Kate. Jade og Kate eiga mikið af sameiginlegum vinum en mæta aldrei á viðburði þar sem þær gætu mögulega hist.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Bassaleikari Blur, Alex James, hefur sagt frá því að meðlimir hljómsveitarinnar séu hver að lög-sækja annan, þvers og krus. „Þetta er leiðindaástand. Eg hélt að við gætum sæst og spilað saman á Live8, en nei aldeilis ekki,“ sagði Alex. Hann sagði umboðsmann sinn og lögfræðing vera næst taugaáfalli af álaginu og ástandið í herbúðum Blur væri vægast sagt slæmt.



Nýjar vörur í hverri viku



Opið Virka daga 10-18 Laugardaga 11-16



ÚTIVIST&SPORT

varslanir / hápa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450
Keflavík Hafnarvegur 25 S. 421-3322

Áhrir sölustaðir:
Ísafjörður Hafnarhúsið S. 456-3245
Reykjarfjörður Molinn S. 474-1400
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

TREK NAVIGATOR 100 - dömu/herra
Verð kr. 34.521,-

ÖRNINN

STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Værsktaði Sími 588 9891

www.orninn.is

NÚ VERÐUR GAMAN Á NETINU!

HEINEKEN Á ÍSLANDI OPNAR NÝJAN OG SPENNANDI VEF

Farðu inn á www.heineken.is og taktu þátt í gleðinni
Á vefnum verða fréttir og freistandi tilboð, allt sem þú þarft að vita
um skemmtanálífið, hverjir eru hvar, hvað er að gerast og hvernig.
Heitustu barirnar, bestu barþjónarnir og skemmtilegasta fólkið.

Skráðu þig á póstlistann og þú getur átt von á ísköldum vinningum.
Mættu á opunarhátíð Heineken.is á Sólon í kvöld
og taktu þátt í gleðinni.



Heineken.is er fyrir þá sem vilja gera lífið enn skemmtilegra....enn grænna....með Heineken

www.heineken.is



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Frelsi

Mikið er talað um frelsi. Fólk vill meira frelsi á öllum sviðum. En frelsið er vandmeðfarið. Og oft er það frelsi sem talað er um ekkert frelsi heldur helsi. Til hvers að vera frjáls ef maður er týndur? Og hvað er frelsi?

HINN HEIMSFÆGI munkur Thomas Merton sagðist vera frjálsari innan klausturveggjanna en utan þeirra. Frelsi grundvallast á einstaklingsábyrgð.

FRELSI er gott en það er ekkert frelsi án ábyrgðar. Hver einstaklingur þarf að vera algjörlega ábyrgur til að geta verið frjáls. Það er ekki hægt að gefa frelsi, frelsi er afstaða. Öllum finnst frelsi spennandi og skemmtilegt en flestum finnst ábyrgð leiðinleg.

ÁBYRGÐ fæst með þroska, þroski fæst aðeins með erfiði. Ábyrgð er að bregðast við, að horfast í augu við hlutina og þora að sjá það sem er satt. Maður verður að hafa fyrir því að þroskast. Og oft er þroskinn sársaukafullur. Og samfélag sem berst gegn og jafnvel afneitar sársauka á oft erfitt með að þroskast.

MARGT FÓLK notar frelsi sem skálkaskjól til að vera ábyrgðarlaust. Sumir nota frelsi sem afsökun fyrir því að ala ekki upp börnin sín, yfirleitt vegna þess að þeir nenna því ekki. Mér finnst margir sem tala hvað mest um frelsi misnota frelsið til að flýja undan ábyrgð. Aðrir nota það sem söluvöru eða leið til að kaupa sér vinsældir.

EF ÉG fer í helgarferð til London get ég ekki skilið krakkana mína eina eftir heima nema ég treysti þeim og finni að þau séu ábyrg. Ef ég treysti þeim ekki er það alls ekki til þess að vera leiðinlegur heldur vil ég forðast að þau meiði sig eða skemmi fyrir sér og mér. Þau vilja auðvitað fá frelsið sem fylgir því að vera ein heima en þau fá það ekki án ábyrgðarinnar sem fylgir því líka.

FRELSI án ábyrgðar leiðir til tortímingar. Ábyrgðarleysi leiðir til ánauðar. Það er eins og að taka páfagaukinn sinn útúr búrinu sínu og henda honum útum gluggann undir því yfirsikinni að maður sé að frelsa hann. Trúin mín frelsaði mig frá því kaosi sem ég lifði við og ég er frjáls á meðan ég er ábyrgur. Heimurinn verður ekki frjáls fyrr en fólk lærir að elska náungann eins og sjálft sig.

jongnarr@frettabladid.is

TÝNDUR



Lýst er eftir Hauki Hanssýni. Haukur ætlaði að hitta félagi sína fyrir tuttugu mínútum. Hann lofaði að vera ekki seinn því þeir ætluðu að horfa á leikinn og kíkja svo eitthvað niður í bæ. Hann hefur ekkert látið vita af sér og það eru allir orðnir hundfúllir út í hann. Vonandi er hann ekki farinn að láta þessa stelpu stjórna öllu. **Ef þú sérð Hauk, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

SOS LÁTTU VITA AF ÞÉR



SOS LÁN
Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LÁN** í síma 1400.

SOS HRINGDU
Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma 1400.

og

vodafone

Heyrumst!